

Þriðjungur fer á heilsugæslu út af geðrænum vandamálum

Um hundrað manns bíða eftir sálfræðipjónustu í formi hópmeðferða á einni heilsugæslustöð. Ólíklegt að markmið um að manna helming stöðva náist.

HEILBRIGÐISMÁL Þriðjungur þeirra sem leita á Heilsugæsluna fer þangað fyrst og fremst vegna geðræns vanda. Tugir bíða eftir hópmeðferð. Barnasálfræðingar eru starfandi á öllum stöðvum en mikil uppbygging er fram undan fyrir átján ára og eldri.

Samkvæmt aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára, sem samþykkt var í apríl 2016, er að því stefnt að gagnreynd meðferð sálfræðinga við algengustu geðröskunum verði aðgengileg á 50 prósentum um heilsugæslustöðva í árslok 2017 og á 90 prósentum heilsugæslustöðva í lok árs 2019. Miðað við hvernig staðan er í dag er ólíklegt að það náist að manna helming stöðva fyrir lok árs.

Agnis segir að nú eigi eftir að manna stöður til að mæta eftirspurn fyrir sálfræðiaðstoð fyrir einstaklinga, átján ára og eldri. „Það

ferli er byrjað og við höfum ráðið fyrsta fullorðinssálfræðinginn á eina stöð og ætlum að ráða á fleiri fyrir áramót.“

Agnis bendir á að rannsóknir sýni að þriðjungur þeirra sem leita á heilsugæslustöðvar leitar þangað fyrst og fremst vegna geðræns vanda. Það sé mikilvægt fyrir heilsugæsluna að geta boðið upp á sálfræðipjónustu fyrir fólk með vægan geðrænan vanda og miðlungsþungan vanda. Nú til dags standi fullorðnum einstaklingum fyrst og fremst til boða hópmeðferð á heilsugæslustöðvunum.

„Hópmeðferðin er ekki í boði á öllum heilsugæslustöðvum. Það eru ekki tók á því eins og staðan er í dag. Við höfum verið að bjóða upp á þetta á fjórum stöðvum í einu. Það er alltaf einhver bíðlisti og ég veit að á einni stöðinni bíða núna tæplega hundrað manns.“ – jhh / sjá síðu 8

Páll er oftast nefndur

STJÓRN MÁL „Ég hef ekkert íhugað þetta, enda stendur það öðrum nær að íhuga slíkt framboð í Reykjavík,“ segir Páll Magnússon, þingmaður Suðurkjördæmis, þegar hann er spurður hvort hann sé farinn að íhuga framboð til borgarstjórnarkosninga. Nafn hans var oftast nefnt þegar spurt var hvern menn vildu sjá



leiða lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík í komandi borgarstjórnarkosningum. Páll er einn þeirra sem helst hafa verið orðaðir við oddvitasætið að undanfögnu. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins er núverandi meirihluti fallinn.

– jhh / sjá síðu 10

Páll Magnússon
þingmaður

Kólnun skýrir lækun bréfa

VIÐSKIPTI Greinendur telja að vísendingar um að hægst hafi á vexti ferðapjónustunnar skýri að hluta til lækkanir sem hafa orðið á hlutabréfamarkaði í sumar. Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur lækkað um tæp þrettán prósent frá byrjun máí.

„Ég hugsa að verðþróun á hlutabréfamarkaðinum í sumar taki að miklu leyti mið af þeirri tilfinningu sem fólk hefur fyrir gangi hagkerfisins, að það sé aðeins farið að kólna,“ segir Stefán Broddi Guðjónsson. – kj / sjá síðu 18



Stefán Broddi
Guðjónsson,
forstöðumaður
greiningardeildar
Arion banka.

Fréttablaðið í dag

FRÉTTIR Tuttugu ár eru frá andláti Diónu prinsessu af Wales í bílslysi í París. Hún áorkaði miklu á 36 ára ævi **16**

SKOÐUN Þorvaldur Gylfason fjallar um þjófsaugu. **21**

SPORT Strákarnir hefja leik á EM. **35**

MENNING Ragnar Jónasson og Yrsa Sigurðar stofna glæpasagnaverðlaunin Svartfuglinn. **48**

LÍFIÐ Bergur Guðnason skráði sig í fatahönnunarnám með áhugann einan að vopni. **68**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• HOLLT OG BRAGÐGOTT

*Samkvæmt prentmiðlökönnun Gallup apríl-júní 2015



Þessi ær og lömbin hennar tvö þjófstörtuðu réttum í gær í Krýsuvíkurrétt. Þar verður þó ekki dregið í dilka fyrr en eftir um þrjár vikur. Ljóst er að smalar þurfa þá ekki að hafa áhyggjur af kindunum þremur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KRONAN

40%

1399 kr. kg

Lambalærisneiðar

Verð áður 2359 kr. kg

BRÚÐHJÓNALISTAR

Matar- & kaffistell í miklu úrvali

NYTT

TÉKK KRISTALL


LAUGAVEGI 178 – S: 568 9955

SMÁRALIND

ALLT SEM ÞARF OG GOTT BETUR

OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

Veður



Í dag verður ákveðin suðvestanátt á landinu en strekkingur NV-lands og austan Öræfajökuls. Rigning eða súld á köflum vestan til, en bjartara er austar dregur. **SJÁ SÍÐU 46**

Rannsakar hnífstunguárás í Reykjanesbæ

LÖGREGLUMÁL Blóðugur maður gekk um klukkan hálf fimm í gær inn á lögreglustöðina við Hringbraut í Reykjanesbæ og kvaðst hafa verið stunginn með hnífi. Samkvæmt tilkynningu lögreglunnar um málið reyndist maðurinn særður en þó ekki lífshættulega.

Lögreglumenn voru í kjölfarið sendir ásamt sersveitarmönnum í þeim tilgangi að finna og handtaka meintan árásarmann. Var hann yfirbugaður skömmu síðar og er nú í haldi lögreglunnar á Suðurnesjum.

Hnífstunguárásin meinta er nú í rannsókn og vill lögreglan ekki veita frekari upplýsingar að sinni. Líðan mannsins sem var stunginn er að hennar sögn eftir atvikum.

–hg

Hitafundur í allsherjar- og menntamálanefnd



Bergur Þór Ingólfsson, faðir stúlku sem Róbert Downey braut gegn, kom fyrir allsherjar- og menntamálanefnd á opnum fundi um uppreist æru í gær. „Okkur finnst eins og hann hafi sannað sakleysi sitt með uppreist æru,“ sagði Bergur meðal annars. Á fundinum gerði Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra grein fyrir fyrirhuguðu brottfalli ákvæða um uppreist æru úr almennum hegningarlögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Báðu um gögn í meintu mansalsmáli á Akureyri

MANNRETTINDI „Við fórum í vettvangskonun og skoðuðum hluti og óskuðum eftir gögnum,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður stéttarfélagssins Einingar lóðu á Akureyri, um meint mansalsmál á veitingastað á Akureyri.

RÚV greindi frá því í kvöldfréttum í gær að grunur leiki á að starfsfólk staðarins fái greiddar þrjátíu þúsund krónur á mánuði í laun og borði matarafanga af veitingastaðnum.

Björn staðfestir í samtali við Fréttablaðið að starfsfólk stéttarfélagssins hafi farið á staðinn í gærkvöldi ásamt kinnverskum túlki til að ræða við starfsfólkið.

„Við erum alltaf í eftir-



Björn Snæbjörnsson,
formaður Einingar
lóðu á Akureyri.

liti, við fáum alls konar ábendingar og skoðum þær, og svo bara er ferillinn sá að okkar fólk fer á staðina og óskar eftir gögnum og svo skoðum við það þegar þau koma,“ segir Björn.

Viðtölum er lokið í bili. Það tekur nokkra daga að fá gögnin að sögn Björns. Hann segir að stéttarfélagið fái ábendingar um hina ýmsu staði í hverri viku.

„Við skoðum þær ábendingar sem við fáum og fórum á staði líka án þess að fá nokkrar ábendingar til að skoða almennt líka. Við höfum verið mikið í því að skoða veitingastaði í sumar,“ segir Björn. –sg



BAKLEIKFIMI Í HEILSUBORG

Betri líðan í hálsi og baki undir leiðsögn sjúkráþjálfara.

Hádegis- og eftirmiðdagstímar í glæsilegu húsnæði

Höfðinn - Bíldshöfða 9.

Upplýsingar og skráning
www.bakleikfimi.is

BREIÐU BÖKIN

Bæjarstjórinn lógar ketti sem klikkaðist

Kötturinn Gosi sem garði garðinn frægan í Hveragerði er allur. Gosi var tauga-veiklaður að upplagi en fór endanlega yfir um og varð kolgeggjaður að lokinni flugeldasýningu á Blómstrandi dögum segir Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

DÝRAHALD „Þetta er svo sorglegt, eins og ég er búin að hafa fyrir þessum snarbilada ketti,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði sem fyrir nokkrum dögum neyddist til að láta lóga heimilisköttinum Gosa.

Aldís segir að svo virðist sem Gosi hafi sturlast eftir flugeldasýninguna á bæjarhátíðinni Blómstrandi dögum um þar síðustu helgi.

„Ég vil frekar trú á því heldur en að einhver hafi verið svona vondur við hann. Hann var eins og umskiptingur,“ lýsir bæjarstjórinn breytingunni sem orðin var á Gosa er hann sneri heim eftir flugeldasýninguna.

„Hann hvarf inn í sökkulinn á eldhúsinnréttningunni og lá þar og við urðum að skrúfa uppþvottavélina frá með meiriháttar tilfæringum til að ná honum. Þegar það tókst varð hann alveg kolvitlaus, beit og klóraði þannig að við misstum hann úr fanginu og út í garð og þá lét hann sig bara hverfa,“ rekur Aldís atburðarásina á bæjarstjóraheimilinu.

Brugðið var á það ráð að lýsa eftir Gosa á Facebook-síðu Hvergerðinga. Það var reyndar alls ekki í fyrsta skipti því kötturinn var að sögn Aldísar erfíður unglundur.

„Hann var orðinn býsna frægur, sérstaklega í upphafi þegar fólk fannst fyndið hvað ég var í miklu basli með hann. Um leið og við hleyptum honum fyrst út þá stakk hann af og lét ekki sjá sig. Við vorum endalaust að lýsa eftir honum á Facebook-síðu bæjarbúa,“ segir Aldís. „Svo eyðilagði hann allar gardínur hjá okkur og braut borðstofuljósíð og ýmislegt fleira, þetta var mjög erfíður unglundur. En það tókst að temja Gosa þokkalega þannig að hann varð fin-



Vandræða-
kötturinn Gosi
sem á rúmlega
tveggja ára ævi
varð býsna
frægur í Hvera-
gerði. MYND/ALDÍS
HAFSTEINSDÓTTIR

**Hann hafði slæmt
upplag en þetta
gerði útslagið.**

Aldís Hafsteins-
dóttir, bæjarstjóri í
Hveragerði



asti heimilisköttur nema hann var alltaf svona hvekkur.“

Gosi var þannig dálítið veiklaður fyrir. „Það mátti ekki hnerra nálægt honum þá fékk hann áfall og hljóp allur í hnút,“ segir Aldís sem kveðst fúslega viðurkenna að gleymst hafi að loka Gosa inni fyrir flugeldasýninguna sem reynt hafi fullmikið af því góða fyrir köttinn.

„Hann hafði slæmt upplag en þetta gerði útslagið. Þetta er kannski ágætis

áminning til kattaeigenda að passa upp á dýrin þegar svona er.“

Í byrjun þessarar viku kom Gosi svo aftur í leitirnar og var færður á bæjarstjóraheimilið.

„Þá var hann alveg ótrúlega kolvitlaus, við réðum ekkert við hann. Ég hef aldrei séð að gældýr gæti orðið svona. Við misstum hann aftur inn í sökkulinn á eldhúsinnréttningunni og það var ekki séns að ná honum,“ segir Aldís sem kveður son sinn þó hafa náð að lokka Gosa fram eina nóttina.

Hvergerðingar fengu að fréttu af ævintýrum og órlögum Gosa á blogg-síðu bæjarstjórans sem sagði köttinn orðinn klikkaðan, heimilið eins og í herkví og alla oröna loghrædda áður en yfir lauk og dýrið var svæft svefninum langa eftir rúmlega tveggja ára ævi. „Núna dansar hann gláður í sumarlandinu vona ég,“ segir bæjarstjórinn. gar@frettabladid.is



HÚSASMÍÐJAN

blómaaval

HEFST Í DAG

ÚTSALA

HÚSASMÍÐJUNNAR & BLÓMAVALS



ALLT AÐ

70%

AFSLÁTTUR

- HREINLÆTISTÆKI 25-40% • STIGAR OG TRÖPPUR 25% • GARÐVERKFÆRI 30% • PARKET OG FYLGIHLUTIR 30-45%
 VERKFÆRATÖSKUR 30% • BLACK & DECKER RAFMAGNSVERKFÆRI 30% • HILLUREKKAR 30%
 HITACHI OG DEWALT VERKFÆRI 20% (VELTISAGIR 15%) • STANLEY LOFTPRESSUR 25% • HANDVERKFÆRI 30%
 HÁPRÝSTIDÆLUR 30% • HNÍFAPÖR OG ELDHÚSÁHÖLD 30% • MATARSTELL OG GLÖS 30% • POTTAR OG PÖNNUR 30%
 BÖKUNARVÖRUR 20% • HREINLÆTISVÖRUR 25% • PLASTKÖRFUR OG BOX 25% • STRAUBRETTI 25%
 ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-50% • VINNUFATNAÐUR 20% • NORDLUX LJÓS 70% • CADAC FERÐAGRILL 40%
 BROIL KING GRILL 25% • GRILLÁHÖLD BROIL KING / GRILLPRO 35% • GARÐHÚSGÖGN 35% • FERÐAHÚSGÖGN 35%
 FERÐAVÖRUR 40% • GARÐLEIKFÖNG 40% • FLÍSAM 30% • INNIHURÐIR JELD-WEN 25-40% • LOFT-OG VEGGPILJUR 20%
 ELDAVÉLAR 20% • OFNAR 20% • HELLUBORÐ 20% • HÁFAR OG VIFTUR 20% • ELECTROLUX SMÁRAFTÆKI 30%
 ELECTROLUX RYKSUGUR 30% • POTTAPLÖNTUR 20-50% • GJAFAVARA 20-50% • KERTI 20% • LUKTIR 20%
 GARÐÁLFAR 50% • REIÐHJÓL OG FYLGIHLUTIR 30-50%

...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!



Byggjum á betra verði

husa.is

Afsláttir á útsölu gjalda ekki af vörum merktum „lægsti læga verð Húsasmiðjunnar“ og tilbodsörum - Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Geta beðið átekta uns leigutíminn rennur út

STJÓRNSÝSLA Fjármálaráðuneytið bendir á að í stað þess að ríkið kaupsi húsgrunn á leigulód ríkisins við Þingvallavatn á 70 milljónir króna eins og Þingvallanefnd vildi sé hægt að biða þar til leigusamningurinn rennur út eftir fjögur ár og fá þá lóðina til baka.

Eins og áður hefur verið sagt frá í Fréttablaðinu ákvað þáverandi Þingvallanefnd í lok október í fyrra á síðasta fundi sínum að neyta forkaupsréttar og ganga inn í kaup

á uppsteiptum húsgrunni á Valhallarstíg 7. Grunnurinn er að nýju húsi sem eigundur lóðarinnar hófust handa við skömmu fyrir hrún og koma átti í stað eldri bústaðar. Þeir voru með 70 milljóna króna tilboð í höndunum.

Vegna stjórnarskipta tafðist afgreiðsla málsins. Þegar málið barst loks til samþykktar í fjármálaráðuneytinu var svarið þar að ekki væru fyrir hendi fullnægjandi forsendur til að hefja viðræður um

kaup á lóðarréttindunum og húsgrunninum eins og Þingvallanefnd óskaði eftir.

Fréttablaðið óskaði nánari skýringu á afstöðu fjármálaráðuneytisins. Elva Björk Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, segir um helstu ástæðurnar að í fyrsta lagi hafi ríkissjóður ekki neytt forkaupsréttar. Það þýðir einfaldlega að kerfið var of svífaseint og missti forkaupsréttinn.

Elva tiltekur einnig að upphaf-

legur tilboðsgjafi hafi dregið tilboð sitt til baka.

„Fyrir liggur að fjárhæðin sem hér um ræðir er umtalsvert hærri en í öðrum sambærilegum kaupum sem ríkið hefur staðið fyrir í þjóðgarðinum á síðustu árum, en þau nema alls rúmlega 113 milljónum króna vegna átta sumarhúsa,“ segir áfram í svari upplýsingafulltrúans. – gar



Fjármálaráðuneytið segir 70 milljónir of háa greiðslu fyrir húsgrunn á lóð sem ríkið geti endurheimt eftir fjögur ár.

Alda Hrönn aftur á Suðurnes

LÖGREGLAN Alda Hrönn Jóhannsdóttir snýr aftur til lögreglunnar á Suðurnesjum eftir að hafa lokið starfi innleiðingarhóps og innleiðingu á nýju verklagi í heimilisofbeldi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Þetta kemur fram í tölvupósti sem starfsmenn embættisins fengu í gær.



Alda Hrönn Jóhannsdóttir

Þá voru einnig kynntar aðrar breytingar í yfirstjórn. Hulda Elsa Björgvinsdóttir hefur tekið við sem yfirmaður ákeruvíðs og er Helgi Valberg Jenson nýr aðallögfræðingur embættisins. Óldu Hrönn var tímabundið vikið úr starfi í október vegna LÖKE-málsins svokallaða sem hún kom að þegar hún var staðgengið lögreglustjóra á Suðurnesjum. – sg

Hagnaður Spalar eykst

VIÐSKIPTI Afkoma Spalar ehf., sem rekur Hvalfjarðargöngin, var jákvæð um 307,5 milljónir króna eftir skatta á fyrri helmingi ársins og jókst um rúmar 60 milljónir milli ára.

Fram kemur í tilkynningu að veggjald nam 686,7 milljónum króna á tímabilinu sem sé hækkan um 9,83 prósent milli ára.

Rekstrarkostnaður Spalar án afskrifta fyrstu sex mánuði ársins nam 225 milljónum króna og hækkaði um rúmar sjö milljónir króna frá árinu áður. Helstu breytingar eru vegna aukins launakostnaðar.

Skuldir Spalar hækka um 100 milljónir í 2.157 milljónir króna. Félagið er að fullu í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. – sg

Fórna frekar atkvæðarétti en að hafa enga aðkomu að ráðum

Borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina segir að flokkurinn vilji frekar aðkomu að ráðum borgarinnar sem áheyrnarfulltrúar en að hafa aðeins atkvæðisrétt í sumum þeirra. Vilji til að fórna sätunum kom fram á fundi í borgarmálaráði flokksins á mánudag eftir að Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir sagði sig úr honum.

STJÓRN MÁL Fulltrúar Framsóknar og flugvallarvina eru reiðubúinir að fórna atkvæðisrétti sínum í ráðum borgarinnar frekar en að missa aðkomu sína að þeim í kjölfar úrsagnar Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur úr flokknum í síðustu viku. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom þessi vilji fram á fundi í borgarmálaráði Framsóknar og flugvallarvina á mánudaginn.

Fréttablaðið fjallaði í gær um þá snúnu stöðu sem upp er komin vegna úrsagnar Sveinbjargar sem hafði það í för með sér að hlutföllin í borgarstjórn breyttust. Þar sem Sveinbjörg er orðin óháður borgarfulltrúi standa Framsókn og flugvallarvinir frammi fyrir því að missa aðalmenn sína í öllum sjö manna ráðum borgarinnar, sem eru átta talsins, og færðu sætin til meirihlutans. Til að koma í veg fyrir það þurfa Sveinbjörg og flokkurinn að ná saman um að standa sameiginlega að lista þegar kosið verður í ráð og nefndir í næstu viku. Fulltrúar flokksins myndu þó fá að vera áheyrnarfulltrúar með tillögurétt og málfrelsi en engan atkvæðisrétt. Sveinbjörg Birna missir að óbreyttu sæti sitt í borgarráði en ólíkt flokknum ætti hún ekki sjálfkrafa rétt á áheyrn sem óháður fulltrúi.

Degi eftir fund borgarmálaflokksins þar sem staðan var rædd funduðu Sveinbjörg Birna og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, um möguleika á að ná saman líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær. Engin niðurstaða lá fyrir í



Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir segir Framsókn og flugvallarvini munu verja aðkomu sína að öllum sjö manna ráðum borgarinnar. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir sagði sig úr flokknum í síðustu viku.

gær en frekari fundir voru á dagskrá hjá þeim í vikunni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lita fulltrúar Framsóknar og flugvallarvina þó svo á að lítið muni breytast þótt þeir fórn atkvæðisrétti sínum. Einn viðmælandi Fréttablaðsins innan úr flokknum orðaði það þannig að meirihlutinn réði hvort ed er öllu og minnihlutinn væri áhrifalítill í atkvæðagreiðslum. Hag flokksins væri hugsanlega betur borgið í áheyrn.

Með því yrði Sveinbjörg einangruð sem óháður fulltrúi það sem eftir

lifir kjörtímabils en hún sagði í samtali við Fréttablaðið í gær eftir fundinn með Guðfinnu að hún vonaði að skynsemin yrði öllum ágreiningi yfirsterkari hjá sínum gömlu félögum og að lítil vilji væri til að styrkja meirihlutann með þeim aukamanni sem hann myndi græða í þessum sjö manna ráðum.

Guðfinna Jóhanna segir í samtali við Fréttablaðið að viðræðurnar við Sveinbjörgu snúist fyrst og fremst um að skoða hvort einhver flötur sé á því – ef þær legðu fram sameiginlega lista – hvort hægt sé að

tryggja bæði flokknum og Sveinbjörgu aðkomu að einhverjum ráðum borgarinnar. Framsókn og flugvallarvinir vilji þó aðkomu að þeim öllum.

„Ef valið er um það að vera áheyrnarfulltrúar og hafa þá aðkomu að öllum ráðum þá veljum við það frekar en að hafa atkvæðisrétt í sumum ráðum en enga aðkomu í hinum. Við munum tryggja það að atkvæðagreiðslan verði með þeim hætti að við höfum aðkomu að öllum ráðum borgarinnar.“ mikael@frettabladid.is

29. september í 4 nætur

Frá kr. 49.995 m/morgunmat

PRAG

Hotel ILF Netverð á mann frá kr. 49.995 m.v. 2 í herbergi.

Áslaug hefur ekki íhugað að segja af sér

STJÓRN MÁL Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist ekki hafa íhugað að segja af sér nefndarformennsku í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis vegna umdeilda tísts hennar þar sem hún óskaði eftir vefslóð að ólöglegu streymi að boxbardaga Conors McGregor og Floyds Mayweather aðfaranótt sunnudags. Þingmaðurinn segir jafnframt að ekki hafi verið skorað á sig að segja af sér nefndarformennsku.

» Formaður allsherjar- og menntamálanefnar Alþingis baðst í gær afsökunar á að hafa aðfaranótt sunnudags óskað eftir ólöglegu streymi að boxbardaga.

Stundin vakti fyrst athygli á málinu á þriðjudag og fjölluðu fleiri fjölmiðlar um málið í kjölfarið og sætti Áslaug harðri gagnrýni. Á miðvikudag baðst Áslaug Arna afsökunar og viðurkendi að hafa gert mistök af hugsunarleysi. Í samtali við Fréttablaðið í gær sagðist Áslaug hafa sagt það sem hún vildi segja um málið og vísaði í yfirlýsingu sína.

„Áslaug segir þessum talskona þess að við hugum að stöðu íslenskra efnisveitna og samkeppnisstöðu þeirra gagnvart þeim erlendu því hún er auðvitað erfið. Allir geta gert mistök en málefni fjölmiðla og innlendra efnisveitna er eitthvað sem Alþingi ætti að taka miklu stærkar upp. Formaður allsherjar- og menntamálanefndar gæti auðvitað beitt sér í því og ætti að gera það á vettvangi nefndarinnar. Hún ætti að nýta tækifærið því það veitir svo sannarlega ekki af.“ – smj, sg

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari Sjálfstæðisflokksins.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ÁNÆGJA SEM ENDIST
COROLLA
SÉRSTAKT SUMARTILBOÐ
Í TAKMARKAÐAN TÍMA



Verð frá 3.180.000 kr.

Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með Corolla meðan tilboðið gildir ●●●●●

LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ

Corolla býðst nú á sérstöku sumartilboði, faguð gæðasmíð með 50 ára sigurgöngu í baksýnispeglinum, endurhönnuð til að veita afþreyingu í öruggum og liprum akstri. Corolla er gerð til að láta góðu stundirnar endast en þetta sérstaka sumartilboð gildir aðeins í takmarkaðan tíma.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000



Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Öll miðlunarlón nú orðin full

ORKUMÁL Blöndulón fór á yfirfall á þriðjudagsmorgun er vatnshæð lönsins náði 478 metrum yfir sjávarmáli.

„Mikið innrennsli er nú í lönið í norðanátt og rigningu og hækkaði yfirborð þess um 15 sentímetra síðustu tvo sólarhringana áður en það fylltist,“ segir í frétt á vef Landsvirkjunar. Þar með séu því öll miðlunarlón fyrirtækisins full. Háslón hafi farið á yfirfall 19. ágúst og einnig Hágöngulón, og Þórisvatn sé fullt frá því í lok júlí.

Með yfirfallinu í Blöndulóni hallar á ógæfuhliðina fyrir laxveiðimenn í Blöndu þar sem áin verður verulega lituð við þessar breytingar. Veitt er í Blöndu til 20. september.

– gar

Fipronil fannst í vörum Ora

NEYTENDUR Matvælastofnun hefur fengið upplýsingar um að Ora hafi innkallað vörur vegna þess að í þær var notað eggjarauðuduft sem reyndist innihalda fipronil yfir hámarksgildi.

Fram kemur í frétt á vef MAST að fipronil sé notað bæði sem sniklalyf á gæludýr og sem skordýraeitur í og við byggingar og á einstaka káltegundir. Ekki sé leyfilegt að nota lyfið til að meðhöndla dýr sem alin eru til manneldis.

Magn hráefnisins í vörunum sé mjög lítið og vörurnar því ekki heilsuspillandi fyrir neytendur. Hins vegar sé óleyfilegt að nota hráefnið í samsett matvæli og þess vegna innkalli fyrirtækið vörurnar. – sg

Ráðast á ISIS



Filippseyskir landgönguliðar gengu við hlið brynvarinna herflutningabíla í átt að vígstöðvunum þar sem herinn berst um þessar mundir við hryðjuverkamenn, hliðholla samtökunum sem kenna sig við Íslamskt ríki. Hundradasti dagur atakanna var í gær en skæruliðarnir hafa hertekið nokkur hverfi borgarinnar Marawi. Alls hafa 45 almennir borgarar, 617 hryðjuverkamenn og 133 hermenn fallið í átökunum. NORDICPHOTOS/AFP

Vilja skipta út 105 ára gömlu húsi fyrir sex hæða blokk

Eigendur litils einbýlishúss við Klapparstíg 10 vilja flytja húsið burt og byggja sex hæða blokk auk bíla-kjallara fyrir tíu bíla. Yrði 23 sinnum stærra en gamla húsið. „Verður með íbúðum fyrir fjölskyldur okkar og fleiri íbúðum til að leggja okkar af mörkum til að sporna gegn skorti á íbúðarhúsnæði í miðbænum.“

SKIPULAGSMÁL Eigendur Klapparstígs 10 vilja leyfi frá Reykjavíkurborg til að flytja 105 ára gamalt íbúðarhús af lóðinni og byggja þar í staðinn blokk sem yrði 23 sinnum stærra en gamla húsið.

Húsið er eign hjónanna Birnu Eggertsdóttur og Ólafs Theodórs Ólafssonar sem segir þau ekki vilja tjá sig um málið því það sé á byrjunarstigi. Hins vegar má sjá af gögnum sem send hafa verið borginni að ætlunin er að flytja gamla húsið, sem er 81 fermetri, á brott og reisa í staðinn 1.885 fermetra fjölbýlishús á fimm hæðum auk bílakjallara fyrir tíu bíla. Við þetta myndi húsið fylla út í lóðina, sem er 325 fermetrar, og nýtingarhlutfall hennar fara úr 0,25 í 5,8.

Saga hússins er rakin í bréfi sem þrjár synir hjónanna, Skúli, Filipus og Daniel, skrifa og fylgir gögnum málsins. Segir þar að húsið hafi verið byggt af langömmu Ólafs Theodórs fyrir fjölskyldu hennar. „Þegar Óli og Birna keyptu húsið 1993 voru þau talin klikkuð, því ástandi þess var vægast sagt ábótavant,“ segir í bréfinu. „Við bókstaflega gerðum allt upp.“

Húsið og minningarnar úr því eru sagðar ótrúlega dýrmætar fjölskyldunni. „Við hverja framkvæmd og viðgerðir á húsinu var alltaf leitað til borgarinnar eftir styrkjum en borgin sá sér ekki fært að veita þá, utan eitt hundrad þúsund króna styrk vegna viðgerðar á grunni.“

Þá segir að orðið Skuggahverfi hafi aðra merkingu fyrir fjölskylduna á Klapparstíg 10 en fyrir flesta vegna stóru húsanna sem risið hafi í kring um þau. „Það er okkur enn ferskt í minni þegar Ólafur þurfti að klifra upp á þak með nýja örbylgju-loftnetið og við hin mynduðum kallkeðju niður til að stilla það og ná einhverri mynd, sú mynd varð



Gamla timburhúsið á Klapparstíg 10 er skammt frá Þjóðleikhúsinu. Umfang nýja hússins verður talsvert meira en þess gamla samkvæmt uppráttum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

samt ekki eins góð og hjá öðrum, við vorum í skugga af nýreistum háhýsum.“

Fram kemur í bréfinu að miklar breytingar séu á döfinni í Skuggahverfinu og að fjölskyldan vilji taka tillit til þeirra og sögunnar í framkvæmdum sínum og byggja hús sem þau geti verið stolt af. Það verði með íbúðum fyrir fjölskyldur þeirra og fleiri íbúðum til að þau leggi sitt af mörkum til að sporna gegn skorti á íbúðarhúsnæði í miðbænum.

„Við eigum frábærar minningar af þessum stað sem munu endast okkur alla ævi, og þetta hús er sennilega engum dýrmætara en okkur en

Nú erum við hins vegar komin að þeim tímamótum að við viljum gera slíkt hið sama og Helga, langalangamma okkar, gerði fyrir rúmri öld, byggja heimili fyrir okkur til frambúðar.

Skúli, Filipus og Daniel Ólafssynir

nú erum við hins vegar komin að þeim tímamótum að við viljum gera slíkt hið sama og Helga, langalangamma okkar, gerði fyrir rúmri öld, byggja heimili fyrir okkur til frambúðar, og gera nýjar minningar fyrir næstu ætliði,“ segir í bréfi sonanna þriggja.

Bræðurnir segja að spyrja megi af hverju fjölskyldan selji ekki einfaldlega húsið og komi sér fyrir annars staðar. „Svarið við því er einfalt – það finnst okkur vera vanvirðing gagnvart sögunni, og það væri ekki okkar saga og við viljum ekki að hún, 100 ár í bigerð, endi svoleiðis.“ gar@frettabladid.is

Nú mun veitingastaðurinn
MIXED
loksins opna
þann 1. September
opnunartími
11.30 – 22.00

Ert þú tilbúinn að
prófa eitthvað nýtt?
Are you ready to change?

MIXED
healthy and tasty

www.mixed.is
Hverfisgata 125, 105 Reykjavík
mixed@mixed.is
S. 588 -1810

CLINIQUE

Ofnæmisprófað 100% ilmefnalaust

Clinique kynning í Hagkaup Smáralind, Garðabæ, Skeifu, Spöng og Akureyri dagana 31. ágúst – 6. september.

Glæsilegur kaupauki fylgir með ef keyptar eru vörur fyrir 6.900 kr eða meira*

Kaupaukinn inniheldur:

Take the Day Off augnfarðahreinsi 30 ml
Milda andlitssápu 30 ml
Clinique Smart serum 7 ml
Clinique Smart dagkrem 7 ml
Bleikan varalit
Fallega snyrtibuddu

*Á meðan birgðir endast.



Nýtt frá Clinique! Micellar hreinsi gel. Fjarlægir allan léttan farða auðveldlega.



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Hátt í hundrað bíða eftir hópmeðferð

Einn af hverjum þremur sem koma á Heilsugæsluna er með geðrænan vanda. Mikil uppbygging hefur verið á þjónustu fyrir börn og unglinga. Fullorðnir fá fyrst og fremst hópmeðferð og biðlistinn getur verið langur en manna þarf stöður sálfræðinga.

HEILBRIGÐISMÁL Þriðjungur þeirra sem leita á Heilsugæsluna gerir það fyrst og fremst vegna geðræns vanda. Tugir bíða eftir hópmeðferð. Barnasálfræðingar eru starfandi á öllum stöðvum en mikil uppbygging er fram undan fyrir átján ára og eldri.

Samkvæmt aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára, sem samþykkt var í apríl 2016, er stefnt að því að gagnreynd meðferð sálfræðinga við algengustu geðröskunum verði aðgengileg á 50 prósentum heilsugæslustöðva í árslok 2017 og á 90 prósentum heilsugæslustöðva í lok árs 2019. Miðað við hvernig staðan er í dag er ólíklegt að það náist að manna helming stöðva fyrir lok árs.

Sálfræðingar hafa starfað á nokkrum stöðum innan heilsugæslunnar frá 2007. Ráðinn var fagstjóri sálfræðipjónustu í fyrravor og byrjað

áð fjölga stöðum sálfræðinga hinn 1. september. Byrjað var á að ráða sálfræðinga fyrir börn, á aldrinum 0-18 ára. „Þeir eru núna starfandi á öllum stöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Þeir sinna líka mæðravand á meðan konur eru þunguðar og á fyrsta ári eftir fæðingu,“ segir Agnes Agnarsdóttir, fagstjóri sálfræðipjónustunnar.

Agnes segir að nú eigi eftir að manna stöður til að mæta eftirspurn fyrir sálfræðiaðstoð fyrir einstaklinga, átján ára og eldri. „Það ferli er byrjað og við höfum ráðið fyrsta fullorðinssálfræðinginn á eina stöð og ætlum að ráða á fleiri fyrir áramót. Eina þjónustan sem við veitum fullorðnum er að við bjóðum upp á hópmeðferð og það er gagnreynd meðferð, hugræn atferlismeðferð. Það er fyrir fullorðna í sex vikur. Þessi meðferð er nægjanleg fyrir hluta fólks en ekki alla,“ segir Agnes. Heilsugæslan vilji geta boðið upp á góð matsviðtöl til að greina vanda fólks. Svo vill heilsugæslan geta boðið upp á þjónustu fyrir fólk með vægan geðrænan vanda, sérstaklega þunglyndi og kvíða, og miðlungspungan vanda. „Ef vandinn er greindur svo alvarlegur að ekki er unnt að sinna honum í grunnþjónustu er vísað á geðsvið Landspítalans eða önnur viðeigandi úrræði.“

Agnes bendir á að rannsóknir sýni að þriðjungur þeirra sem leita á heilsugæslustöðvar leitar þangað fyrst og fremst vegna geðræns vanda. Það sé mikilvægt fyrir



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins rekur tólf heilsugæslustöðvar. Að auki eru þrjár einkareknar. Ein þeirra er Heilsugæslan Lágmúla. Þar er starfandi sálfræðingur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

heilsugæsluna að geta boðið upp á sálfræðipjónustu, bæði til þess að geta gripið fyrr inn í ef vandi stöðjar að hjá fólki en líka til að geta fylgt eftir einstaklingum sem hafa þegið þjónustu hjá geðsviði Landspítalans. „Það eru breyttir tímar og sálfræðipjónusta ætti að vera edlilegur hluti af þjónustu heilsugæslunnar,“ segir Agnes.

Fagstjórinn segir að fullorðnum einstaklingum standi fyrst og fremst til boða hópmeðferð á heilsugæslu-

Ef vandinn er greindur svo alvarlegur að ekki er unnt að sinna honum í grunnþjónustu er vísað á geðsvið Landspítalans eða önnur viðeigandi úrræði.

Agnes Agnarsdóttir, fagstjóri sálfræðipjónustu Heilsugæslunnar



stöðvunum núna. „Hópmeðferðin er ekki í boði á öllum heilsugæslustöðvum. Það eru ekki tók á því eins og staðan er í dag. Við höfum verið að bjóða upp á þetta á fjórum stöðvum í einu. Það er alltaf einhver biðlisti og ég veit að á einni stöðinni bíða núna tæplega hundrað manns. Þar tókum við inntökuviðtöl og þar skoðum við alvarleika vandans. Ef við rekumst á alvarlegt mál, þá visum við í viðeigandi úrræði.“

jonhakon@frettabladid.is

Barnagleraugu frá 0 kr. (Já, þú last rétt!)

Öll börn upp að 18 ára aldri eiga rétt á endurgreiðslu frá þjónustu- og þekkingarmiðstöð vegna gleraugnakaupa. Þú getur fengið gleraugu hjá okkur á endurgreiðsluverði miðstöðvarinnar.



MJÓDDIN
S: 587 2123

FJÖRÐUR
S: 555 4789

augastaður
Gleraugnávörslunin þín



Verðhækkunir í sérþýli knúðu verðbólgu áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Húsnæðismarkaðurinn talinn vera að kólna

VÍDSKIPTI Húsnæðisliðurinn í vísitölu neysluverðs hækkaði aðeins um 0,43 prósent milli mánaða og hækkaði reiknuð húsaleiga um 0,55 prósent milli mánaða samkvæmt tölum Hagstofunnar. Árstakturinn lækkar þannig úr 24,2 prósentum í 22,9 prósent.

Greiningardeild Arion banka bendir á að í þetta sinn voru það verðhækkunir á sérþýli á höfuðborgarsvæðinu sem knúðu verðbólgu áfram og nam sú hækkun 1,5 prósentum milli mánaða. Það vekir athygli að fasteignaverð á fjölþýli hækkaði aðeins um 0,32 prósent milli mánaða en ekki hefur sést eins lítil hækkun frá því í mars 2016 þegar hún mældist 0,29 prósent milli mánaða.

Það sé samt sem áður óvíst hvað gerist á næstu mánuðum, en greiningardeildin telur þetta vera skýrar vísbendingar um að markaðurinn sé farinn að kólna og að betra jafnvægi sé í kortunum.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,25 prósent milli mánaða í ágúst og lækkar ársverðbólgu þannig úr 1,8 prósentum í 1,7 prósent. Verðbólguáhrif eru undir spám greiningaraðila en þær lágu á bilinu 0,4 prósent til 0,6 prósent. Þá er það sérstaklega hækkun húsnæðisverðs, verð á mat- og drykkjarvörum og lok útsala sem knúði verðbólgu áfram í ágúst en á móti vega árstíðasveiflur í flugfargjöldum og lækkun verðlags á tómsundum og menningu. – sg

PANTABU EXTRA
FYRIR 30. SEPT.
OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG

Þú færð EXTRA búnað á nýjan
RENAULT ef þú pantar fyrir 30. september



RENAULT
Passion for life

Renault Clio

ÍSLANDSMEISTARINN Í SPARAKSTRI



KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU

DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM*

Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistarannum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.

Renault Clio ZEN
Dísil, beinskiptur

Eyðsla 3,4 l/100 km*

Verð: 2.550.000 kr.

Renault Clio ZEN Sport Tourer
Dísil, beinskiptur

Eyðsla 3,4 l/100 km*

Verð: 2.750.000 kr.

EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan Clio að verðmæti
150.000 - 200.000 kr. (eftir gerð)



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL sölumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is




UBUNAVIR BLÁ Á MYND ER FRAMHÖNNINGUR AUFÖLVAVERÐS. *Mikilvæg uppgættir telur framleiðanda um eidsneytisnotkun í blönduðum akstri. ENNEM / SIA / NMB3731

Fylgi flokkanna í Reykjavíkurborg


Niðurstöður í hnotskurn

■ Kosningar 2014 ■ Könnun 28. og 29. ágúst




Skipting sæta í borgarstjórn

● Björt framtíð xA ● Framsókn xB ● Viðreisn xC ● Sjálfstæðisfl. xD
● Flokkur fólksins xF ● Píratar xP ● Samfylkingin xS ● Vinstri græn xV



Sæti ef fulltrúum yrði fjölgað í 23



Borgarstjórnin myndi gjörbreytast

Yrðu úrslit borgarstjórnarkosninga eftir niðurstöðum nýrrar könnunar myndi það gerbreyta borgarstjórn. Tveir nýir flokkar ættu fulltrúa og fulltrúar tveggja flokka dyttu út. Vinstri græn eru orðin stærri en Samfylkingin. Óvist hve margir fulltrúar verða kjörnir.

Jón Hákon Halldórsson
johakon@365.is



STJÓRN MÁL Flokkur fólksins og Viðreisn kæmu ný inn í borgarstjórn eftir niðurstöður kosninga yrðu í takt við niðurstöður könnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, segir að þessa dagana sé verið að vinna í innra starfi flokksins í Reykjavík og á Suðvesturlandi. „Við byrjum þar og ætlum að strúktúra hann alls staðar. En við byrjum á byrjuninni af því að það er svolítið í kosningarnar og fyrsta skrefið hjá okkur var að taka ákvörðun yfirhöfuð um að bjóða fram í sveitarstjórnarkosningunum,“ segir Inga.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi sex borgarfulltrúa kjörna, VG fengi þrjá borgarfulltrúa kjörna, Samfylkingin og Píratar fengu tvo fulltrúa hvor og Flokkur fólksins og Viðreisn fengu einn fulltrúa hvor. Bæði Framsóknarflokkurinn og Björt framtíð hafa átt tvo fulltrúa hvor flokkur frá síðustu kosningum. Miðað við niðurstöður könnunarinnar myndi hvorugur flokkurinn fá fulltrúa.

Þessi fyrrnefnda skipting miðast við það að borgarfulltrúar yrðu

Aðferðafræði könnunarinnar

Könnun Fréttablaðsins var gerð þannig að hringt var í 1.063 manns í Reykjavík þar til náðist í 791 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki þann 28. og 29. ágúst. Svarhlutfallið var 74,4 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegt að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var á Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku 46 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

áfram fimmtán, eins og þeir hafa verið undanfarin ár. Hins vegar undirbýr forsætisnefnd borgarstjórnar að fjölga borgarfulltrúum í 23. Á þessu stigi liggur þó ekkert fyrir um það hvort þeir verði 15 eða 23 í næstu kosningum.

Verði borgarfulltrúarnir 23 þá

Fáir taka afstöðu en Páll oftast nefndur

Páll Magnússon alþingismaður var oftast nefndur þegar spurt var hverja menn vildu sjá sem næsta oddvita Sjálfstæðismanna. Rétt rúm 22 prósent nefndu Pál, 8,3 prósent þeirra sem tóku afstöðu nefndu Svanhildi Hólm Valsdóttur, 6,2 prósent nefndu Áslaugu Friðriksdóttur, 4,5 prósent nefndu Kjartan Magnússon og 4,1 prósent Borgar Þór Einarsson. Þá nefndu 0,8 prósent Eypór Arnalds. Hins vegar nefndu 54 prósent einhvern annan. Flest þeirra vildu Bjarna Benediktsson og Davíð Oddsson var líka oft nefndur.

Afar fáir, eða rétt rúmlega fimmtán prósent þeirra sem spurðir voru „Hver finnst þér að eigi að leiða lista Sjálfstæðisflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2018?“ tóku afstöðu til spurningarinnar.

mun Sjálfstæðisflokkurinn fá 9 fulltrúa kjörna, VG fær fimm, Samfylkingin og Píratar fá þrjá fulltrúa hvor, Flokkur fólksins 2 og Viðreisn einn.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, segir helstu tíðindin í könnuninni þau að meirihlutinn sé fall-



Páll Magnússon
alþingismaður.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að tveir aðstoðarmenn ráðherra væru orðaðir við framboð í 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í komandi borgarstjórnarkosningum; þau Borgar Þór Einarsson og Svanhildur Hólm Valsdóttir. Þá væru Áslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúi og Kjartan Magnússon borgarfulltrúi líka að ihuga framboð, sem og Eypór Arnalds. Síðar var Páll Magnússon nefndur sem mögulegur framboðandi.

inn eða við það að falla. Hann segir að það afhroð sem Samfylkingin hefur gildið á landsvísu endurspeglar að drjúgum hluta í þessari könnun. „Samfylkingin er að tapa þessari sterku stöðu sinni í borginni sem hún hefur haft að undanförunum og líkt og í landsmálunum er VG að

Samfylkingin er að tapa þessari sterku stöðu sinni í borginni sem hún hefur haft að undanförunum.

Eiríkur Bergmann,
prófessor í stjórnmálafræði



taka verulega fram úr þeim. Þetta breytir algjörlega valdahlutfallinu í meirihlutanum, haldi hann velli. Samkvæmt þessu og því prinsippi sem þessi meirihluti byggði á, að stærsti flokkurinn í meirihlutanum fengi borgarstjórastólinn, ætti hann að flytjast yfir til vinstri grænna,“ segir Eiríkur.

Eiríkur Bergmann segir sterka stöðu Sjálfstæðisflokksins í könnuninni vera stórmerkilega, í ljósi þess að algjör óvissa ríki um það hver á að leiða flokkinn. „Núverandi forystumaður er að fara, leiðtogaprófkjör hefur verið ákveðið og engar línur ljósar um það hver það verður,“ segir Eiríkur Bergmann.

Nilfisk

NILFISK GÓLFÞVOTTAVÉLAR ÞRÍFA BETUR OG HRAÐAR

Margverðlaunuðu Nilfisk gólfþvottavélarnar auðvelda þrifið umtalsvert hvort sem um er að ræða þrif á heimili eða stærri rýmum. Sölufulltrúar veita ráðleggingar um stærð og tegund véla sem henta hverju sinni.



reddot award



PANTAÐU EXTRA
FYRIR 30. SEPT.
OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG

Þú færð EXTRA búnað á nýjan
HYUNDAI ef þú pantar fyrir 30. september

Sparneytinn

Hyundai i20.



5 ára ábyrgð, ótakmarkaður akstur.
Verð frá 2.190.000 kr.

EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan
i20 að verðmæti **200.000 kr.**

Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400	Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622	Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533	Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070	IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080	BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
---	---	--	--	---	--

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km*
eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 6,7 l/100 km*.

 **HYUNDAI**

Leiðtogar stjórnarandstöðu Venesúela ákærðir fyrir landráð

VENESÚELA Nýskipað stjórnlagaráð Venesúela ákvað í gær einróma að draga leiðtoga stjórnarandstöðunnar þar í landi fyrir dóm vegna meintra landráða þeirra. BBC greindi frá því að ráðið saki umrædda stjórnarandstæðinga um að styðja viðskiptaþvinganir Bandaríkjanna gegn Venesúela.

Er þar vísað til tilskipunar sem Donald Trump Bandaríkjaforseti undirritaði í síðustu viku um að banna viðskipti með venesúelsk skuldabréf. Sagði forsetinn það gert vegna alvarlegra mannréttindabrota

og skipan ólöglegs stjórnlagaráðs sem forsetinn sagði skipað til að ræna völdum lýðræðislega kjörins þings. Þess ber að geta að stjórnarandstaðan er í meirihluta á þinginu.

Stjórnlagaráðið fundaði í þrjár klukkustundir í gær og skiptust ráðsmenn á því að afhrópa stjórnarandstæðinga og hylla forsetann Nicolas Maduro.

Beindist gagnrýnin einkum að hinum nýreknna ríkissaksóknara Luisa Ortega sem er harður gagnrýnandi Maduro. Iris Varela, ein stjórnlagaráðsmanna, kallaði

Ortega til að mynda „úrhrak“. Sagði hún einnig að Ortega „hlykkjaðist eins og ormur“.

Julio Borges, forseti þingsins, var sagður einn helsti óvinur ríkisins á fundinum. Brást hann við með að segja að ríkisstjórnin ætti að hætta að kenna öðrum um ófærir ríkisins heldur lita í eigin barm.

„Sá sem ber ábyrgð á þessu heitir Maduro. Það er tími til kominn að hann líti í spegil og sætti sig við þá staðreynd að hann hefur eyðilagt Venesúela,“ sagði Borges við blaðamenn í gær. – þea



Stjórnlagaráðið kallar stjórnarandstöðuna landráðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Rohingya-múslimar flýja frá Mjanmar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Nærri 20.000 flúið á viku

BANGLADESS Rúmlega 18.000 Rohingya-múslimar hafa flúið til Bangladess frá Mjanmar undanfarna viku. Þjóðflokkurinn flýr átök í Rak-hine-héraði Bangladess en átökin í héraðinu versnuðu til muna þegar Rohingya-múslimar réðust á þrjátíu lögreglustöðvar á föstudag. Yfirvöld svöruðu árásumum með hervaldi.

BBC greindi frá því í gær að þúsundir til viðbótar biði við landamæri ríkjanna í von um að fá inngöngu í Bangladess og þá er jafnframt talið að mikill fjöldi sé fastur á hinu óbyggða landsvæði á milli ríkjanna.

Talið er að að minnsta kosti 100, aðallega Rohingya-múslimar, hafi látið lífið í átökum undanfarið í Rak-hine en samkvæmt BBC fást þær fregnir ekki staðfestar þar sem yfirvöld í Mjanmar vilja ekki ræða við blaðamenn og fáir blaðamenn fá inngöngu í landið. – þea

Börn farast í monsúnflóðum

INDLAND Fimm hafa farist vegna monsúnflóða í indversku borginni Mumbai, þar af tvö ungbörn. Daglegt líf hefur raskast verulega vegna monsúnregns og hefur flug- og lestarferðum verið aflýst. Þá eru fjölmargir vegir algjörlega ónothæfir og tugir þúsunda strandaglópa eru í borginni.

Heimamenn hafa gerst sitt besta til að aðstoða aðkomumenn sem eru strandaglópar í borginni og boðið ókeypis gistingu með því að nota myllumerkið #RainHosts á samfélagsmiðlum.

Minna rigndi í gær en undanfarið en samkvæmt fréttastofu BBC á Indlandi má búast við því að rigning aukist á næstu dögum.

Flóðin í Mumbai fylgja í kjölfar hamfarafloða sem hafa hrellt Suður-Asiubúa og kostað rúmlega 1.200 lífið. Að minnsta kosti 500 þeirra fórust í indverska ríkinu Bihar. – þea

Styttir upp í Houston en áfram spáð ofviðri í Louisiana-ríki

Veðurspár gera ráð fyrir sól í Houston í Bandaríkjunum næstu daga. Harvey stefnir til Louisiana og í norðausturátt en mun ekki fara beint yfir New Orleans. Tala látinna hækkaði í tuttugu í gær. Efnahagslegar afleiðingar stormsins gætu orðið miklar en ekki hefur verið hægt að vinna um tvær milljónir olíutunna.

BANDARÍKIN Útlit er fyrir sól og úrkomuleysi í Houston í Texasríki næstu daga en borgin kom afar illa út úr hitabeltisstorminum Harvey, sem var um skeið flokkaður sem fellibylur. Tala látinna í Houston hækkaði í tuttugu í gær en ekki er vitað hversu margra er saknað. Þúsundir þurftu jafnframt að yfirgefa heimili sín.

Gifurleg flóð skulu á Houston og fleiri svæðum í Texas og gripu sumir íbúar til þess að ræna yfirgefin heimili á meðan ofviðrið gekk yfir. Útgöngubann var sett á í borginni í gær til þess að reyna að koma í veg fyrir slíka glæpi.

Harvey skall á Louisiana-ríki í gærmorgun eftir að hafa farið yfir Mexikóflóa og er búist við því að stormurinn stefni í norðausturátt áður en hann lægir. Mun hann koma við í Missouri, Tennessee og Kentucky.

Stormurinn mun ekki fara beint yfir New Orleans-borg, sem fellibylurinn Katrina lék grátt á síðasta áratug, en þó er búist við miklu regni og jafnvel flóðum í borginni. Spá veðurfræðingar því að um 25 sentimetrar regnvatns muni falla á borgina á 36 klukkustundum.

Til samanburðar mældist úrkoma í Reykjavík allan júlímánuð 37,1 millimetri og 20,1 millimetri í sama mánuði á Akureyri.

Á sumum svæðum Texas mældist úrkoma undanfarinna sólarhringa um 122 sentimetrar sem er næstum jafn mikið og allt árið í fyrra á sömu svæðum, að því er BBC greinir frá.

Mikill fjöldi vinnur nú að björgunarstarfi í Houston til að aðstoða þá sem orðu verst úti í flóðunum. Art Acevedo, lögreglustjóri borgarinnar, sagði við CNN í gær að yfirvöldum hefðu borist um 70.000 símtöl þar sem óskað var eftir hjálpi. „Við biðjum bara til Guðs að tala látinna hækki ekki mikið,“ sagði Acevedo.

Að minnsta kosti 30.000 eru nú heimilislauð í borginni og þá eru mun fleiri án rafmagns. Tugir þúsunda gista í neyðarskýlum.



Íbúar Houston eru enn varaðir við því að aka um götur borgarinnar enda er vatnsgurinn mikill. NORDICPHOTOS/AFP

Í úttekt BBC á afleiðingum Harvey kemur fram að efnahagsleg áhrif ofviðrisins gætu orðið mikil. Til að mynda hafi ekki verið hægt að vinna um tvær milljónir olíutunna, sem jafngildir um tíund af olíuþörf Bandaríkjanna, vegna Harvey en Houston er ein stærsta olíuvinnsluborg Bandaríkjanna. Þá hafi bómullaruppskera á svæðinu einnig eyðilagst sem gæti haft áhrif á bómullarverð. thorgnyr@frettabladid.is

» Yfirvöldum höfðu í gær borist um 70.000 símtöl þar sem óskað var eftir hjálpi. Mikill fjöldi vinnur að björgunarstarfi í Houston við að aðstoða þá sem orðu verst úti í flóðunum.

25

sentimetrar regnvatns munu falla á New Orleans-borg á 36 klukkustundum.

Gagnslaust sé að tala við Kim Jong-un

BANDARÍKIN Donald Trump Bandaríkjaforseti sagði í gær að gagnslaust væri að reyna að ræða við yfirvöld í Norður-Kóreu en einræðisríkið varaði á ný við því í gær að her þess myndi ráðast á bandarísku eyjuna Gvam.

„Bandaríkin hafa rætt við Norður-Kóreu, og sætt kúgun af þeirra hálfu, í 25 ár. Samræður eru ekki lausn,“ tisti forsetinn í kjöl-

far fréttar KCNA, ríkisfréttastofu Norður-Kóreu, af áformum Norður-Kóreuherhers.

Í frétt KCNA í gær segir að eldflaugarskot á þriðjudaginn, þar sem flaug var skotið yfir Japan, hafi verið fyrirboði frekari aðgerða sem munu beinast

á Gvam. Einræðisherrann Kim Jong-un hafi fyrirskipað eldflaugarskotid og að kerfið sem stuðst var við hafi verið „ofurnúttímalagt“. Eldflaugin var sú fyrsta í sögunni sem skotið var frá höfuðborginni Pjongjang.

– þea

CCG

As a christian church known by many from our internet page ccg.org, we know there is considerable interest for our literature in Iceland. Because of this we would like to conduct a seminar for interested persons this autumn.

If anyone would like to meet with us, please contact us at secretary@ccg.org

Velkomin á opnunarhátid!

Draumaverslun föndrarans
Panduro opnar í Smáralind 31. ágúst



Sparaðu
4.500

Opnunartilboð:

Föndurbox fyrir krakka

Sneisafullt box með spennandi föndurvörum fyrir börn frá 3ja ára aldri.

(100 box í boði fyrir fyrstu viðskiptavinina)

3.999
(Fullt verð 8.499)



Sparaðu
2.000

Akrýllitir,
byrjendasett
(Fullt verð 3.999)

1.999
hvert tilboð



Sparaðu
4.000

Hama perlubox
(Fullt verð 5.999)



Sparaðu
3.000

Pixelhobby,
stór pakki
(Fullt verð 4.999)

Sparaðu
2.000



Panduro trélitir, 48 litir (Fullt verð 3.999)

GIACOMO

TOSCA



FRUMSÝND 21. OKTÓBER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BJARNI FRÍMANN BJARNASON** · LEIKSTJÓRI **GREG ELDRIDGE** · TOSCA **CLAIRE**
ANGELOTTI **ÁGÚST ÓLAFSSON** · SAGRESTANO **BERGPÓR PÁLSSON** · SPOLETTA **ÞORSTEINN FREYR**
LEIKMYND **ALYSON CUMMINS** · BÚNINGAR **NATALIA STEWART** · LJÓSAH

MÍÐASALA Á OPERA.IS

PUCCINI

BOCA

2017 Í ELDBORG – HÖRPU

BY RUTTER · CAVARADOSSI KRISTJÁN JÓHANNSSON · SCARPIA ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
SIGURÐSSON · SCIARRONE FJÖLNIR ÓLAFSSON · KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
SÖNNUN ÞÓRÐUR ORRI PÉTURSSON · SVIÐSHREYFINGAR JO MEREDITH

• TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!



ÍSLENSKA ÓPERAN

Tuttugu ár frá andláti Díönu prinsessu

Í dag eru tuttugu ár frá því að heimsbyggðin syrgði Díönu prinsessu í Bretlandi eftir að hún lést í bílslysi í París. Diana var sjálfstæð kona sem skildi við Karl Bretaprins sökum framhjáhalds. Hún áorkaði margt á 36 ára ævi og tók þátt í starfi yfir 100 góðgerðarfélag.

Milljónir manna felldu tár út um allan heim þegar fregnir bárust af því að morgni 31. ágúst 1997 að Díana prinsessa í Bretlandi hefði farist í bílslysi í París.

Díana hafði verið kölluð prinsessa fólksins. Hún var umdeild innan bresku konungsfjölskyldunnar og hafði skilið við eiginmann sinn Karl Bretaprins árið 1996. Hún naut þó mikillar almennrar hylli og lét fljótt mjög til síns taka í margvíslegri góðgerðarstarfsemi.

Þegar Díana lét lífið var hún einungis 36 ára en hafði á stuttri ævi snert líf margra. ABC News greinir frá því að í sviðsljósinu hafi Díana þroskast frá því að vera tvítug ung kona í örmum Karls Bretaprins, eiginmanns síns, í að verða sjálfstæð kona sem tók djarfar tiskuákvæðanir fram til dauðadags þann 31. ágúst 1997. Hún var mikil tiskufyrirmynd eins og má lesa frekar um á blaðsíðu 62 hér í blaðinu.

BBC greinir frá því að fregnir af andláti Díönu hafi valdið uppnámi út um allan heim. Strax frá því að fregnirnar bárust hófust getgátur um hver bæri raunverulega ábyrgð á dauða hennar og bentu margir á konungsfjölskylduna.

En hver var Díana, hvaðan kom hún og af hverju vakti hún svona mikla athygli?

Það var ekki ljóst frá upphafi að Díana, sem bar ættarnafnið Spencer áður en hún gifti sig, myndi verða prinsessa. Hún fæddist árið 1961 í Norfolk á Englandi í vel stæðri fjölskyldu. Foreldrar hennar skildu þegar hún var ung og ólst hún upp hjá föður sínum.

USA Today greinir frá því að árið 1975 þegar hún var þrettán ára gömul erfði faðir hennar titilinn jarlinn af Spencer við andlát föður síns og varð Díana þá lafði Díana. Hún menntaði sig til sautján ára aldurs og lauk prófi í Sviss. Áður en hún varð opinber persóna starfaði hún sem leikskólakennari.

Díana hitti í fyrsta sinn framtiðar-eiginmann sinn, Karl Bretaprins, árið 1977 þegar hún var sextán ára en þá voru Karl og Sara systir hennar kærustupar. Árið 1980 fóru Díana og Karl að fella hugi saman og fljótlega komust breskir fjölmiðlar á snodir um það og fóru að greina frá sambandinu. Í kjölfarið ritaði Filipus, faðir Karls, honum bréf þar sem hann sagði að Karl ætti annaðhvort að hætta með Díönu eða giftast henni. Karl valdi hið seinna.

Í febrúar trúlofuðu Karl og Díana sig og giftust þann 29. júlí 1981 í Pálskirkjunni í Lundúnum. Díana var nýorðin tvítug en Karl var 32 ára. Um 2.500 gestir voru í brúðkaupinu sem var sjónvarpað út um allan heim. Time greinir frá því að áætlað sé að 750 milljónir manna hafi horft á athöfnina í sjónvarpinu.

Eftir brúðkaupið fengu fjölmiðlar í Bretlandi og víðar um heiminn mikinn áhuga á Díönu og varð hún



Díana var verndari margra góðgerðarfélag hér sést hún með skólabörnum árið 1997. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ég fylgi ekki reglubókinni ... Ég fer eftir hjartanu, ekki eftir höfðinu.

Gerðu eitthvert góðverk, án þess að búast við að verða umbunað fyrir, í þeirri vissu að einhver daginn muni einhver gera það sama fyrir þig.

fljótt ein mest myndaða manneskja í heimi. Tugir milljóna króna buðust fyrir myndir af henni.

Næstu árin fóru í barneignir hjá Díönu en hún eignaðist tvo syni, Vilhjálmu og Harry, á tveggja ára tímabili. Fljótlega eftir fæðingu Harrys árið 1984 fóru fregnir að berast af því að ekki væri allt með felldu í hjónabandi þeirra Karls.


Karl hafði verið að halda við gamla kærustu sína, Camillu Parker Bowles, og sagði Díana eftirminnilega í viðtali við BBC árið 1995 að þau hefðu verið þrjú í hjónabandinu. Díana fór sjálf að halda við menn utan hjónabandsins. Árið 1992 skildu þau hjónin að borði og sæng, en skilnaðurinn varð formlegur árið 1996.

Á meðan hún var gift Karli og eftir það sinnti Díana góðgerðarstarfi af ákafa. USA Today greinir frá því að hún hafi verið formaður nefndar eða þátttakandi í starfi yfir 100 góðgerðarfélag á lífsleiðinni. Hún lét sig sérstaklega varða jarðsprengjur í Afríku og alnæmissjúklinga.

Árið 1987 þegar fordómar gegn samkynhneigðum voru miklir og



Díana giftist Karli aðeins tvítug að aldri. NORDICPHOTOS/GETTY



Þeir Vilhjálmur og Harry voru mjög nánir móður sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Margar samsæriskennningar um andlátið

Þegar Díana féll frá fóru strax að þróast samsæriskennningar um dauða hennar, en einhverjir héldu því fram að hún hefði verið myrt. USA Today hefur tekið saman helstu samsæriskennningar.

- Samband Díönu og Fayed leiddi til dauða þeirra (meðal annars talið að konungsfjölskyldan hafi verið á móti sambandinu).
- Díana var ólétt af barni Fayed.
- Bílstjórinn Henri Paul skipulagði morðið.
- Bílstjóri hvíts Fiat Uno-bíls sem elti bílinn inn í göngin var samsekur.
- Einhver varpaði sterku ljósi sem blindaði bílstjóran og leiddi til slyssins.

Stærsta vandamálið í heiminum í dag er skortur á umburðarlyndi. Alla skortir svo umburðarlyndi gagnvart öðrum.

hræðsla við alnæmi í hámarki tók hún í höndina á manni sem þjáðist af alnæmi á spítala í Lundúnum. Með þessu er Díana talin hafa haft þau áhrif að fólk hætti að halda að alnæmi smitaðist með almennri snertingu.

Díana hóf fyrsta langtímasamband sitt eftir skilnaðinn árið 1995 og var í tvö ár með pakistanska skurðlæknum Hasnat Khan.

Þegar Díana lést var hún með nýjum kærasta sínum, Dodi Fayed, en hann lét einnig lífið í árekstrinum. Fayed var kaupsvíslumaður en faðir hans var eigandi lúxusvöruslunarinnar Harrods í London. Þau Díana höfðu verið stutt saman. Þau voru á leið frá Ritz hótelinu í París með bílstjóranum Henri Paul og lífverði.


Time greinir frá því að rekja megi slysið til þess að Paul var mjög ölv-ður undir stýri, en einnig hafi ljósmyndarar verið að elta bílinn og leiddi það til þess að bíllinn skall á vegg í göngum við Alma-brúna í París.

Eftir andlát Díönu hafa fjölmiðlar haft mikinn áhuga á sonum hennar. Nýverið tjáðu bræðurnir sig í fyrsta sinn opinberlega um móðurmissinn. Vilhjálmur lýsti því hvernig þeir bræður hefðu aldrei fengið almennilega að vinna úr sínum málum eftir andlát hennar.

Þeir sem vilja fræðast betur um Díönu prinsessu geta horft á heimildarmyndina Diana: In Her Own Words sem Stöð 2 sýnir klukkan 19.25 í kvöld. Um er að ræða tíma-mótaheimildarmynd þar sem loksins líta dagsins ljós mjög umdeildar upptökur af Díönu.

saeunn@frettabladid.is

Stutt en viðburðarík ævi



NÝR PEUGEOT 3008

BÍLL ÁRSINS 2017 Í EVRÓPU

GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX



KOMDU OG KEYRÐU BÍL ÁRSINS Í DAG

VERÐ FRÁ:
3.740.000 kr.

Eyðsla frá 3,9 l/100 | CO₂ losun frá 104 g/km

VALINN BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2017

Hinn nýi Peugeot 3008 Crossover hlaut hinn eftirsóttu titil „Bíll ársins í Evrópu 2017“ nú núverið. Það er til marks um einstaklega vel heppnaða hönnun og framúrskarandi gæði. Það er sama hvar borið er niður, glæsilegt útlit bílsins að innan sem utan, gæðin, þægindin, aksturseginnleikarnir, allt er eins og best verður á kosið. Peugeot 3008 er hár frá götu, 22 cm undir lægsta punkt og framdrifid er fánlegt með öflugri Grip Control spólvörn sem kemur honum í gegnum erfiðustu aðstæður. Þráðlaus tækni hleður símann þinn og með Mirror Screen tækninni getur þú notað Apple Car Play eða Mirror Link fyrir Android til að tengja snjallsímann við 8" skjáinn. Mátuðu þig í frábær sætin og kíktu á rúmgott farangursrýmið. Peugeot 3008 er tímamótabíll með vél sem núverið hlaut hinn eftirsóttu titil Vél ársins (Engine of the Year).

PEUGEOT 3008

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

MARKAÐURINN

Sterk merki um kólnun skýra lækkanir

Hlutabréfaverð hefur lækkað um hátt í þrettán prósent í sumar. Fjárfestar draga upp dekkri mynd en áður af þróun efnahagsmála og halda fremur að sér höndum. Hægst hefur á vexti ferðaþjónustunnar. Gengissveiflur krónunnar valda fjárfestum auk þess hugarangri.

Kristinn Ingi
Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Visbendingar um að hægst hafi á vexti hagkerfisins skýra að hluta til þær lækkanir sem orðið hafa á innlendum hlutabréfamarkaði í sumar, að mati sérfræðinga sem Fréttablaðið ræddi við. Einn þeirra segir að fjárfestar selji nú í meiri mæli en áður hlutabréf sem gefið hafa af sér ríkulegan arð síðustu ár og leiti þess í stað í öruggari fjárfestingarkosti.

„Ég hugsa að verðþróun á hlutabréfamarkaðinum í sumar taki að miklu leyti mið af þeirri tilfinningu sem fólk hefur fyrir gangi hagkerfisins, að það sé aðeins farið að kólna,“ segir Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka.

Sveinn Þórarinnsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans, segir fjárfesta draga mögulega upp dekkri mynd en áður af þróun efnahagsmála. Þeir séu síður reidubúnir til þess að taka þá áhættu sem felst í kaupum á hlutabréfum.

Eftir skarpa hækkun í aprilmánuði hefur úrvalsvisitala Kauphallarinnar verið á niðurleið síðan í byrjun maímánaðar. Alls hefur visitalan lækkað um 12,7 prósent frá 8. maí síðastliðnum. Þrátt fyrir að flest skráðu félögin hafi skilað ágætis hálfársuppgjörum á undanförunum vikum hefur lítið lát verið á lækkunarhrininu. Þannig hefur úrvalsvisitalan fallið um 5,7 prósent í ágúst mánuði.

Gengi bréfa í Högum hefur lækkað hvað mest í sumar eða um rúm 35 prósent frá því í byrjun maí, en þar fyrir utan hafa hlutabréf fasteignafélaganna Þriggja, Eikar, Regins og Reita, lækkað hlutfallslega mest í verði. Viðmælendur Fréttablaðsins telja enga einhlíta skýringu vera á verra gengi fasteignafélaganna. Hún hafi jafnvel komið nokkuð á óvart. Annar bendir á að verð félögin hafi sveiflast alla jafna í takt við ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði. Krafa hafi lækkað verulega í sumar og því sé ekki óeðlilegt

Hlutabréfaverð á niðurleið

Hlutabréfavisitala GAMMA



Heimild: GAMMA Capital Management

að fasteignafélögin hafi fallið í verði.

Lægri hagvaxtarspá

Margt bendir til þess að hægst hafi á vexti ferðaþjónustunnar. Í hausthefti Peningamála Seðlabanka Íslands er meðal annars bent á að meðalútgjöld á hvern ferðamann hafi dregist saman á árinu. Gefa greiðslukortatölur til kynna að svo verði áfram. Eins benda tölur um fjölda gistinátta til þess að ferðamenn dvelji skemur hér á landi en áður. Ekki er búist við því að ferðamönnum fækki en svo virðist sem hægst hafi á fjölgun þeirra. Minni vöxtur ferðaþjónustunnar gæti leitt til minni hagvaxtar. Þannig niðurfærði Seðlabankinn í síðustu viku hagvaxtarspá sína úr 6,3 í 5,2 prósent. Býst bankinn nú við 3,3 prósentu hagvexti á næsta ári, en áður spáði hann 3,5 prósentu vexti.

Stefán Broddi segir að ein birtingarmynd þess að farið sé að kólna í hagkerfinu sé gengisþróun krónunnar. „Gengi krónunnar hefur veikst í sumar þvert á væntingar

þess að meiri verðbólga kunnist vera í kortunum en margir hafi vænt áður. Það smitast aftur út á skuldabréfamarkaðinn og gerir það að verkum að langtímavextir þar hafa farið hækkandi. Þegar þeir lækka gera fjárfestar hærri ávöxtunarkröfu til félöga á hlutabréfamarkaðinum.

Það fer þá saman að fjárfestar draga úr væntingum sínum til þess virðis sem félögin geta skapað og gera auk þess hærri kröfu til félögunna. Þetta hangir því allt saman,“ segir hann.

Sem dæmi um áhrifin bendir Stefán Broddi á að ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréfum hafi lækkað í gær eftir að Hagstofa Íslands birti nýjar verðbólguáætlingar sem virðisbreytingar myndu gert ráð fyrir. Krafa hafi haft bein áhrif á hlutabréfamarkaðinn sem tók örliðið við sér.

Auk þess nefnir hann að áhrifin af innreið bandaríska risans Costco á innlenda markað hafi verið meiri en margir reiknuðu með. Verslunin

Ég hugsa að verðþróun á hlutabréfamarkaðinum í sumar taki að miklu leyti mið af þeirri tilfinningu sem fólk hefur fyrir gangi hagkerfisins, að það sé aðeins farið að kólna.

Stefán Broddi
Guðjónsson,
forstöðumaður
greiningardeildar
Arion banka



hafi hrist upp í bæði dagvöru- og eldsneytismarkaðinum. Keppinautar verslunarinnar hafi fundið fyrir því.

Krónan hausverkur

Sveinn segir að þrátt fyrir að hlutabréfaverð virðist almennt ekki vera of hátt hafi dregið úr vilja fjárfesta til þess að „stökkva inn á markaðinn“.

„Miklar sveiflur á gengi krónunnar hafa valdið mönnum hugarangri og þá eru ákveðnar vísbendingar um að hægst hafi á vexti ferðaþjónustunnar, sem hefur verið drifkrafturinn í vexti þjóðarþúsins undanfarið ár,“ segir hann.

Sveinn tekur auk þess fram að veltan á markaðinum sé að jafnaði ekki stórvægileg yfir sumartímann. Allar hreyfingar á markaðinum verði því ýktari en ella. „Það þarf ekki marga á sölulhöfðinni til þess að hreyfa við verðinu ef enginn er á kauphöfðinni,“ nefnir hann.

Gengi krónunnar, sem hafi verið afar sveiflukennt síðustu mánuði, sé einnig áhrifabáttur á hlutabréfamarkaði. „Stór hluti af markaðinum, félög eins og Icelandair, Marel, HB Grandi, Össur og Eimskip, er með erlent sjóðstreymi og varðandi hlutabréfaverð slíkra félöga skiptir gengi krónunnar miklu máli. Þó virðist gengisþróunin ekki beint skýra þessa lækkun á hlutabréfamarkaðinum í sumar, því krónan hefur verið að veikjast á sama tíma og úrvalsvisitalan lækkar. Það ætti í raun að vera öfugt, miðað við þunga erlends tekjusjóðstreymis í mörgum félögum,“ segir Sveinn.

Hins vegar valdi mikið flökt á genginu fjárfestum hugarangri og geri það að verkum að þeir haldi fremur að sér höndum.

Stefán Broddi segir ekki ólíklegt að dregið hafi úr flæði í innlend hlutabréf síðustu mánuði, eftir að losað var um fjármagnshöftin fyrir í vetur. „Í framhaldi af þeim aðgerðum jukust tækifæri innlendra fjárfesta til þess að fara með fé sitt úr landi og þá hafa lífeyrissjóðir haldið áfram að fjárfesta erlendis. Það er eðlileg þróun.“

Ég efast þó um að það sé stærsta skýringin á lækkun hlutabréfaverðs. Gögn frá Seðlabankanum um verðbreytingar á hlutabréfum innlendra aðila erlendis gefa sömuleiðis ekki til kynna að stórkostlegar breytingar hafi átt sér stað í erlendum fjárfestingum lífeyrissjóðanna. Þetta er bara framhald á þeirri þróun sem verið hefur.“

Hlutur TM í Stoðum metinn á 1,8 milljarða

Eignarhlutur tryggingafélagsins TM í eignarhaldsfélaginu Stoðum, áður FL Group, var metinn á tæpa 1,8 milljarða í bókum félagsins í lok júnímánaðar. Hluturinn er langsamlega stærsta einstaka fjárfestingareign félagsins.

TM á óbeint 12,5 prósentu hlut í Stoðum í gegnum félagið S122 ehf. og 1,1 prósentu hlut í helstu eign Stoða, evrópska drykkjarframleiðandann Refresco Gerber sem er skráður á markað í Hollandi.

Miðað við núverandi gengi bréfa Refresco Gerber er markaðsvirði félagsins um 163 milljarðar króna. Samkvæmt því er óbeinn hlutur TM í félaginu metinn á um 1.790 milljónir króna.

Stoðir eiga 8,87 prósentu hlut í Refresco og er sá hlutur metinn á um 14,2 milljarða króna.

Sigurður
Viðarsson,
forstjóri TM.



1,1%

er eignarhlutur TM í Refresco Gerber.

Til samanburðar var hluturinn bókfærður á 12,7 milljarða í lok síðasta árs. Eftir yfir tuttugu prósentu hækkun í aprilmánuði hefur gengi bréfa Refresco lækkað um tíu prósent í sumar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í apríl keyptu íslenskir fjárfestar ásamt TM rúmlega fimmtíu prósentu hlut í Stoðum af Glitni HoldCo og erlendum fjármálastofnunum. Auk TM samanstóð kaupendahópurinn af félögum á vegum Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra FL Group, Einari Erni Ólafssyni, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, Örvari Kjærsted, fjárfesti og stjórnarmanni í TM, og Magnúsi Ármanni Jónssyni, fjárfesti og fyrrverandi stjórnarmanni í FL Group. – kj

Forstjóri Skeljungs lætur af störfum

Valgeir M. Baldursson, forstjóri Skeljungs, hefur tilkynnt stjórn félagsins um ákvörðun sína að láta af störfum. Hann hefur gegnt forstjórastarfinu í rúm þrjú ár en leitarnú nýrra áskorana, að því er fram kemur í tilkynningu félagsins til Kauphallarinnar.

Valgeir hefur boðist til að starfa með stjórninni að undirbúningi fyrirhugaðra skipulagsbreytinga hjá félaginu þar til nýr forstjóri hefur verið ráðinn.

Fram kom í tilkynningu frá stjórn félagsins í gær að ákveðið hefði verið að breyta skipulagi Skeljungs. Er stefnt að því að innleiða breytingarnar fyrir lok ársins.

Breytingin felst í því að í stað þess að íslenski og færeyski hluti Skeljungs sé reknir eins og tvö aðskilin fyrirtæki, þá verður nú lítið á alla samstæðuna sem eina heild. Einn forstjóri mun leiða framkvæmdastjórn félagsins. Skipulagið mun byggja á þremur rekstrarstöðum; Færeyjum, Íslandi og þróun.

Ekki er gert ráð fyrir að skipulagsbreytingarnar muni hafa umtalsverð áhrif á afkomu Skeljungs til skamms tíma. Hins vegar er búist við að til lengri tíma muni samlegðaráhrif leiða til lægri kostnaðar, með aukinni samvinnu á milli starf-



Valgeir M. Baldursson, fráfarandi forstjóri Skeljungs.

Til lengri tíma lítið er búist við að fyrirhugaðar skipulagsbreytingar muni leiða til lægri kostnaðar, þá með aukinni samvinnu á milli starfsemi Skeljungs í Færeyjum og á Íslandi.

seminnar í Færeyjum og Íslandi, að því er segir í tilkynningunni.

Valgeir tók við forstjórastarfinu í maí árið 2013, en áður var hann framkvæmdastjóri fjármála- og neytendasviðs félagsins. Hefur hann starfað hjá félaginu frá árinu 2009. Áður gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá SPRON. – kj

SUMAR TILBOÐ BÍLALANDS



Bíland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!



<p>52.201 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 390163</p> <p>BENZ GLK 220 4Matic Nýskr. 06/14, ekinn 63 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 4.690 þús. kr. SUMARVERÐ: 3.990 þús. kr.</p>	<p>69.086 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 144216</p> <p>KIA Sorento III 7 manna Nýskr. 04/16, ekinn 69 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 5.890 þús. kr. SUMARVERÐ: 5.290 þús. kr.</p>	<p>19.731 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 144196</p> <p>NISSAN Note Acenta Nýskr. 04/15, ekinn 80 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890 þús. kr. SUMARVERÐ: 1.490 þús. kr.</p>	<p>28.823 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 144211</p> <p>SKODA Octavia Ambiente Combi Nýskr. 01/14, ekinn 94 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.690 þús. kr. SUMARVERÐ: 2.190 þús. kr.</p>	<p>19.662 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370657</p> <p>HYUNDAI i30 Wagon Nýskr. 12/09, ekinn 121 þ.km, bensín, beinskíptur. Verð 1.290 þús. kr. SUMARVERÐ: 950 þús. kr.</p>
<p>39.213 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370687</p> <p>SUBARU Outback LUX Nýskr. 03/15, ekinn 155 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 3.590 þús. kr. SUMARVERÐ: 2.990 þús. kr.</p>	<p>32.719 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370663</p> <p>RENAULT Kadjar Zen 4WD Nýskr. 09/15, ekinn 83 þ.km, dísil, beinskíptur. Verð 2.990 þús. kr. SUMARVERÐ: 2.490 þús. kr.</p>	<p>35.317 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 121279</p> <p>HYUNDAI iX35 Comfort Nýskr. 05/14, ekinn 101 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 3.190 þús. kr. SUMARVERÐ: 2.690 þús. kr.</p>	<p>30.121 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 400060</p> <p>PEUGEOT 3008 Nýskr. 10/14, ekinn 48 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.690 þús. kr. SUMARVERÐ: 2.290 þús. kr.</p>	<p>31.420 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370634</p> <p>KIA Soul EX Nýskr. 04/15, ekinn 41 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.790 þús. kr. SUMARVERÐ: 2.390 þús. kr.</p>
<p>48.305 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 143581</p> <p>NISSAN X-Trail SE Nýskr. 06/14, ekinn 50 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 3.990 þús. kr. SUMARVERÐ: 3.690 þús. kr.</p>	<p>21.030 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370609</p> <p>HYUNDAI i40 Wagon Style Nýskr. 11/13, ekinn 172 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.190 þús. kr. SUMARVERÐ: 1.590 þús. kr.</p>	<p>28.823 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 390099</p> <p>KIA Ceed EX Wagon Nýskr. 05/14, ekinn 85þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.590 þús. kr. SUMARVERÐ: 2.190 þús. kr.</p>	<p>21.653 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 121256</p> <p>HYUNDAI i30 Comfort Wagon Nýskr. 06/08, ekinn 153 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 990 þús. kr. SUMARVERÐ: 690 þús. kr.</p>	<p>18.432 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370530</p> <p>RENAULT Megane Sport Tourer Nýskr. 06/13, ekinn 70 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 1.890 þús. kr. SUMARVERÐ: 1.390 þús. kr.</p>
<p>49.604 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370525</p> <p>SUBARU Outback LUX Nýskr. 10/15, ekinn 101 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 4.590 þús. kr. SUMARVERÐ: 3.790 þús. kr.</p>	<p>23.627 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 370464</p> <p>RENAULT Megane Scenic III Nýskr. 07/13, ekinn 75 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.490 þús. kr. SUMARVERÐ: 1.790 þús. kr.</p>	<p>31.420 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 144212</p> <p>KIA Sportage III Nýskr. 12/13, ekinn 128 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.990 þús. kr. SUMARVERÐ: 2.390 þús. kr.</p>	<p>95.062 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 284336</p> <p>LAND ROVER Discovery 4 S Nýskr. 12/14, ekinn 73 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 7.790 þús. kr. SUMARVERÐ: 7.290 þús. kr.</p>	<p>52.201 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>  <p>Rnr. 283967</p> <p>HYUNDAI Santa Fe III Comfort Nýskr. 06/15, ekinn 72 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 4.790 þús. kr. SUMARVERÐ: 3.990 þús. kr.</p>

Loftslagsbörnin



Kjartan Hreinn Njálsson

kjartanh@frettabladid.is

Það fellur í skaut komandi kynslóða að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. Eftir rúmlega tvö hundruð ár af framförum og tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda finnum við nú fyrir fyrstu hrinu áfalla sem rekja má til hnattrænna breytinga á veðrakerfum Jarðarinnar. Á komandi áratugum munu þessi áhrif magnast og verða sífellt skelfilegri fyrir samfélag manna og náttúruna sem við eigum tilvist okkar að þakka.

Að óbreyttu mun hitastig plánetunnar halda áfram að hækka, með þurrkum, skógareldum og hitabylgjum. Fellibyljir verða öflugri og sjávarstaða mun hækka um 30 til 120 sentímetra fyrir árið 2100.

Þjóðir heims hafa sameinast um sögulegt samkomulag sem felur í sér að halda hnattrænni hlýnun vel undir tveimur gráðum (hlýnun miðað við tíma fyrir iðnbýltinguna er í kringum eina gráðu núna). Þó svo að lítið bóli á róttækum aðgerðum og óstöðugt stjórnmálaástand í nokkrum af helstu iðnríkjum heims ögni þessu markmiði, þá er ekki öll von úti.

Breytingar á loftslagi Jarðarinnar eru óumflýjanlegar, það eina sem við getum gert er að berjast fyrir því að halda þeim í lágmarki. Börnin okkar þurfa að heyja þessa baráttu á sama tíma og þau takast á við breyttan veruleika.

Framlag einstaklingsins til að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda er takmarkað, en þó mikilvægt. Þjóðríkin, borgaryfirvöld og einkafyrirtækin verða að axla sína ábyrgð. Einstaklingarnir, ég og þú, getum með okkar litla framlagi mótað nauðsynlegan tíðaranda breytinga. Gjörðir okkar geta hraðað orkuskiptum og breytingum á þjóðmálastefnum sem annars tæki áratugi að ná í gegn.

Þannig þurfum við að hefja undirbúning ungra fólksins fyrir þessa baráttu og útskýra fyrir því að gamlar og skynsamlegar hugmyndir eins og að flokka rusl eru ekki til þess fallnar að hafa mikil áhrif. Til þess að hafa raunveruleg áhrif þarf komandi kynslóð að taka upp billausan lífsstíl, eignast færri börn, draga úr flugferðum og leggja meiri áherslu mataræði sem byggir á grænmeti. Á sem neytir fyrst og fremst grænmetisfæðis leggur fjórum sinnum meira af mörkum til minnkunar losunar en sá sem aðeins flokkar og endurvinnur rusl. Þetta eru þær aðferðir sem skila mestu, bæði þegar horft er til losunar og áhrifa á stefnu-mörkun.

Þetta er þekking sem börnin okkar fá ekki á skoðanasíðum Fréttablaðsins. Þetta er þekking sem fæst með uppeldi og kennslu. Þar sem við gefum komandi kynslóðum breytt heimili í vöggugjöf, þá ættum við einnig að gefa þeim þekkinguna og viðhorfið sem þarf til að hafa áhrif á þann heim.

Gjörðir okkar geta hraðað orkuskiptum og breytingum á þjóðmálastefnum sem annars tæki áratugi að ná í gegn.

Halldór



Frá degi til dags

Brothætt staða
Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavíkurborg stendur með palmann í höndunum nú þegar kosningavetur fer senn í hönd. Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins fengi hann þriðjung atkvæða og væri tvöfalt stærri en VG. Þetta er ágætis veganesti en Sjálfstæðismenn verða þó að vinna heimavinnuna sína. Vel heppnað leiðtogaþrófjör og skynsamlega uppstilltur listi gæti skilað flokknum sigri. Reynsla flokksins sýnir hins vegar að mistök við uppstillingu gætu orðið til þess að allt færi fyrir bi.

Fullkomið dómgreindarleysi
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður allsherjar- og menntamálanefndar, gerðist sek um fullkomið dómgreindarleysi þegar hún óskaði opinberlega eftir streymi á bardaga Conors McGregor og Floyds Mayweather á samfélagsmiðunum. Bardaginn var sýndur í áskriftarsjónvarpi Stöðvar 2, sem hafði einkarétt á sýningunni hér á landi. Rekstrarstaða fjölmiðla í dag er erfið. Þingmaður verður að gera sér grein fyrir því. Það á einkum við um formann nefndarinnar sem hefur það hlutverk að fjalla um stöðu fjölmiðlanna. Það stóðar lítið að bera við hvatvísi og hugsunarleysi.
jonhakon@frettabladid.is

Aukum jöfnuð



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Í nýrri könnun ASÍ kemur fram að skattar hafa hækkað á alla tekjuhópa frá árinu 1998, langmest á þá tekjulægstu. Á þessum 19 árum hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið í ríkisstjórn í 15 ár, lengst af í öndvegi. Hann hefur horn í síðu skatta og litur alls ekki á þá sem leið til tekjujöfnunar. Þess vegna hefur Sjálfstæðisflokkurinn nú og á síðasta kjörtímabili, dregið úr þrepaskiptingu skattkerfisins, afnumið auðlegðarskatt og stórminkað barna- og húsnæðisstuðning. Álögum hefur verið létt af ríkasta fólki landsins en verið auknar á venjulegt fólk, ekki síst þá tekjulægstu. Þetta er ómannúðleg forgangsröðun í samfélagi þar sem fjöldi fólks, á öllum aldri, berst í bökkum og meira en 6.000 börn búa við skort. Og það í góðæri.

Sífelld fleiri alþjóðlegar rannsóknir sýna að mikill jöfnuður er líklegur til að skapa friðsælt, kraftmikið samfélag og því skiptir jöfnunarhlutverk skattkerfisins miklu máli. Sú staðreynd að danskt lágtekjufólk sé mun líklegra til að upplifa „ameríska drauminn“ en fólk í sömu stöðu í Bandaríkjunum talar líklega sínu máli.

Hún er vel þekkt mantra Sjálfstæðisflokksins um að ævinlega beri að lækka skatta, enda sé einstaklingurinn ávallt betur til þess fallinn en ríkið, að ráðstafa tekjum sínum. Þessi frasi er yfirborðskenndur, villandi og skammsýnn; hann dugur ekki einu sinni til að tryggja vel launuðu fólki öryggi, hvað þá hinum tekjulægri. Flest lendum við nefnilega í veikindum eða stórum áföllum á ævinni og án sterkra samneyslu værum við langflest illa í stakk búin til að mæta þeim. Því væri nær að fullyrða að réttlát skattgreiðsla sé gáfulegasta fjárfesting sem flestir Íslendingar taka þátt í á ævinni.

Í nýsamþykktri fjármálaáætlun fullyrða Sjálfstæðisflokkurinn, Viðreisn og Björt framtíð að skattar séu andstæða frelsis. Þótt þessi fífilbrekkulega fullyrðing virðist kannski léttvæg, felst í henni nútíðar fram-tíðarsýn. Fram undan er hatrömm baráttu milli þeirra flokka sem munu auka bilið milli þeirra efnameiri og tekjulægri, og hinna sem vilja byggja samfélag aukins jöfnuðar.

GS IMPORT

Allur borðbúnaður fyrir veitingahús

gsimport.is
892 6975

Þaðan koma þjófsaugun

Í DAG



Porvaldur
Gylfason

Hún heitir Isabel dos Santos og er sögð vera ríkasta kona Afríku. Eignir hennar eru metnar á 3,5 milljarða Bandaríkjadala eða 375 milljarða íslenskra króna. Fjárhæðin er stjarnfræðileg: hún jafngildir samanlögðum skuldum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í árslok 2015 skv. upplýsingum Hagstofu Íslands. Isabel dos Santos er einn valdamesti viðskiptajöfurinn í Portúgal í krafti eignarhalds á umtalsverðum hlut í bönkum, fjölmiðlum og orkufyrirtækjum Portúgals að ekki sé minnt á eignir hennar heima fyrir.

Ög hver skyldi hún vera þessi kona? Hún segist vera athafnaskáld. Ég byrjaði að selja egg þegar ég var sex ára gömul, segir hún hróðug. Hún er forstjóri ríkisolíufélagsins í landi sínu og á ráðandi hlut í stærsta bankanum. Faðir hennar heitir José Eduardo dos Santos og var forseti Angólu í 38 ár samfleytt þar til um daginn að hann vék hálfátræður að aldri fyrir nýjum forseta en þó ekki fyrir en hann hafði falið dóttur sinni stjórn olíufélagsins.

Fólkið er fátækt þótt landið sé ríkt

Angóla á sér blóði drifna sögu. Þar var fyrst háð frelsisstríð gegn portúgölskum nýlenduherrum 1961-1974 og síðan borgarastyrjöld 1975-2002 svo hvergi stóð steinn yfir steini. Þegar friður brauzt út 1975 breytti höfuðborgin Lúanda undrafljótt um svip og varð ein dýrasta borg heims. Kókdósín kostaði tíu dali sem er vel yfir þúsundkall. Skýjakljúfar flugu upp í krafti olíuútlutningstekna sem námu samtals 600 milljörðum dala 2002-2015. Summan jafngildir um 80.000 dólum eða 8,5 mkr. á hverja 4ja manna fjölskyldu í landinu. Féð skilaði sér þó ekki nema að sáralitlu leyti til fólksins, réttis eiganda olíuauðsins skv. alþjóðasáttmálum um mannréttindi. Stjórnarskrá Angólu frá 2010 er því marki brennd að náttúruauðlindir landsins eru þar lýstar ríkiseign frekar en þjóðareign. Þessi galli auðveldar handhöfum ríkisvaldsins að hlunnfara þjóðina í eigin þágu.

Fólkið er því enn sem fyrr bláfátækt þótt landið sé ríkt. Helmingur vinnandi fólks þarf að skrimta á þrem dólum á dag, röskum 300 krónum. Sjötta hvert barn deyð áður en það nær fimm ára aldri sem er mesti barnadauði sem þekktist um heiminn. Lýðræði er ábótavant svo fólkið getur ekki vegna fátæktar og skorts á mannréttindum borið hönd fyrir höfuð sér. Yfirstéttin með fjölskyldu forsetans fv. í broddi fylkingar kemst því upp með að láta greipar sópa. Þegar rannsókn var hafin í Portúgal á fjárböðun og mótum Angóla í Portúgal og Angólar kvörtuðu undan rannsókninni baðst ríkisstjórn Portúgals afsökunar á ónæðinu. Portúgal er þvottavél, segja Angólar.

Frá auðræði til þjófræðis

Skýringarinnar á því sem gerzt hefur í Angólu er ekki langt að leita. Oliu er auðstolið. Ef fátækt og skortur á lýðræði og mannréttindum veita almenningi ekki nauðsynlega vernd getur spillt og grádugt fólk gengið á lagið og farið sínu fram. Þannig getur fátæði (e.

oligocracy) snúizt upp í auðræði (e. plutocracy) og þaðan í þjófræði (e. kleptocracy) eins og gerzt hefur í Angólu og ekki bara þar heldur einnig t.d. í Nígíeru, Rússlandi, Sádi-Arabíu og Úkraínu. Þannig var þetta í Kongó sem hét þá Saír á löngum valdatíma Móbutús forseta 1965-1997 og er enn. Yfirleitt eru ríkulegar náttúruauðlindir, einkum olía og góðmálar, uppspretta ófagnadans eins og í löndunum að framan, en þó koma

önnur hlunnindi, ríkiseignir og upptaka þeirra einnig við sögu eins og t.d. í Kína og miklu víðar. Tyrkland og Ungverjaland færast nú nær þjófræði þótt hvorugt landið eigi umtalsverðar náttúruauðlindir. Þar reyna stjórnarherrarnir að koma málum svo fyrir að þeir sitji helst einir að öllum helztu gögnum og gæðum og andstæð öfl eigi litla sem enga möguleika á að ná völdum eftir leikreglum lýðræðis.

Þrjú einkenni þjófræðis

Mörkin milli auðræðis og þjófræðis eru stundum óljós. Einn skýr vottur þjófræðis er auðsófnun stjórnmálamanna, vina þeirra og vandamanna langt umfram framtaldar tekjur þeirra af stjórnmála- og embættisstörfum. Annar vottur er þverrandi virðing stjórnmálamanna fyrir lýðræði, gagnsæi, lögum og rétti og ágeng eftirsókn þeirra og vina þeirra eftir yfirráðum yfir eða eignarhaldi á

bönkum og ríkisfyrirtækjum auk náttúruauðlinda. Þriðji vottur þjófræðis er pilsfaldakapítalismi, öðru nafni sósíalismi andskotans sem gengur út á að hirða allan ávinning í eigin vasa en varpa áhættu og tapi yfir á saklausa vegfarendur með ríkisvaldið að vopni.

Þessi einkenni skarast. Þeim sem sölsa undir sig og sína auðlindir í þjóðareigu er t.d. varlega treystandi fyrir sölu ríkiseigna. Kannast nokkur við það?

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

REYKJAVÍKURBORGAR

JÓHANNES ÆTLAR AÐ VERÐA LANDSLIÐSMANNA Í KÖRFUBOLTA

LANGAR ÞIG AÐ VINNA MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS?

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar óskar eftir fólki til starfa við fjölbreytt störf með börnum og unglíngum. Undir skóla- og frístundasvið heyrar:

- LEIKSKÓLAR
- GRUNNSKÓLAR
- FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVAR

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/laus-storf/sfs

ÁFRAM ÍSLAND



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Djúpt kafað í vasa krabbameinsveikra



Ragnheiður Davíðsdóttir
verkefnastjóri
hjá Krafti

Varla hefur farið fram hjá mörgum þung greiðslu-byrði þeirra sem greinast með krabbamein hér á landi. Í allt of mörgum tilfellum eru krabbameinssjúklingar, og fjölskyldur þeirra, að sligast undan hárrí kostnaðarþátttöku í heilbrigðiskerfinu. Þótt eitthvað hafi miðað í rétta átt að undanförunu eru þess enn fjölmörg dæmi að fólk þurfi að greiða hundruð þúsunda í læknis- og lyfjakostnað á meðferðartímanum.

En þótt hér sé aðeins nefndur sá kostnaður sem niðurgreiddur er af hinu opinbera, eru þeir ófáir kostnaðarliðirnir sem Sjúkratryggingar taka of litinn eða engan þátt í. Þar má t.d. nefna tannlækjakostnað en það er þekkt staðreynd að sterk lyf hafa slæm áhrif á tannheilsu. Þá má

nefna sálfræðipjónustu sem margir sem glíma við lífsögnandi sjúkdóma þurfa að sækja sér. Að auki þurfa margir krabbameinssjúklingar á augndropum að halda sem eru mjög dýrir. Dýrast af öllu er þó tæknifrjögunarferli sem krabbameinsveikir þurfa oft og tíðum að gangast undir ef þeir hyggja á barn-eignir eftir greiningu en sem kunnugt er hafa lyfjagjafir neikvæð áhrif á getnað með eðlilegum hætti.

Ung kona greinist nýlega með brjóstakrabbamein og ákveður að fara í tæknifrjögungu til þess að eiga möguleika á að eignast barn með manni sínum. Fyrsta meðferðin kostar í heild sinni 455.000 krónur, önnur og þriðja meðferð 230 þúsund krónur. Ef meðferðirnar skila ekki árangri eftir þessi þrjú skipti, þarf að greiða 455.000 í hvert sinn eftir það. Þessi tiltekna kona hefur því greitt kr. 1.025.000 krónur en inni í þeirri upphæð er lyfjakostnaður og geymslugjald fösturvísa. Þegar þetta er ritað er óvíst með árangur og því gæti konan þurft að greiða enn hærri upphæð til þess að öðlast möguleika á að eignast barn.

Þess eru mörg dæmi meðal félagsmanna Krafts að ungt fólk hafi greitt á aðra eða þriðju milljón króna vegna tæknifrjögungunar þar sem alls óvíst er með árangur. Það ætti ekki að vera háð fjárhagsstöðu einstaklinganna, hvort þeir hafi möguleika á að eignast barn eftir krabbameinsgreiningu. Kraftur styður unga félagsmenn sína fjárhagslega til að standa straum af kostnaði vegna læknisverka og lyfjakaupa í gegnum neyðarsjóð félagsins auk þess sem það veitir félagsmönnum sálfræðitíma, án endurgjalds. Enn sem komið er hefur félagið ekki bolmagn til að styrkja ungt fólk í félaginu til að greiða kostnað vegna tæknifrjögungunar eða tannlæknaþjónustu.

Það var vissulega von okkar þegar við stofnuðum neyðarsjóðinn að hann yrði ekki langlífur, þ.e. að sá tími kæmi fljótlega að kostnaðarþátttakan lækkaði verulega eða hvarfi með öllu, eins og þekktist í samanburðarlöndunum. Eins og nú horfir, eru engar líkur á að neyðarsjóðurinn verði óþarfur. Einkaaðilar hafa skynjað þessa neyð ungra krabbameinssjúklinga og fyrir

skömmu bauð Apótekarinn félagsmönnum Krafts á aldrinum 18-45 ára sem greinst hafa með krabbamein, endurgjaldslaus lyf sem tengiast sjúkdómnum. Það er sorgleg staðreynd að litíð göðgerðarfélag, eins og Kraftur, og einkaaðilar þurfi að styðja fólk fjárhagslega til að það hafi efni á að berjast við lífshættulegan sjúkdóm.

Kraftur myndi gjarnan vilja létta sínum skjólstaðingum lífið á annan hátt, t.d. með því að styrkja fólk til að sækja námskeið, til ferðalaga og til annars konar afþreyingar sem léttir þeim lífið á erfiðum tíma. En meðan ástandið er svona í heilbrigðiskerfinu, bendir fátt til þess að sá draumur verði að veruleika.

Enn er ónefndur tilfinnanlegur kostnaður krabbameinsgreindra sem felst í bilastæðagjöldum við Landspítalann. Ungur maður sem greindist fyrir rúmlega einu ári hefur greitt samtals 52.000 krónur í bilastæðagjöld á þessum tíma á meðan hann sækir sér meðferð á spítalanum. Kraftur hefur bent á þetta misrétti og komið með tillögu sem felst í því að sjúklingurinn fái



Enn er ónefndur tilfinnanlegur kostnaður krabbameinsgreindra sem felst í bilastæðagjöldum við Landspítalann. Ungur maður sem greindist fyrir rúmlega einu ári hefur greitt samtals 52.000 krónur í bilastæðagjöld á þessum tíma á meðan hann sækir sér meðferð á spítalanum.

kort sem sett er í bílinn sem veitir honum rétt á endurgjaldslausu bílastæði í tiltekinn tíma á meðan hann þarf að mæta reglulega í meðferðir eða læknisheimsóknir. Heilbrigðisstarfsfólk á spítalanum hefur einnig barist fyrir þessu máli, en án árangurs. Getum við virkilega talið okkur velferðarþjóðfélag þegar svo er búið að þegnum okkar að fjárhagslegri afkomu þeirra er stefnt í voða, veikist þeir af lífsögnandi sjúkdómi?

Sjálfstæðisflokkurinn og Donald Trump



Rósa Björk Brynjólfsson
þingmaður VG,
situr í utan-
ríkismálanefnd
Alþingis

Donald Trump á engan sinn líka. Á sinni skömmu en dramatísku forsetatíð hefur hann dregið niður virðingu fyrir stöðu Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi. Sem forseti hefur hann ráðist í orði og í verki gegn grundvallarmannréttindum samfélagshópa, bæði í Bandaríkjunum og hjá þeim

sem vilja koma til landsins. Hann er forseti sem hefur sett Bandaríkin á kaldan klaka þegar kemur að alþjóðlegum aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Hann er forseti sem hikar ekki við að nýta sér forsetaembættið til að þjóna persónulegum viðskiptahagsmunum. Donald Trump er enda óvinsælasti forseti Bandaríkjanna sem sögur fara af.

Steininn tók auðvitað úr þegar Trump sýndi sitt rétta andlit í kjölfar hryllingsins í Charlottesville. Þegar hópur Ku Klux Klan og nýnasista þrammaði, vopnaður og ógnandi um göturnar til að mótmæla því að fjarlægja átti stytta sem hyllir kynþáttahyggju Suður-



Íslenskir ráðherrar, talsmenn þjóðarinnar, eiga að vera óhræddir við að gagnrýna kynþáttahatur og beinan eða óbeinan stuðning við það. Annað er undirlægjuháttur ráðamanna sjálfstæðs ríkis og á ekkert skylt við utanríkisstefnu Íslands.

ríkjanna og þrælshald á þeldökku fólki. Heimurinn horfði í forundran þegar ung kona lést í mótmælum við rasistana. Langflestir bjuggust auðvitað við fordæmingu æðsta ráðamanns bandarísku þjóðarinnar. En viðbrögð Donalds Trump létu á sér standa – rétt eins og fordæmingin á hatrinu og ofbeldinu.

Heimsbyggðinni blöskraði þegar Trump sagði í kjölfar mótmælanna að í báðum hópum væri afar gott fólk og að róttækir vinstrimenn (alt-left) ættu jafna sök á ofbeldinu sem braust út í Charlottesville. Forseta Bandaríkjanna mistókst þar með herfilega að stíga niður fæti, draga línu um hvað má og hvað má ekki í síðudu ríki. Honum mistókst að fordæma djúpstætt hatur hvíttra kynþáttahata og mistókst að halda á lofti virðingu fyrir fórnarlömbum bæði seinni heimsstyrjaldarinnar og Þrælstríðsins. Honum mistókst að halda á lofti virðingu fyrir mannréttindum.

Niðurlægning Bandaríkjanna getur vart orðið meiri á alþjóðavettvangi. Hneykslunarviðbrögð létu enda ekki á sér standa, hvorki innan Bandaríkjanna né utan. Tveir fyrrverandi Bandaríkjaforsetar úr flokki Trumps stígu fram og gerðu það sem alvöru forseti hefði gert; að fordæma hatur af hvers kyns tagi, sér í lagi kynþáttahatur.

Forsætisráðherra Bretlands fordæmdi hvers kyns kynþáttahatur. Viðbrögð hennar þóttu samt of slök og þrýst var á hana af almenningi, fjölmiðlum og stjórnmálafólki í Bretlandi að tala skýrar gegn síðblindum forsetanum og hún hvött til að taka ekki á móti Trump í opinbera heimsókn til Bretlands. Þýski innanríkisráðherrann fordæmdi harðlega orð Trumps og það gerði einnig leiðtogi þýsku stjórnarandstöðunnar. Evrópusambandið og leiðtogar á



alþjóðavettvangi fordæmdu kynþáttahatur og afsakanir Trumps. Og nefnd Sameinuðu þjóðanna um útrýmingu kynþáttamismununar varar nú við málflutningi kynþáttahata í Bandaríkjunum og hvetur æðstu ráðamenn þjóðarinnar að hafna skýrt og afdráttarlaust málflutningi kynþáttahata.

Hér heyrir ekki múkk

En hér á Íslandi heyrir ekki múkk frá ráðherrum Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn Íslands. Það er eins og ekki megi gagnrýna Trump. Utanríkisráðherra og forsætisráðherra fara eins og kettir kringum heitan graut þegar kemur að hinum ruglaða Bandaríkjaforseta.

Utanríkisráðherra Íslands talar enn þá um það (Helgarútgáfan 13. ágúst Rás 2) að enn eigi eftir „að koma í ljós hvernig forseti Trump sé, að hann sé „bara“ búinn að vera í embætti í 200 daga og „...“ við þurfum nú að sjá hvernig ríkisstjórn Trumps eigi eftir að vera“. Trump þurfi nú tíma. Sama dans í kringum Bandaríkjaforsetann hefur Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, dansað. Trump sé að mörgu leyti „óvenju-

legur forseti“ eins og Bjarni hefur orðað það pent.

Jafnvel þó að Trump sé allrar gagnrýni verður, þá virðist ráðherrum Sjálfstæðisflokksins það lífsins ómögulegt að gagnrýna orð hans og gerðir. Það var ekki fyrr en allir aðrir forsætisráðherra Norðurlandanna hörmuðu að Trump ákvað að slíta Bandaríkin frá Parísarsamkomulaginu, að Bjarni Benediktsson lét til leiðast í eitt skiptið að gagnrýna Trump. Með semingi þó.

Donald Trump þarf alls ekki meiri tíma til að réttlætlanlegt sé að gagnrýna hann. Hann hefur nú þegar haft nægan tíma til að sýna nákvæmlega hvers konar forseti hann er. Af nógu er að taka. Forseti sem fordæmir minnihlutahópa, sýnir kvenfyrirlitningu og hótar kjarnorkustríði gegn N-Kóreu – en getur alls ekki fordæmt hvíta nasista – er fyllilega þess verður að gagnrýna með skýrum hætti.

Íslenskir ráðherrar, talsmenn þjóðarinnar, eiga að vera óhræddir við að gagnrýna kynþáttahatur og beinan eða óbeinan stuðning við það. Annað er undirlægjuháttur ráðamanna sjálfstæðs ríkis og á ekkert skylt við utanríkisstefnu Íslands.



Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

**VIÐ ERUM AÐ
TALA UM GLEÐI**

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

BETRI NOTAÐIR BÍLAR Á BETRA VERÐI



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

BNB



Toyota Hilux VX dísel, beinsk.
Lok á pall, dráttarbeisli ofl.
Á götuna 2/17 ekinn 8000 km.
Verð 6.360.000,- Rn. 991284
Betra verð 5.790.000,-

BNB



Toyota Rav4 VX
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 12/15 ekinn 41.000 km.
Verð 5.190.000,- Rn. 991096
Betra verð 4.730.000,-

BNB



Toyota Proace LX langur
Dísel, beinsk.
Á götuna 5/16 ekinn 26.000 km.
Verð 3.490.00,- Rn. 990949
Betra verð 2.990.000,-

BNB



Lexus NX300h F-Sport, sóllúga
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 7/16 ekinn 19.800 km.
Verð 8.290.000,- Rn. 991081
Betra verð 7.690.000,-

BNB



Toyota Auris wagon live
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/16 ekinn 33.000 km.
Verð 2.690.000,- Rn. 991228
Betra verð 2.430.000,-

BNB



Toyota Corolla S/D Active
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 5/16 ekinn 31.000 km.
Verð 3.450.000,- Rn. 991199
Betra verð 3.290.000,-

BNB



Toyota Aygo x-Play
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/16 ekinn 11.000 km.
Verð 1.690.000,- Rn. 991255
Betra verð 1.550.000,-

BNB



Lexus IS300h EXE Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 5/14 ekinn 28.000 km.
Verð 4.290.000,- Rn. 991206
Betra verð 3.950.000,-

BNB



Toyota Auris Live
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/13 ekinn 75.000 km.
Verð: 1.960.000,- Rn. 991268
Betra verð 1.770.000,-

BNB



Toyota Avensis S/D Active
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 4/16 ekinn 32.000 km.
Verð 3.390.000,- Rn. 991231
Betra verð 3.190.000,-

BNB



Toyota Landcruiser 150 GX leður
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 9/15 ekinn 38.000 km.
Verð 8.490.000,- Rn. 991176
Betra verð 7.990.000,-

BNB



Toyota Yaris Active Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 1/17, ekinn 3500 km.
Verð 3.090.000,- Rn. 991278
Betra verð 2.790.000,-
Glerpak, krómlistar, filmur ofl.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR VEITA ÞÉR HUGARRÓ

Þeir hafa staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og eru í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Betri notaðir bílar eru á útsvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kaupþúni. Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örug og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakaupthuni.is

Opið mán - fös:
07.45 - 18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir
bílar

UB
Umboðssölu-
bílar

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á
MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

BÚDDA HÖFUÐ
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 3.990,- **NÚ 3.218,-**



HAAG SÓFI
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 199.900,- **NÚ 161.219,-**

TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM

LJÓSAKRÓNA
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 16.990,- **NÚ 13.702,-**



HAVANNA BORD
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 59.900,- **NÚ 48.309,-**



RUGGUSTÓLL
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 29.900,- **NÚ 24.114,-**



VEGGMYND
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 2.990,- **NÚ 2.411,-**



HAVANNA STÓLL
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 9.990,- **NÚ 8.057,-**

BÓKABOX
19.35% AFSLÁTTUR
Áður frá 990,- **NÚ frá 798,-**



ANNOT SÓFABORÐ 44,5x44,5
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 2.990,- **NÚ 2.411,-**



ANNOT SÓFABORÐ 55x49
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 3.990,- **NÚ 3.218,-**

NOTTING HILL SÓFI
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 179.900,- **NÚ 145.089,-**



the
PIER

ÚTSALA

Lokadagar

ÚTIVISTARFATNAÐUR

50-70%
AFSLÁTTUR

SVEFNPOKAR OG BAKPOKAR

30%
AFSLÁTTUR

VANGO GÖNGUTJÖLD

20-30%
AFSLÁTTUR

GÖNGUSHÓR

20-70%
AFSLÁTTUR

LAGERSALA REIÐHJÓL

AÐEINS Í 3 DAGA

50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM

REIÐHJÓLUM



KRÓNAN

Ferskt

frá akri til okkar
á **4 dögum**

Beint frá
Kaliforníu

Ódýrt

499

kr.
pk.

Jarðarber, Driscolls, 454 g, USA



Tilboðin gilda til 3. september. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

-40%



**Krónan
mælir með!**



1399 kr. kg

Lambalærisssneiðar

Verð áður ~~2369~~ kr. kg

-30%



1199 kr. kg

Lamba mjaðmasteik

2699 kr. kg

Ungnauta entrecote, Þýskaland

Verð áður ~~3899~~ kr. kg

-25%

Af öllu Rana pasta



KRÓNAN

Ferskt Íslenskt grænmeti



399 kr. pk.

Sólheima lífrænir Sólskinstómatar, 250 g

579 kr. kg

Íslenskt blómkál og spergilkál

249 kr. kg

Íslenskt hvítkál



KRÓNAN



**Heitt
og klárt**



Heill grillaður kjúklingur og
2 lítrar af Coca-Cola eða Topp

1499

kr.
pk.



Tilboðin gilda til 3. september. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Örstutt
í þjónustu
og verslun



Fjölskylduvænt
hverfi



Opið hús á Ásbrú á sunnudaginn

kl. 14:00-16:00

Hagkvæmar íbúðir 89-130 fm²



Grunnskólar
í fremstu röð



Störfum
fjölgar hvergi
jafn mikið



Skógarbraut 919 – Ásbrú

Við bjóðum þér að koma að skoða um helgina, rúmgóðar íbúðir á Ásbrú – sunnudag milli kl. 14-16. Íbúðirnar eru á hagstæðum kjörum, sérstaklega hugsaðar fyrir fjölskyldufólk og fyrstu íbúðarkaupendur. 89-130 fm² að stærð, á verði frá 22 milljónum.

Ásbrú er endurfætt hverfi í kringum ungt, lifandi og kraftmikið háskólasamfélag Keilis með iðandi mannlífi, þjónustu og menningu - mitt á því svæði þar sem íbúafjöldi og atvinnutækifæri vaxa hraðast og mest.


Ekki missa af vænlegum
tækifærum á Ásbrú,
akkúrat núna – svo er líka
Ljósanótt um helgina!

235
FASTEIGNIR
www.235.is


EITTHVAÐ FYRIR ALLA!




Gagn og gaman
VILDARVERÐ: 2.899.-
Verð: 3.499.-



Betra líf án plasts
VILDARVERÐ: 1.999.-
Verð: 2.499.-



Pnín
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-



Grænmetisætan
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




Hreistur
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




Konan í dalnum
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð: 6.499.-




Pottur, panna og Nanna
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-




Afi sterki -
Hættuför að Hlíðarvatni
VILDARVERÐ: 2.299.-
Verð: 2.899.-



Sjö dagar
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-



Allir geispa
VILDARVERÐ: 2.899.-
Verð: 3.499.-



Verstu börn í heimi
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 4. september eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytl.

Spenntur að sjá fólkið mitt í stúkunni

Hörður Axel Vilhjálmsson þekkir vel til mót-herja íslenska liðsins í kvöld enda spilaði hann eitt tímabil í Grikklandi eftir síðasta Evrópumót. Hörður telur að fjarvera NBA-stórstjórnunnar Giannis Antetokounmpo skilji gríska liðið mögulega eftir leiðtogalaust.

Skrifar frá
Helsinki

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is



KÖRFUBOLTI Hörður Axel Vilhjálmsson ætti að þekkja grískan körfubolta betur en flestir aðrir í íslenska hópnum. Hann spilaði með Aries Trikala í grísku deildinni tímabilið 2015-16 en í dag verður hann í íslenska liðinu sem mætir Grikklandi í fyrsta leik sínum á Evrópumótinu í Helsinki.



Hörður Axel Vilhjálmsson á hóteli íslenska liðsins í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ÓSKARÓ

12.990
EXTREME SKINNY

Vörunúmer: 24875-0005
Danmörk kr. 15.240*
Svíþjóð kr. 13.249*

*Skv. levi.com og gengiskrán. Isl.banki 30.08.17

LIVE IN Levi's®

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi

●● **Þetta er eins og svart og hvítt miðað við íslenskan bolta. Þeir eru alveg hrikalega agaðir, nota skotklukkuna og allir eru í sínum hlutverkum sem þeir fara ekkert út fyrir.**

Hörður Axel Vilhjálmsson

Hörður Axel og félagar fengu flottar móttökur í Leifstöð og það var þá sem kviknaði fyrir alvöru á kappanum. „Þegar við fórum upp á flugvöll þá kom svona fíðingur sem ég var búinn að sakna í sjálfum mér,“ segir Hörður. Fyrsta verkefnið er ekki af minni gerðinni heldur tvöfaldir Evrópumeistarar Grikkja sem unnu Evrópumótið síðast árið 2005. Grikkir urðu í fimmta sæti á síðasta Eurobasket 2015.

„Þetta er hörkulið sem við erum að fara að mæta en við erum búnir að finna nokkrar glufur á varnarleiknum þeirra sem við vonandi náum að nýta okkur til hins ýtrasta,“ segir Hörður Axel en þarna eru að hans mati að mætast lið sem spila ólíkan körfubolta.

Svart og hvítt

„Þetta er eins og svart og hvítt miðað við íslenskan bolta. Þeir eru alveg hrikalega agaðir, nota skotklukkuna og allir eru í sínum hlutverkum sem þeir fara ekkert út fyrir. Við verðum að reyna að brjóta það upp og sjá til hvernig þeir bregðast við því,“ segir Hörður Axel.

Hann hugsar vel til tímabilsins sem hann eyddi í Grikklandi. „Ég kann mjög vel við Grikkland og Grikki yfirhöfuð. Þeir eru mjög skemmtilegt fólk og ég var mjög ánægður. Ég er líka að fara til Þjálfarans núna sem var með mig í Grikklandi. Grikkir hafa reynst mér mjög vel,“ segir Hörður Axel en hann spilar í Kasakstan í vetur þar sem hann hittir fyrir Kostas Flevarakis sem þjálfaði hann hjá Aries Trikala.

Hörður Axel býst við að reynslan frá EM í Berlín hjálpi strákunum

á þessu sinni. „Við getum verið afslappaðri að koma inn í þetta núna því við vitum hvað við erum að fara út í. Núna langar okkur í eitt-hvað meira, sama hvort það kemur í úrslitum í einhverjum leikjum eða hvað,“ segir Hörður Axel.

Bestur þegar ég er á fullu

Hann var mjög öflugur á Evrópumótinu og þá sérstaklega þegar kom að varnarleik og lét engan vaða yfir sig þótt það munaði oft ansi mörgum sentimetrum.

„Þannig er ég bara og þannig spila ég best eða þegar ég er á fullu og er út um allt. Það mun hjálpa helling að vera þannig og finna orku í það þegar maður finnur fyrir öllum þessum stuðningi sem við erum að fara að fá. Ég er mjög spenntur að sjá fólkið mitt uppi í stúku,“ segir Hörður.

NBA-stórstjarnan Giannis Antetokounmpo verður ekki með Grikkjum á EM. „Þetta er einn besti leikmaður í heimi þannig að það breytir heilmiklu. Allir leikmenn liðsins eru Euroleague-leikmenn og það er því ekki eins og það séu einhverjir kjúklingar að spila þó að hann sé ekki með,“ segir Hörður en hann bendir á eitt í tengslum við fjarveru „The Greek Freak“.

Vantar leiðtogann

„Fljótt á litið þá finnst mér vanta einhvern leiðtoga hjá þeim sem hann hefði átt að vera og Spanoulis var fyrir. Vonandi getum við nýtt okkur það ef þetta verður jafn leikur að þeir vita ekki alveg hvert þeir eiga að leita. Kannski verða þeir óöruggir ef þeir vita ekki hver á að taka af skarið. Það er oft óþægilegt í svona liðum þegar maður er ekki alveg með hlutverkið sitt á hreinu. Þá fara einhverjir út fyrir sín hlutverk og það er það sem við ætlum að reyna að yta þeim út í,“ segir Hörður Axel.

Það efast aftur á móti enginn um hlutverk sitt í íslenska liðinu. „Við erum búnir að vera svo lengi saman að þetta er orðið helvíti heilsteypt hjá okkur. Allir eru að vinna saman í því sem við erum að gera og það skiptir öllu máli. Við munum bakka hver annan upp,“ segir Hörður Axel.
ooj@frettabladid.is

WÉ

FIMMTUDAGUR 31. ÁGÚST 2017

Tíska



Það styttist í að haustið láti að sér kveða með tilheyrandi haustlægðum. Þá er gott að eiga góða yfirhöfn. Síðar kápur verða vinsælar í vetur og ullarefni allsráðandi.

tíska ➔10



Cleye droparnir frá Clear eyes eru fljótir að verka, verkun byrjar innan mínútu og endist í a.m.k. 3 klst.

Clear eyes augndropar loksins á Íslandi

Vinsælu augndroparnir frá Clear eyes við rauðum augum og ertingu í augum eru loksins fáanlegir á Íslandi. Augndroparnir heita Cleye á Íslandi en innihalda það sama og hafa sömu virkni og Clear eyes augndroparnir sem margir þekkja frá Bandaríkjunum. Fást án lyfseðils í apótekum. ➔2



NEW SEASON

Fallegt, fágæð og töff

comma,

SMÁRALIND

Í mörg ár hafa Íslendingar þekkt Clear eyes augndropana og tekið þá heim með sér frá Bandaríkjunum. Nú eru þeir í fyrsta sinn fáanlegir í íslenskum apótekum undir heitinu Cleye. Cleye augndropanir frá Clear eyes eru eina lyfið á Íslandi við roða og ertingu í augum.

Cleye frá Clear eyes við rauðum augum og ertingu í augum

„Cleye frá Clear eyes inniheldur virka efnið naphazolin sem þrengir æðarnar í auganu og dregur þannig úr roða og þrota,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Droparnir eru notaðir við vægum roða og ertingu í augum sem stöku sinnum kemur fram.“ Cleye droparnir frá Clear eyes eru fljótir að verka, verkun byrjar innan mínútu og endist í a.m.k. 3 klst.

Rauð og ert augu

Það kemur fyrir að augnhvítan verður rauð, til dæmis vegna þreytu eða álags og þá geta Cleye augndropanir frá Clear eyes hjálpað. Augndropanir slá einnig á ertingu í augum sem oft fylgir roðanum.

Viðtal í sjónvarpi, atvinnuviðtal, fyrsta stefnumótið eða bara erfiður vinnudagur

Stundum skiptir máli að líta sem best út og þá geta rauð augu sett strik í reikninginn. Ertu á leið í viðtal í sjónvarpi eða á fyrsta stefnumótið? – Cleye augndropanir frá Clear eyes hjálpa þér við að minnka roðann og ertinguna í augunum.

Clear eyes



Cleye frá Clear eyes við vægum roða og ertingu í augum.



Eru augun rauð á mikilvægi stundu? Cleye frá Clear eyes getur hjálpað.

“Cleye frá Clear eyes inniheldur virka efnið naphazolin sem þrengir æðarnar í auganu og dregur þannig úr roða og þrota.

Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS.

Mikilvægt er að lesa vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

LYFIS
Traust í lyfjum



20% afsláttur af **CHANEL**
30. ágúst til 2. september

- Gréta Boða kynnir nýjar og spennandi vörur -

SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKJUVÖRUVERSLUN

LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

Procto-eze – við gyllinæð – einnig á meðgöngu

LYFIS kynnir Procto-eze Krem og Procto-eze Hreinsir við gyllinæð. Kremið er ætlað við ertingu og óþægindum vegna gyllinæðar og hreinsirinn hreinsar, róar og frískar.

Procto-eze kremið var sérstaklega þróað sem mjúkt og létt krem sem húðin dregur hratt í sig,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. Kremið veitir góða vörn með því að búa til vatns-fítufilmu yfir erta svæðið. Vörnin dregur úr kláða og sviða og meðferðarsvæðið verður mýkra og rakara, sem kemur í veg fyrir að húðin springi og valdi óþægindum.

„Vörurnar eru í íslenskum umbúðum og góðar leiðbeiningar á íslensku fylgja“, segir Hákon.

Lyf með sterum til lengri tíma eða á meðgöngu

Ekki er ráðlagt að nota krem og stíla sem innihalda stera til lengri tíma eða á meðgöngu þar sem sterarnir geta valdið húðþynningu og sárum, sérstaklega þegar þeir eru notaðir til lengri tíma. Það

hentar því vel að nota Procto-eze, sem ekki inniheldur stera, eitt og sér, á milli meðferða með sterum eða í framhaldi af notkun á gyllinæðarlýfjum með sterum.

Procto-eze Krem hefur eftirfarandi kosti:

- Má nota á meðgöngu
- Inniheldur ekki stera
- Stjaka fylgir með – auðvelt í notkun
- Byggir á náttúrulegum innihaldsefnum
- Þóldist vel í 12 vikna klínískri rannsókn

Fyrir hámarksrangur er mælt með notkun á Procto-eze Hreinsi samhliða Procto-eze Kremi.

Procto-eze Hreinsir er hreinsifroða sem ætluð er til að viðhalda hreinlæti og draga úr óþægindum tengdum gyllinæð. Froðan hreinsar, róar og frískar óþæginda-svæðið. Hún hentar vel til að nota í sturtu og kemur í stað sápu sem oft er til viðkvæmt svæðið.



LYFIS
Traust í lyfjum



Nýjar haustvörur

BITTE KAI RAND

MOS MOSH

ELINETTE

YOEK

DRANELLA

GILBRET

LEBEK

WONDERS

LAGERSPRENGJA

70%
afsláttur
Síðustu dagar!

Kjólar í úrvali í st. 36-52
Verðdæmi á kjólum

Fullt verð ~~27.980~~, verð nú **8.394**

Fullt verð ~~18.980~~, verð nú **5.694**

Stakir jakkar, pallíettutoppar,
buxur, skór...

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is





Haustlegur jakki

11.495 krónur

KRINGLUNNI | 588 2300

INDISKA

Heillaði heimsbyggðina

Cameron Diaz sló fyrst í gegn með leik sínum í kvikmyndinni *The Mask* þegar hún var aðeins 22 ára gömul. Hún varð 45 ára í gær og er ánægð með að fá að eldast.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Kvikmyndastjarnan Cameron Diaz varð fjórutíu og fimm ára í gær og er óhætt að segja að hún beri aldurinn með sóma. Hún fæddist árið 1972 í San Diego og á ættir að rekja bæði til Kúbu og Þýskalands. Cameron segist hafa verið sjálfstæð, ævintýragjörn og hörð af sér sem krakki en aðeins 16 ára að aldri fékk hún leyfi foreldra sinna til að kanna heiminn upp á eigin spýtur og reyna fyrir sér sem fyrirsæta. Næstu fimm árin bjó Cameron á mismunandi stöðum víða um heim, svo sem Japan, Ástralíu, Mexíkó, Marokkó og París en þegar hún var orðin 21 árs flutti hún til Kaliforníu. Henni vegnaði vel sem fyrirsæta og vann fyrir Levi's og Calvin Klein.

Sló strax í gegn

Þegar Cameron Diaz var orðin tuttugu og tveggja ára ákvað hún að láta reyna á leiklistarhæfileikana og fór í prufur fyrir kvikmyndina *The Mask* þar sem Jim Carrey var í aðalkarhlutverkinu. Sér til undrunar hreppi hún aðalkvenhlutverkið þótt hún hefði enga reynslu af leiklist. *The Mask* sló í gegn og Cameron Diaz líka því hún hlaut heimsfrægd á svipstundu fyrir frammistöðu sína í myndinni. Hún ákvað þó að einbeita sér að því að leika í svokölluðum sjálfstæðum kvikmyndum næstu þrjú árin og öðlast góða leikreynslu og það bar svo sannarlega árangur. Cameron hefur leikið í fjölda mynda hjá stóru kvikmyndaverunum í Hollywood sem margar hverjar eru orðnar klassískar. Um tíma var hún ein eftirsóttasta leikkona heims og um leið ein sú launahæsta. Hún hefur fengið margar tilnefningar til Golden Globe verðlaunanna, m.a. fyrir frábæra frammistöðu í *There's Something about Mary*, *Being John Malkovich*, *Vanilla Sky* og *Gangs of New York*. Í kvikmyndunum um *Shrek* má heyra Cameron tala fyrir Fionu prinsessu en henni þykir sérlega vænt um það hlutverk.

Hjátrúarfullur hrakfallabálkur

Cameron Diaz hefur verið kosin kynþokkafyllsta leikkona heims, vinsælasta leikkonan og ein af fimmtíu fegurstu manneskjum í heimi og er þá fát eitt talið. Hún þykir mjög hjátrúarfull en er mikill hrakfallabálkur því hún hefur nefbrotnað fjórum sinnum. Cameron var brúðarmeyja hjá einni bestu vinkonu sinni, Drew Barrymore, en þær léku saman í *Charlie's Angels*. Hún sér mest eftir að hafa byrjað að reykja á sínum tíma og ráðleggur reykingafólki að reyna allt til að losa sig við tóbakið.

Cameron þykir bera aldurinn vel en vidoorkennir að hafa notað bótox til að slaka á vöðvum í andlitinu en segir jafnframt að hún hafi ákveðið að hætta því, vegna þess að henni fannst bótoxið gera hana undarlega í framan. „Ég vil frekar eldast á eðlilegan hátt,“ hefur hún sagt í viðtölum. „Mér er alveg sama þótt ég fái hrukkur. Ég



Cameron Diaz kann vel við sig í niðurþröngum gallabuxum og jakka í stíl.



Cameron klæðist gjarnan stílhreinum og smart fötum á rauða dreglinum.



Gallabuxur, jakki og háir hælur eru einkennandi fyrir fatastíl Cameron Diaz.



Cameron er gift rokkaranum Benji Madden.



Cameron Diaz ákvað að taka sér hlé frá kvikmyndaleik en margir biða þess með óþreyju að sjá hana aftur á hvíta tjaldinu.

hef farið brosandí í gegnum lífið og hvers vegna ætti ég að fela broshrukkurnar?“

Cameron tók sér hlé frá kvikmyndaleik fyrir þremur árum til að

finna sjálfa sig á ný og ekki er von á mynd með henni á næstunni. Hún giftist rokkaranum Benji Madden fyrir tveimur árum og þau segja barneignir ekki á dagskrá.

ÚTSÖLULOK

Einungis 4 verð:


900 kr.
1.900 kr.
2.900 kr.
3.900 kr.

Gerið frábær kaup á flottum fatnaði á „lágbotna“ verði.

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11–15

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516




333 kr á dag*

SKEMMTIPAKKINN

*9.990.- á mánuði.

365.is | Sími 1817

365




Allt að sjötíu prósentu
afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN FÖSTUDAG, Á LAUGARDAG
OG SUNNUDAG, 31. ÁGÚST TIL 3. SEPTEMBER**

HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK,
ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is



Nýjar haustvörur

Úrval af peysum



Peysur
kr. 8.990.-
Fleiri litir



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

LOKA ÚTSÖLULOK

70% afsláttur
af öllum útsöluvörum

Stærðir 38-58

Verstunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 28. nóvember.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins:

Símanúmer
512 5402

Netfang
serblod@365.is



FRÉTTABLAÐIÐ



Dúnúlpán Orri tilheyrir nýjustu línu ZO-ON. Hún er vatnsheld.



Mjöll er tveir fyrir einn jakki og er hægt að laga hann að veðri hverju sinni.

Sneri aftur reynslunni ríkari

Finninn Martti Kellokumpu var fyrsti hönnuður ZO-ON. Hann tók til starfa árið 1994 en gekk til liðs við finnska útivistarmerkið Halti um aldamótin 2000. Hann sneri aftur til ZO-ON árið 2014, og starfar nú sem yfirhönnuður.

Vera
Einarsdóttir
vera@365.is



Martti er skíðamaður í grunninn og hreppti heimsbikarinn í hólasvigi árið 1987. „Það kom mér á kortið og hefur nýst mér í starfi á ýmsan veg.“ Eftir að skíðafarlinum lauk hóf hann nám í iðn- og fatahönnun. Hann segir iðnhönnunina í bland við skíðareynsluna ekki síst hafa komið að notum enda hefur hann nær eingöngu fengist við að hanna tæknilegan útivistarfatnað síðan námi lauk. Martti á ekki langt að sækja hönnunaráhugann. Móðir hans var fatahönnuður og foreldrar hans stofnuðu skíða- og íþróttafatamerkið Club A sem var vel þekkt í Finnlandi á árum áður. Árið 1994 kynntist Martti Jóni Erlendssyni, stofnanda ZO-ON, sem hafði mikla reynslu af smásölu og góð tengsl við verksmiðjur ytra. Báðir höfðu mikinn útivistaráhuga og ákváðu að leiða saman hesta sína. „Ég var yfir mig hrifinn af landi og þjóð og við Jón saum að það var pláss á markaðnum fyrir framsækið útivistarmerki,“ segir Martti.

Árið 2000 bauðst Martti síðan starf hjá Halti, sem er leiðandi í hönnun á útivistar- og skíðafatn-



Martti er skíðamaður í grunninn og hreppti heimsbikarinn í hólasvigi árið 1987. Hann hefur allan sinn feril fengist við að hanna tæknilegan útivistarfatnað.

aði í Finnlandi. Þar starfaði hann fyrst sem hönnuður en síðar sem yfirhönnuður og var meðal annars útnefndur fatahönnuður ársins í Finnlandi árið 2006. Martti hefur auk þess unnið fyrir fjölda fyrirtækja víða um heim ásamt því að hanna fatnað Ólympiuliðs Finna undanfarin ár.

Martti hélt alltaf sambandi við Jón og aðra starfsmenn ZO-ON. Árið 2012 kom hann að því að

leggja upp nýja sýn og stefnu-mörkun fyrirtækisins og segir dynnar í raun alltaf hafa staðið honum opnar. Fyrir tveimur árum ákvað hann svo að snúa alfarið aftur, reynslunni ríkari.

Martti og kollegi hans, Hulda Kristjánsdóttir, hanna allar fata-línur ZO-ON. „Fyrirtækið er hæfilega stórt í sniðum svo við erum bæði með puttann vel á púlsinum. Við erum í nánum samskiptum við verksmiðjurnar ytra og yfirforum allar frumgerðir auk þess sem ég tek virkan þátt í markaðsstarfi fyrirtækisins.“ Martti segir margt hafa breyst frá því hann var síðast að störfum hjá ZO-ON. Hönnunin er meira afgerandi og markaðs-stefnan skýr. Áður var ZO-ON svölitið allt fyrir alla en nú er markmiðið að hanna fatnað sem hægt er að nota bæði í borg og bæ í öllum veðrum og vindum.

Í nýjustu línu ZO-ON er mest áhersla á tæknilegar parka-úlpur og annan útivistarfatnað. „Auk þess erum við með efri parta úr teygjanlegri ull og ýmiss konar miðlög. Sömuleiðis úlpur úr primaloft og teygjuefni, sem eru mjög vinsælar. Við reynum að tóna litina saman svo auðvelt sé að para hinar ýmsu ZO-ON flíkur saman en höfum sömuleiðis í huga að þær fari vel við fataskáp flestra.“




SAMSTARF SEM ER EINSÐÆMI
— ÁRANGUR Á MÖRKUM FEGRUNARLÆKNINGA —



Re-PLASTY
PRO FILLER

[EYE & LIP CONTOUR SERUM-IN-BLUR]

GEFUR SAMSTUNDIS
SJÓNÆNA FYLLINGU ÁN
INNSPRAUTUNAR



DAG FRÁ DEGI DREGUR
ÚR LÍNUM OG HRUKKUM

www.helenarubinstein.com

HELENA RUBINSTEIN KYNNING

Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
HELENA RUBINSTEIN VÖRUM**

Glæsilegir kaupaukar að hætti Helena Rubinstein



MUST HAVE FRÁ HELENA RUBINSTEIN:

Ekki gleyma hálsinum, bringunni og höndunum sem verða fyrir stöðugu áreiti allan daginn.

Re-PLASTY AGE RECOVERY er yngjandi og verndandi krem fyrir háls, bringu og hendur.

Kremið bráðnar inn í húðina, mýkir hana, gefur teygjanleika, fjaðurmagn og vinnur gegn öldrunareinkennum.

PURE RITUAL body lotion sem gefur góðan raka og næringu, vinnur gegn þurrki, styrkir og gefur húðinni aukinn teygjanleika.



Enar segist ekki vera mikill tiskukarl en hann viti þó alveg hvað honum líkar. Hér er hann í Cavallaro Napoli skyrtu og hörbuxum frá HM.

Sankar að sér yfirhöfnum

Enar Kornelius Leferink, forseti Nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð, hefur dálæti á skyrtum og yfirhöfnum og finnst gaman að klæða sig eftir tilefni. Jakkar eru í uppáhaldi.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Enar Kornelius Leferink er 18 ára nemi á lokaári við Menntaskólann við Hamrahlíð og er nú forseti Nemendafélagsins. Hann hefur nýlokið framhaldsprófi í klassískum píanóleik og er á leið í djasspíanónám í FÍH.

Eitthvert sérstakt tímabil sem þú tengir við í tiskunni? Ég tengi við eitthvað á öllum tímabilum því öll höfðu þau eitthvað skemmtilegt!

Hvernig fót kaupir þú oftast? Ég er mikill skyrtukarl eins og ég hef oft fengið að heyra. Minn still er í finni kantinum. Hvað finni fót varðar var 6. áratugurinn kannski sá sem er líkastur því sem mér finnst flottast. Hversdagsfötin mín eru hins vegar meiri blanda af gömlu og nýju.

Hvar kaupir þú fót? Ég er ekki bundinn við neina sérstaka staði. Ég kaupi oft einhver fót þegar ég er í útlöndum, líkt og flestir Íslendingar eiga til að gera. Þá labba ég bara inn í búð sem mér list á.

Finnst þér skemmtilegt að kaupa

Hér er Enar í Barbour vaxjakkanum sínum sem hann reiknar með að verði mikið notaður í haust og vetur. Skómir eru Soludos, skyrtan Cavallaro Napoli og buxurnar frá Claes Görán.



HAUSTYFIRHAFNIR
Dúnúlpur - Ullarkápur

Skoðið laxdal.is



Laugavegi 63, Skipholti 29b • S. 551 4422

föt? Það getur verið bæði skemmtilegt og leiðinlegt. Það ræðst algjörlega af því hvernig ég er stemmdur hverju sinni og með hverjum ég er.

Hvað er málið í í haust? Mér finnst ýmislegt hafa bent til þess að Barbour vaxjakkar verði mjög vinsælir. Allavega ætla ég að vera í mínum!

Finnst þér gaman að klæða þig upp á/vera í skemmtilegum fötum? Þegar einhverju ber að fagna finnst mér gaman að klæða mig eftir tiltefninu og jafnvel að prófa eitthvað smá djærft ef ég er í stuði.

Ertu veikur fyrir aukahlutum (töskum, skóm, skartgripum)? Ég er mjög veikur fyrir úrum þó svo ég eigi sjálfur ekki úr sem ég nota reglulega. Mér finnst einfaldlega vera eitthvað mjög sjarmerandi við elegant úr.

Hvað kaupirðu þótt þú eigir nóg af því? Ég hef fengið skammir á heimilinu fyrir allar yfirhafnirnar mínar. Ég á það til að taka til mín hverja þá yfirhöfn sem ég kemst í þótt þær séu svolítið gamlar og slitnar.

Áttu uppáhaldsskó? Í sumar keypti ég nokkuð flippaða skó í Hollandi. Þeir eru djárfir en samt ekki of mikið af því góða. Ég nota þá við sérstök tilefni.

Hvað er á döfnni hjá þér núna? Nú er lokaárið mitt í MH að bresta á um leið og ég leiði nemendafélagið áfram og flyt mig úr klassísku tónlistarnámi yfir í ritmískt. Ég þarf að huga að framtíðaráformum mínum því, eins og svo margir aðrir, er ég týndur og óviss um hvað ég vil taka mér fyrir hendur eftir menntaskólann. Ráðgjafar eru vel þegnir.



Enar er veikur fyrir yfirhöfnum og sankar þeim að sér þannig að sumum þykir nóg um. Þessa kápu átti amma hans Hún er Paolo G by Geissler, frekar gömul en í góðu standi.



Enar keypti þessa Bullboxer skó í Hollandi í sumar til að nota við sérstök tilefni.

Hollt & bragðgott

FIMMTUDAGUR 31. ÁGÚST 2017



Eplaberkaka Þorbjargar Hafsteinsdóttur, næringarþerapista, heilsubókahöfundar og annars eigna veitingahússins Yogafood, er sannkallað hrossgæti og réttnefndur heilsubiti.

Heilsuréttir fjölskyldunnar

Gulrótarbúff

Ást í hverjum munnbita

Pegar haustar að og kertaljós kvikna er fátt huggulegra en ilmur af nýbakaðri eplaköku með bláberjum sem nú lúra úttútnuð á lyngi. Þorbjörg Hafsteinsdóttir setti saman ljúffenga og bráðholla eplaköku. ➔2

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Maður þarf síður en svo að sneiða hjá kökum og eftirréttum þótt maður ástundi heilsusamlegt lífverni, og gott að prófa svona uppskrift til að bera saman við kökur sem bakaðar eru úr hveiti og sykri; hráefni sem kollvarpar heilsufari almennings með offitu og bólgusjúkdómum," segir Þorbjörg Hafsteinsdóttir, næringarþerapisti og heilsuþóka-höfundur.

Þorbjörg hefur áralanga reynslu af bakstri sætabrauðs úr hollustu-hráefni og í fyrravetur opnaði hún veitingastaðinn Yogafood sem lokkar og laðar að fastakúnnu í snúða hússins og gömsætar heilsu-tertur.

„Með Yogafood rættist gamall draumur um að geta borið fram mat sem er byggður á eigin uppskriftum og hugmyndum; hollan, bragðgóðan mat sem er ekki með viðbættum sykri, glúteni eða óholl-ustu.“

Þorbjörg segir veitingastaðinn eðlilega afleiðingu af starfi sínu undanfarinn aldarfjórðung.

„Min ástriða er matargerð úr hollum og hreinum hráefnum og ég vil bjóða fólki að njóta gömsætra rétta en jafnframt geta staðið upp frá borðum án þess að vera ringlað af sleni og með uppblásinn maga.“

Þorbjörg stendur sjálf við pottana á Yogafood ásamt frönskum kokki sem er sérfræðingur í glútenlausri matseld og bakstri.

„Nafnið Yogafood er tilkomið vegna lifandi áhuga míns á jóga. Í ársbyrjun gaf ég út í Danmörku bókina „Mitt jóga“ þar sem ég fer ofan í kjölinn á nálgun minni að jóga og þar eru uppskriftir að jóga-

mat, sem mér hefur fundist skorta í jógafræðunum. Í mínum huga er jóga ekki bara ástundun á mottunni heldur lífsstíll þar sem við látum gott af okkur leiða, fyrir sjálf okkur og aðra. Það er einnig hugmyndin á bak við Yogafood; ég vil leggja mitt af mörkum til að bera fram mat sem ekki skaðar, hvorki neytandann né umhverfið.“

Og viðtökurnar hafa verið góðar. Staðurinn var opnaður sem útibú í gamla JL-húsinu, en flytur í „móðurskip“ sitt að Grensásvegi 10 í lok september. Þar verður einnig þjónustumiðstöð og verslun fyrir þá sem vilja tileinka sér hollari lífsstíl, haldnir fyrirlestrar og námskeið.

„Súperstjarna hráfæðisheimsins, Kate Magic, ríður á vaðið með fimm rétta kvöldverði og þriggja daga námskeiði um miðjan september. Hún er þekkt fyrir að nota ofurfæðutegundir úr ólíkum menningarheimum í réttri sína og ætlar nú með bragðlaukana til Kóreu,“ upplýsir Þorbjörg.

Hún segir sumt af því sem sett er á diska veitingahúsa sem vegan- eða grænmetisfæði vera móðgun.

„Það þarf að vanda sig við matreiðslu grænmetisfæðis og ekki nóg að sjóða bara gulrætur og kartöflur. Við sköpum stórkostlegar bragðupplifanir með pottréttum frá sjö mismunandi heimshlutum, ásamt súpum og dýrindis eftirréttum,“ segir Þorbjörg sem fyrir löngu er orðin vön að fylgja eigin kenningum í mataræði.

„Mitt dekur í mat er að framfylgja eigin prédikunum. Með því geri ég sjálfri mér gott og uppsker ríkulega orku og vellíðan. Ég geri mér grein fyrir að það er ekki gefið að fólk hafi tíma eða orku í matargerð eftir langan vinnudag og freistandi að sækja sér skyndifæði sem ekki er alltaf hollt né gott. Því



brennur á mér að vera virkur þátttakandi í að gera fólki einfalt að tileinka sér heilsusamlegan lífsstíl með mat sem er jafnframt hollur fyrir budduna en kostar hvorki of margar hitaeningar né aukafitu á maga.“

Eplaberjakaka Þorbjargar

Vegan, lágkolvetna og ekkert gluten, en full af orku, ást og gleði

Botn

2 ½ dl kínóagrjón, skola vel og leggja í bleyti yfir nótt
2 msk. chia-fræ, lögð í bleyti í 3 dl af vatni yfir nótt
2 tsk. flögusalt
4 msk. jaggery (eða döðlupálmasykur, eða kókospálmasyrkur)
2 tsk. kardemommuduft
3 dl vatn

Fylling

3 rauð sæt epli, skorin í litla bita
1 msk. anisfræjaduft
½ tsk. vanilluduft
½ msk. kanelluduft
500 g bláber
2 msk. hrátt hunang eða jaggery
50 g möndlumjöl
50 g kókosolía (eða ghee eða smjör)

Stillið ofninn á 180°C. Sið vatn frá kínóagrjónum. Blandið þeim saman við chia-fræ, sem nú eiga að vera orðin eins og grauttur, ásamt salti, jaggery, kardemommudufti og vatni. Setjið hrærana í eldfast, kringlótt fat eða kökumót og bakið



Ásamt því að opna Yogafood á nýjum stað er Þorbjörg að fara af stað með matreiðsluþætti á Hringbraut og vinsælu Ljómandi-námskeiðin í september. Þorbjörg býr á Íslandi en rekur heilsumerki sitt Thorbjörg frá Danmörku þar sem hún er vinsæll fyrirlesari og bókahöfundur, og útilokar ekki að opna Yogafood í Danaveldi. Á myndinni til vinstri er dóttir Þorbjargar í kamelstöðu í jóga.

MYND/MARTIN DYRLÖV

í 25-30 mínútur. Botninn á að verða soðinn og ekki of laus. Kælið aðeins.

Dreifid eplabítum á botninn, stráid anisdufti, vanilludufti og kanelludufti yfir eplin. Dreifid bláberjum yfir eplin og hellið hunangi eða jaggery-hráskri yfir fyllinguna. Notið fingurna til að hnoða kalda

kókosolíu eða smjör saman við möndlumjöl og setjið jafnt yfir kökuna í litlum klessubítum. Setjið nú kökuna í miðjan ofn og bakið áfram í 40-50 mínútur. Berið fram volgt eða kælt með vegan-ís eða þeyttum rjóma. Líka er ljúffengt að nota kókoskrem eins og við gerum í Yogafood.

hollt
er
gott

BK

KJÚKLINGUR

alvöru grillaður kjúklingur

Grensásvegi 5 | Reykjavík | Sími 588 8585

Opið alla daga 11:00 - 22:00

Heilsuréttir fjölskyldunnar



Indverskar
grænmetisbollur
með döðlumauki og jógurtsósu

Dröfn Vilhjálmisdóttir, matarbloggari hjá www.eldhussogur.com, var fengin til að útbúa glænýja uppskrift og nota í hana grænmetisbollur frá Hälans kök.



Girnilegir grænmetis- og grænkeraréttir

Undanfarin ár hafa grænmetis- og grænkeraréttirnir frá Hälans Kök notið sívaxandi vinsælda hér á landi. Réttirnir eru próteinríkir, hitaeiningasnauðir og henta allri fjölskyldunni. Matarbloggari Dröfn Vilhjálmisdóttir gefur girnilega uppskrift þar sem hún notar grænmetisbollur frá Hälans Kök.

Hälans Kök býður upp á kjötlausan kost af mörgum heimilismat, en til dæmis er hægt að fá vegan hakk, grænmetisbollur, snitzel, borgara, nagga, pylsur og fleira. Falafelbollur njóta einnig aukinna vinsælda hér á landi, en þær er frábært að nota í pítur eða vefjur. Þá eru naggarnir líka mjög vinsælir hjá yngri kynslóðinni.

Alls er boðið upp á níu tegundir en réttirnir eru hitaeiningasnauðir og próteinríkir. Þar sem þeir eru foreldaðir tekur skamma stund að elda þá, hvort sem það er gert í ofni, á pönnu eða á grilli.

Vörurnar frá Hälans Kök henta ekki bara þeim sem eru grænmetisætur eða grænkerar/vegan, heldur öllum þeim sem vilja minnka kjötneyslu, borða meira grænmeti, eða bara skipta kjötinu út endrum og eins fyrir grænmetisrétti. Réttirnir henta allir fyrir grænmetisætur og flestir eru einnig fyrir þá sem eru grænkerar og borða engar dýrafurðir. Þær tegundir sem eru vegan eru merktar sérstaklega.

Börnin hrifin af bollunum

Dröfn Vilhjálmisdóttir, matarbloggari hjá www.eldhussogur.com, var fengin til að útbúa glænýja uppskrift og nota í hana grænmetisbollur frá Hälans Kök.

„Ég er mjög hrifin af bollunum og var svo frökk að segja börnunum fyrst að þetta væru kjötbollur. Þau borðuðu þær með bestu lyst



Dröfn segir börnin sín hafa borðað bollurnar með bestu lyst en þau vissu fyrst ekki að það væru grænmetisbollur. MYND/JÓHANNA INGA ELFARSDÓTTIR

Ég er mjög hrifin af bollunum og var svo frökk að segja börnunum fyrst að þetta væru kjötbollur.

ég er nokkuð viss um að hefði ekki gerst ef þau hefðu vitað að þetta væru grænmetisbollur. Af þeim uppskriftum sem ég hef prófað fyrir bollurnar þá stendur þessi upp úr. Mér finnst kókoskarrísósú alltaf svo góðar en þarna prófaði ég í fyrsta sinn að mauka mangó

Grænmetisbollur í kókos og karri

fyrir 4-5

- 600 g grænmetisbollur (bullar) frá Hälans Kök
- 3 msk. ólífuoía
- 2 msk. ferskur engifer, rifinn
- 3 hvítlauksrif, söxuð smátt
- 1 rautt chili, fræhreinsað og saxað smátt
- 1 meðalstór rauðlaukur, skorinn í sneiðar
- 400 g brokkólí, skorið í bita
- 1 dós kókosmjólk (400 ml)
- 200 ml grænmetissoð
- 1-4 msk. rautt karrimauk (fer eftir styrkleika mauksins og smekk)
- 300 g frosið mangó, afpítt (eða ferskt)
- 1 tsk. túrmerikkrydd
- Um 1 msk. fiskisósa (fish sauce)
- 1 límóna (lime), safinn notaður
- Ferskur kóriander



Grænmetisbollurnar eru hitaðar í ofni eftir leiðbeiningum. Ólífuolían er hituð á pönnu. Engifer, hvítlaukur og chili er steikt upp úr oliunni í 2 mínútur. Þá er karrimaukinu bætt út á pönnuna og

hrært vel við fremur háan hita í um það bil 2 mínútur. Því næst er brokkólí og rauðlauk bætt út á pönnuna (ólífuoíu bætt við eftir þörfum) og steikt í smástund. Síðan er kókosmjólk og grænmetissoði bætt við. Látið malla við meðalhita á meðan mangóið er maukað vel í matvinnsluvél. Þá er mangómaukinu bætt út á pönnuna ásamt túrmerikkryddi. Látið malla við meðalhita í 10 til 15 mínútur og smakkað til með fiskisósu og safi úr límónu. Í lokin er grænmetisbollunum bætt út í sósunu. Borið fram með ferskum kóriander og hrisgrjónum.

út í. Það gefur einstaklega góða fyllingu í sósunu og góðan sætan keim sem kemur vel heim og saman við kókosmjólk og karri. Bollurnar finnst mér smellpassa við þessa sósu.“

Vörurnar frá Hälans Kök fást í öllum helstu matvöruverslunum,

t.d. Bónus, Krónunni, Hagkaupi, Fjarðarkaupum, Þinni verslun og fleiri stöðum.

Nánari upplýsingar um Hälans Kök réttina má finna á sænsku á heimasíðu þeirra www.halsanskok.se.

Grænmetisæta í þrjátíu ár

Hanna Hlíf Bjarnadóttir myndlistarkona gaf út bókina Eldhús grænkerans fyrir síðustu jóla. Hanna hefur verið grænmetisæta í 30 ár og býr til alla sína rétti frá grunni.

Elin
Albertsdóttir
elin@365.is



Hanna segir að margt hafi breyst á þeim þrjátíu árum síðan hún gerðist grænmetisæta. Ástæða þess að hún valdi þessa leið í mataræðinu er umhyggja gagnvart dýrum, ekki af heilsufarsástæðum. „Ég er mikill dýravinur. Þegar ég breytti mataræðinu voru grænmetisætur fátíðar og hráefnið í verslunum af skornum skammti. Það hefur breyst mjög hratt á undanförunum árum. Það var erfitt að vera grænmetisæta, til dæmis að fara á veitingastaði. Ég þurfti því að finna upp alls kyns rétti sjálf. Ég vil að réttirnir séu hollir, bragðgóðir og hafi ákveðna fyllingu. Ungu fólkið í dag gengur miklu lengra í þessu en ég, það eru veganistar sem ég ber mikla virðingu fyrir. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að borða fitu og vil ekki vera án smjörs, osta, rjóma eða mæjóness,“ segir Hanna. „Ég legg mikla áherslu á að maður sakni ekki neins í mataræðinu. Einnig að fólk hendi ekki mat og nýti grænmeti sem er afgang.“

Eldhús grænkerans er fyrsta bók Hönnu Hlífar en vinkonur hennar, Rut Sigurðardóttir ljósmyndari og Katrín Bessadóttir, unnu hana með henni. „Ég á nóg efni í aðra bók og við vinkonurnar erum spennar að vinna meira saman. Við byrjuðum allar nýlega í nýjum störfum þannig að tíminn hefur verið naumur. Síðan verð ég með fullt af námskeiðum í haust, bæði hjá Salt Eldhúsi auk þess sem ég er að fara um landið með námskeið,“ segir Hanna og bætir við að hún hafi fundið mikinn áhuga á bókinni og grænmetisfæði almennt undanfarið. Hanna starfar sem verslunarstjóri í safnverslun Listasafns Íslands við Frikirkjuveg meðfram matargerðinni.

Í bókinni eru 120 uppskriftir sem Hanna hefur búið til sem henta öllum tilefnum. Margar þeirra eru fyrir veganista. Hér eru tvær spennandi uppskriftir úr bókinni.



Buffalóblóm kál með barbecue-sósu.

Buffalóblóm kál með barbecue-sósu

1 meðalstór blóm kálshaus
2 ½ dl hveiti, Kaja
250 ml vatn
3 dl saltstangir, muldar smátt
3 dl kornfleks, mulið smátt
1 msk. Shakashuka, Krydd- og te-húsið, má sleppa
Pipar
½ b. barbecue-sósa
Tabasco-sósa, má sleppa

Hitið ofn í 220°. Þvoðið og brytjið blóm kálið í jafna bita. Blandið hveiti og vatni saman, soppan á að vera svipuð að þykkt og vöfludeig, veltið blóm kálbitunum upp úr deiginu. Blandið saltkexraspinu og saltstangamulningnum saman ásamt kryddi, og og veltið bitunum upp úr því.

Færið á bökunarpappír og bakið í um 20 mín. eða þangað til þeir eru stökkir og brúnir. Blandið barbecue-sósunni og tabasco-sósunni saman í skál. Takið bitana út úr ofninum og færið þá í skálina með sósunni og veltið upp úr, færið aftur inn í ofn í 20 mín. í viðbót.

Borðið með barbecue-sósunni.



Hanna Hlíf hefur yndi af því að búa til grænmetisrétti frá eigin bjórsti. Hér er hún með dóttur sinni, Marsibil Sól.

2 bollar lífræn tómatósósa
1 bolli vatn
½ bolli apple cider vinegar
1 msk. Worcestershire-sósa
1 msk. sitrónusafi
1 tsk. tabasco-sósa
½ msk. pipar
½ msk. onion powder
1 tsk. hvítlauksduft,
1 msk. sinnep
5 msk. púðursykur
5 msk. reyrsykur

Blandið tómatósósu, vatni, apple cider vinegar, Worcestershire-sósu, tabasco og sitrónusafa saman í potti og látið suðuna koma upp. Bætið rest af hráefnum saman við og lækkið hitann. Látið malla í um 10 mínútur.

Grillaður halloumi-ostur

100 g kúskús
1 dl olía
1 msk. dijon-sinnep
1 msk. púðursykur
1 hvítlauksrif, pressað
1 msk. balsamedik
1 rauður chili-pipar, smátt saxaður



Grillaður halloumi-ostur.

og fræhreinsaður
50 g þurrkuð trönuber, þurrustuð, Kaja organic
Safi úr ½ sitrónu
½ bakki sykurbaurir
60 g halloumi, skorinn í jafna bita
100 g kirsuberjatómatar, skornir í helminga
2 vorlaukar, saxaðir, líka græni hlutinn
50 g salat, t.d. klettasalat

“Ég legg mikla áherslu á að maður sakni ekki neins í mataræðinu. Einnig að fólk hendi ekki mat og nýti grænmeti sem er afgang.“

Hnefayfylli af ferskri mintu, saxaðri Hnefayfylli af ferskum kóriander, söxuðum

Sjóðið kúskús eftir leiðbeiningum og geymið til hliðar. Hrærið saman olíu, sinnepi, hvítlauk, chili, sitrónusafa, balsamediki og púðursykri þangað til sykurinn leysist upp. Bætið þessu út í kúskúsið og blandið vel saman. Sjóðið baunirnir í söltu vatni í um 5-7 mín. Hitið olíu á pönnu og steikið halloumi-ostinn þar til að hann er brúnn á báðum hliðum, kreistið sitrónusafa yfir ostinn í lokin. Bætið öllu grænmeti og fersku kryddi saman við kúskúsið og raðið svo baunum og osti yfir. Gott með góðu balsamsírópi.

Heilsuréttir fjölskyldunnar

Grænmetislasagna



Flatbökubotnarnir eru sérþróaðir fyrir XO úr heilkornum. MYND/ANTON BRINK



Hjá XO er hægt að fá „take away“ á báðum stöðum. XO er opið til klukkan 21 alla daga. MYND/ANTON BRINK

Hollur og hrikalega góður skyndibiti hjá XO

Evrópsk og asísk matreiðsla renna saman á heilsuveitingastaðnum XO í Smáralind og JL húsinu. Staðurinn hefur fengið frábærar viðtökur, enda býður hann upp á fjölbreytta og bragðgóða rétti á góðu verði, auk þess sem nýjum réttum er bætt reglulega á matseðilinn.

Veitingastaðurinn XO var opnaður við JL húsið sumarið 2015 og hefur hlotið svo góðar viðtökur að nýlega var annar staður opnaður í Smáralindinni. XO er hollur skyndibitastaður sem framreiðir mat í „fusion“ stíl þar sem asísk og evrópsk matreiðsla renna saman. Maturinn er eldaður frá grunni og kappkostað er að gera bragðið af matnum einstakt. Þannig er eingöngu eldað úr besta mögulega hráefni hverju sinni og er hvorki hvítur sykur né hvítt hveiti notað við matreiðsluna að sögn Gunnars Arnar Jónssonar, eins af eigendum veitingastaðarins XO.

„Okkar mottó er að bjóða ávallt upp á hollan, góðan og ferskan mat á viðráðanlegu verði og XO mun aldrei draga úr gæðum. Fólk í dag vill hollan og næringarríkan mat og vitund Íslendinga um heilsu og hollustu er mjög mikil,“ segir Gunnar og bætir við að staðurinn sé vel sóttur af íþróttafólki. „Við fáum t.d. íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu reglulega til okkar og einnig heilu knattspyrnuliðin úr Pepsi-deildinni, að ötóldum öllum afreksmönnum í einstaklingsíþróttum og fleirum.“

XO fær frábæra dóma

Á skömmum tíma hefur XO getið sér gott orð og hefur í dag mörg hundruð fastakúnna, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki, og fer sá hópur ört stækkandi. Erlendir ferðamenn hafa í síauknum mæli komið við á XO og fær staðurinn lofsamlega dóma frá viðskiptavinum, m.a. á TripAdvisor og Facebook.

Á matseðli XO eru salöt, núðlusúpur, döner-samlökur, kjúklingaréttir, flatbökur og ferskir safar úr ávöxtum og grænmeti. „Dönerbrauðin og flatbökubotnarnir eru t.d. sérþróaðir fyrir XO úr heilkornum en hvort tveggja er mjög vinsælt, og þá sérstaklega flatbökurnar sem eru allar með heilkorna súrdeigsbotni,“ segir Gunnar.

XO er einnig með nokkra veganrétti á matseðlinum en auk þess er hægt að breyta nokkrum réttum af matseðlinum í vegan-rétti, sé þess óskað.

Allt eldað frá grunni

Allur matur, marineringar, sósar og pestó eru unnin frá grunni á



Ferskur, fljótlegur og hollur matur fæst hjá XO. MYND/ANTON BRINK



Á matseðli XO eru salöt, núðlusúpur, döner-samlökur, kjúklingaréttir, flatbökur og ferskir safar úr ávöxtum og grænmeti.

“I love this restaurant. The food is delicious and reasonably priced, plus the staff is superb.”

Af Facebook síðu XO

“Nice atmosphere, great service, inexpensive and really, really tasty!!”

Af Facebooksíðu XO



XO hefur fengið lofsamlega dóma frá viðskiptavinum, á TripAdvisor og Facebook.

staðnum. Kokkarnir eru jafnframt duglegir við að prófa sig áfram með nýja rétti. „Við bjóðum reglulega upp á svokallaða „pop-up“ rétti sem hafa vakið mikla athygli. Nokkrir þeirra hafa ratað á fasta matseðilinn sem er í stöðugri þróun en á honum eru samt alltaf ákveðnir kjarnaréttir sem fólk getur gengið að vísun,“ segir Gunnar.

Hann nefnir að aðgengið að XO í Smáralind sé einstaklega gott en staðurinn er í Norðurturninum,

beint á móti Íslandsbanka og við hlið H&M. „Við bjóðum ávallt upp á „take away“ á báðum stöðum enda er það mjög vinsælt en XO er opið til klukkan 21 alla daga,“ segir Gunnar að lokum.

XO er á Hringbraut 119 við gamla JL húsið og í Smáralind.

Nánari upplýsingar má finna á www.xofood.is og Facebook (XO Veitingastaður).

Sætt og sykurlaust

Ýmislegt getur komið í staðinn fyrir sykur, eins og til dæmis bananar, döðlur og eplamauk.

Æ fleiri hallast að því að hvítur sykur sé með því óhollara sem fer inn fyrir varir mannfólks og reyna að sneiða hjá honum eins og kostur er. Mannskepnan er þó gerð til að sækjast eftir sætubragði þar sem sætur matur er oftast orkuríkur og þar af leiðandi mikilvægt að neyta hans þegar matur er af skornum skammti. Sú er sjaldnast raunin á Vesturlöndum en tungan hefur engu gleymt og því er gaman að geta glatt hana öðru hverju með gómsæti eða blekkt ef ekki vill betur. Margir tortryggja gervi-sætu og einnig ber að athuga að hunang og síróp eru líka sykur, þó ekki eins mikið unnin og hvítur strásykur. Hér á eftir fylgja nokkrar náttúruleiðir til að sæta kökur og vín án þess að hvítur sykur komi þar við sögu.

Sitróna

Ótrúlegt en satt, þá getur sitróna staðið ein og sér í ýmsum vín-blöndum og ástæðulaust að sykra kokteila þegar ferskur sitrónusafi gerir sama gagn.

Eplamauk

Ósykrað eplamauk er fullgóður sykurstaðgengill í flestan bakstur.

Hlutföllin eru einn á móti einum svo að einn bolli af eplamauki kemur í stað eins af sykri.

Rúsínur

Þessi þurrkuðu vínberjakrútt eru mjög sæt og gera allt sætara og betra hvort sem er maukið eða í heilu lagi.

Kanill

Það er alveg óþarfi að sykra kaffið þegar smákanill hefur verið dreift yfir. Kanill getur líka komið í staðinn fyrir sykur í pönnukökur en að sjálfsgöðu ekki í sama magni heldur má setja eina teskeið í staðinn fyrir þrjár matskeiðar af sykri.

Ósætt kakóduft

Súkkulaði er náttúrulega ekkert annað en kakó með sykri og kakó stendur alveg fyrir sínu sykurlaust. Hrærið eina teskeið af kakódufti út í glas af heitri mjólk eða stráid yfir graut og morgunkorn.

Trönuber

Sleppið sykrinum úr múffu- eða pönnukökuuppskriftinni og bætið trönuberjum við í staðinn.



Kakó þarf ekki að vera í samfélagi við sykur til að veita dásamlegt súkkulaðiþragð.



Bananamauk virkar í stað sykurs í flestan bakstur og sitrónusafi kemur í staðinn fyrir sykur í hanastél. Gult og gómsætt – og sykurlaust!



Appelsínur eru náttúrulegur sætugjafi og ekki skemmir C- vítamínið.

Döðlur

Notið tvo þriðju úr bolla af maukuðum döðlum í staðinn fyrir sykur í allar uppskriftir. Þær eru hollari, vítamínríkari og betri en sykur.

Maukaður banani

Það ætti í raun aldrei að nota neinn sykur í bananabrauð þar sem vel þroskaður banani er sætari á bragðið en einn bolli af sykri. Og miklu hollari.

Epla- og appelsínusafi

Skiptið út fyrir sykur í flestallt, til dæmis heimabakað brauð. Svo er kjörið að búa til frostpínna úr hreinum ávaxtasafa, bæði ódýrara og miklu hollara.



Eplamauk sætir, hressir og kætir.



Döðlur eru góður kostur í bakstur í staðinn fyrir sykur.

SR

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

ELDBORG
22. SEPTEMBER
KL. 20:00

ELLA
FITZGERALD
100 ára

Andrea Gylfadóttir
Anna Mjöll Ólafsdóttir
Ágústa Eva Erlendsdóttir
Ellen Kristjánsdóttir
Kristjana Stefánsdóttir
Ragnheiður Gröndal
Ragnhildur Gísladóttir
Salka Sól Eyfeld
Sigríður Thorlacius

Sérstakur gestur: KK

Stjórnandi og kynningar:
Sigurður Flosason

Grillad grænmeti

BLÓMKÁL

- 1 Skerið í stóra bita.
- 2 Penslið með olíu og grillið þar til brúnast á báðum hliðum.
- 3 Berið fram með blómkáls-kúskúsi. (Sjá uppskrift á islenskt.is)

Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á islenskt.is

PÚ VEIST
HVADAN ÞAÐ
KEMUR

Íslenskt
grænmeti



Ómótstæðileg blanda

Hefur þú prófað gríska jógúrt með granateplakjörnum? Ef ekki er kominn tími til. Samsetningin er ómótstæðileg. Ekki spillir fyrir að bæta kókosflögum við.

Margir fá sér gríska jógúrt með ávöxtum eða berjum en bæta hunangi, sírópi eða annarri sætu við. Það er alger óþarfi. Með því að sleppa því ertu kominn með hollan rétt sem hentar vel í morgunmat. Hann er það bragðgóður að hann gæti líka gengið sem eftirrættur.

Gríska jógúrtin er feit og seðjandi og dugar þér lengi. Granateplin gefa súrsætan og örlítið bitran keim sem erfitt er að standast og kókosinn gefur alveg næga sætu.

Sumum finnst vandasamt að ná granateplakjörnunum úr ávestinum og á safinn það til að frussast í allar áttir. Best er að setja upp svuntu, skera eplið í tvennt og kreista hvorn helming fyrir sig til að losa kjarnana frá hliðunum. Þá er gott að vera með djúpa skál og grafa ofan í hvorn helming fyrir sig með teskeið þar til allir kjarnarnir hafa losnað frá. Best er að hreinsa hvíta innihaldið burt enda er það biturt.

Granatepli eru stútfull af andoxunarefnum sem draga úr bólgum í líkamanum.



Kraftmikil paprikusúpa

Paprikusúpur hafa hingað til ekki verið algengar á borðum landsmanna en vel þess virði að prófa. Þessi súpa, sem er úr smiðju Sigurveigar Káradóttur, er kraftmikil og rifur vel í.

3-4 msk. ólífuoía

1,5 kg rauð paprika

2-3 rauð chili

300 laukur

200 g selleri

2 hvítlauksrif

6-700 ml grænmetissoð

3-4 lárviðarlauf

2 msk. kúmen (caraway)

½-1 tsk. cayenne-pipar

Sjávvarsalt

Hvítur pipar

Paprikur fræhreinsaðar, skornar í meðalstóra bita ásamt lauk og selleri. Allt sett í pott ásamt ólífuolíu og 1 tsk. af sjávvarsalti. Leyft að linast við meðalhita um stund. Þá er hvítlaukur og rautt chili skorið í bita og bætt saman við ásamt kúmenfræjunum, cayenne-pipar og hvítum pipar. Grænmetissoðinu bætt í pottinn ásamt lárviðarlaufum og leyft að sjóða þar til allt grænmetið er orðið lint. Að lokum eru lárviðarlaufin veidd upp úr, súpan maukuð, hituð að nýju og smökkuð til með salti og pipar. Heimild: www.islenskt.is.

Freyðandi ananasdrykkur

Matarblogg njóta sivaðandi vinsælda og kannast margir við að matreiðslubækurnar standi orðið óhreyfðar uppi í skáp. Oft eru matgæðingarnir á bak við blogginn með eitthvert gegnumgangandi þema. Sæunn Ingibjörg Marínósdóttir er ein þeirra en hún hefur sókkt sér ofan í næringar- og hollustuþælingar og sankað að sér ýmsum uppskriftum þeim tengdum. Hún heldur úti síðunni hugmyndirad-hollustu.is og þar kennir ýmissa

grasa. Þar má bæði sækja fróðleik og uppskriftir og hér er ein að góðu millimáli. Ananasfrómas-en samt ekki

1 dl iskalt vatn

Lítil handfylli hýðislausar möndlur

2 mjúkar döðlur

½ tsk. hreint vanillufluft

200 g frosnir ananasbitar

1 Allt nema ananas maukað saman í blandara þar til það



verður að freyðandi, mjúkra möndlumjólk.

2 Ananasbitunum bætt út í og blandað í mjúkan, þykk og búðingskenndan þeyting. Sæunn tekur fram að í þeytingsgerðina þurfi nokkuð óflugan blandara eða matvinnsluvél. Henni þykir gott að láta blandarann ganga í góða stund á lágum krafti til að mylja niður bæði möndlur og frosnir ananas áður en hún hækkar í botn til að ná lokaáferðinni.



Nei, hæ!

KÍKTU VIÐ

HJÁ OKKUR OG FÁÐU ÞÉR FÁRÁNLEGA GÓÐA SAMLOKU OG SVALANDI DJÚS EÐA KRÖFTUGAN SHAKE.



P.S. Við gerum geggjað kaffi líka!

ÆFINGARFATNAÐUR

Stærðir 14-28 eða 42-56

GOTT ÚRVAL AF FATNAÐI Í STÆRÐUM 14-28 EÐA 42-56
SJÁÐU ÚRVALIÐ Á WWW.CURVY.IS EÐA KOMDU VIÐ Í
VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9



Toppur
5.990 kr
Stærðir 14-28



Toppur
5.990 kr
Stærðir 14-28



Toppur
6.990 kr
Stærðir 14-28



Buxur
6.990 kr
Stærðir 14-28



Buxur
6.990 kr
Stærðir 14-28



Toppur
7.590 kr
Stærðir 14-28



Buxur
6.990 kr
Stærðir 14-28



Toppur
6.990 kr
Stærðir 14-28

VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!



Við erum á Snapchat - Curvy.is

Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

Vetrarkápur með stíl

Það stýttist í að haustið láti að sér kveða með tilheyrandi haustlægðum. Þá er gott að eiga góða yfirhöfn. Síðar kápur verða vinsælar í vetur og ullarefni allsráðandi.

Það er ánægjulegt að sjá að vetrartiskan er fjölbreytt þegar kemur að yfirhöfnun. Jarðlitir eru jafn vinsælir og sterkir litir eins og grænt, gult og rautt. Síddin kemur kannski á óvart en kápur ná alveg niður á kálfa jafnframt sem þær eru í víðar og efnismiklar. Segja má að tiskan verði þægileg og hlý þegar kólnar í veðri.

Á pöllum mátti líka sjá síðar slár í margvíslegum litum. Sérstaklega hjá Valentino. Þá var tekið eftir kvenlegum og fallegum stíl í vetrartiskunni hjá Dior. Stíllinn minnti á fatatisku á fimmta og sjötta áratugnum. Hjá Chanel var

tweed-efni allsráðandi, bæði í drögtum og kápum.

Leðrið sem hefur verið vinsælt undanfarin ár í jökkum verður áfram vinsælt og nú líka í kápum. Ullarkápur eru bæði tvíhneppar og einhneppar. Gaman verður að fylgjast með því sem kemur í verslanir núna fyrir haustið en það er oft skemmtilegasti tími ársins þegar kemur að tisku. Burtséð frá yfirhöfnun þá virðist haust- og vetrartiskan vera afar frjálsgleg og þægileg.



Óvenjuleg kápa frá Calvin Klein.



Síð ullarkápa frá Chanel. Það er Chanel-stíll á þessari.



Jean Paul Gaultier sýndi síða kápu eins og flestir aðrir hönnuðir á tiskuvikunni í París.



Christian Dior leitar til fortíðar í tisku sinni. Kvenleg og glæsileg ullarkápa.



Valentino hikar ekki við að nota liti í hönnun sinni. Sjá mátti bæði kápur og slár í vetrartisku frá þessu fræga tiskuhúsi.

Nýjar haustvörur streyma inn

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Glæsileg kápa með skinni frá Ulyana Sergeenko sem sýnd var á há-tiskuviku í París.

KAUPAUKI

Fjölnota poki og glæsileg ZikZak flaska fylgir með hverri keyptri úlpu!



Stærðir
36-56

GLÆNÝJAR SÍÐAR ÚLPUR!

Nýjar síðar úlpur fyrir veturinn eru loksins komnar

ZIKZAK

TÍSKUHÚS




HAUST TÍSKAN ÚTSÖLULOK



Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX



Porbergur Halldórsson gull- og silfursmíðameistari á verkstæðinu sínu í Súðarvogi. MYND/ERNIR

Birkigreini um háls og fingur

Porbergur Halldórsson, gull- og silfursmíðameistari, kynnti nýjustu skartgripalínu sína á Menningarnótt. Hún byggir á birkigreinum sem hann tindi við ósa Elliðaána.

Sólveig
Gísladóttir
solveig@365.is



Vinnustofa Þorbergs er í iðnaðarhverfinu í Súðarvogi í nálægð við ósa Elliðaána. „Þar grær mikill birkiskógur og þegar ég var að reyna að ákveða næstu skref í skartgripahönnun minni ákvað ég að fara í göngutúr um skóginn og greip í leiðinni með mér nokkrar greinar,“ segir Þorbergur. Hann tók silikonmót af greinunum. „Útkoman var mjög skemmtileg en með þessari aðferð er hægt að ná fram mjög nákvæmri eftirmynd þar sem hver einasta yrja og æd í viðnum er sjáanleg,“ lýsir Þorbergur sem ákvað að nota aðeins greinar birkisins en ekki laufblöð þar sem þau eru of finleg fyrir þessa aðferð.“

Með þessari aðferð er hægt að ná fram mjög nákvæmri eftirmynd þar sem hver yrja og æd er sjáanleg.

Hugmyndin að línunni vaknaði fyrir rúmu ári og Þorbergur hefur því gefið sér góðan tíma til að fullklára hana. „Ég er í mörgum föstum verkefnum sem taka mikinn tíma,“ segir Þorbergur, sem til að mynda sérsmíðar fálkaorður.

Nýja birkilínan er nokkuð viðfeðm. Í henni eru átta tegundir af hálsmenum, svipað af lokkum og þrjár tegundir af hringum, með og án steina. Skartgripirnir eru úr silfri og fást silfurlitir, gylltir og svartir oxíderaðir. „Svo er ég reyndar líka að vinna að útfærslu í 14 karata gulli með demöntum.“

Nýju línunni var vel tekið á Menningarnótt. „Fólki fannst þessi tenging við náttúruna skemmtileg,“ segir Þorbergur en hann vinnur nú að uppsetningu vefsíðunnar volc-anojewellery.is þar sem hægt verður að sjá skartgripahönnun hans.



Nýjar haustvörur

Netverslun á tiskuhus.is

Stærðir 38-52

My Style

tiskuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

- Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðarþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamáskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnuöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga
Bjarnadóttir,
Vestmannaeyjum

Opið 8-22

Ferðamáskóli Íslands

Ferðamáskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

bilaborg.is
Sími 517-1111



VW Bjalla 1300 árg 1973, ekinn 46 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 2 girar. Tilboð óskast Rnr.121431. Billinn er á staðnum Tilboð óskast í netfang bilaborg@bilaborg.is Sími 5171111

Bilaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003



HONDA Cr-v live style. Árgerð 2016 ekinn 47 þ.KM dísel 6 girar. Verð 4.990.000. Rnr.103622.



FORD Transit Van TREND I3 h2. Árgerð 2017 ekinn 0 þ.KM dísel beinskíptur. Verð 4.190.000. Rnr.104264.



VINNUÞJARKURINN
FORD Transit. Árgerð 2017 ekinn 0 þ.KM dísel 6 girar. Verð 4.290.000. án vsk Rnr.104186.



FORD Expedition Eddy Bouer XL 4wd er með hópferðaleyfi. Árgerð 2004 ekinn 195 þ.KM bensín, sjálfskiptur frábær og vel með farinn bíll. Verð 1.890.000. Þessi er Tilbúinn beint í Norðurljósin Rnr.101977.

Braut Bílasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is

Bílar til sölu



VW GOLF árgerð 09/2006, ekinn 129 þ km, bensín, beinskíptur, sóllúga, sumard. 16" álfelgur, 1 eigandi, mjög gott viðhald, smurbók. Verð 780.000. Tilboð 680.000.- Uppl. 8442041



Til sölu Corvette 1977 350c sprækur og finn. Set á hann 3,5 mill, engin skipti Uppl. í s. 616 6636



BMW 545 árg. 2004. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 1.250.000 tilboð. S. 6162597

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.



Vissir þú að...
Foraldir bera megin ábyrgð á að sjálfa að ríka, megin, and egum og flek og þögum þrossa barna. Sinna.

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þríf, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is



PEUGEOT

308 active

Nýskráður 6/2014, ekinn 55 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.490.000



HONDA

CR-V Elegance Navi 2wd dísel

Nýskráður 1/2016, ekinn 11 þús.km., dísel, 6 girar.

Verð kr. 3.990.000



HONDA

CR-V Executive dísel

Nýskráður 5/2013, ekinn 49 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 4.490.000



HONDA

CR-V Lifestyle dísel

Nýskráður 2/2014, ekinn 102 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 4.290.000



SUBARU

Legacy Outback

Nýskráður 4/2008, ekinn 162 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.750.000



KIA

Ceed dísel

Nýskráður 12/2012, ekinn 65 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.590.000



BÍLL DAGSINS

Chevrolet Lacetti station

Nýskráður 1/2005, ekinn 169 þús.km., bensín, 5 girar. Verð kr. 590.000

Tilboð dagsins kr.
390.000



HONDA

Jazz 1,4i LS

Nýskráður 6/2008, ekinn 143 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 790.000



HONDA

CR-V Panorama

Nýskráður 5/2007, ekinn 145 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 girar.

Verð kr. 1.690.000



Opnunartími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00
Lokað laugardaga í sumar.



NOTAÐIR BÍLAR

Bílaþjónustanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga upptöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

Málarar

REGNBOGALITIR

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spórtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Keypt & Selt

Til sölu



SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

FRYSTIKLEFI - FRYSTIKLEFI!

Til sölu frystiklefi 85 m³. Mjög hagstætt verð. Upp. í s. 861 6726 eða 862 5940

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m². Ódýrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

UPPHITUD FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI

Getum bætt við okkur tjaldvöðnum og fellihýsum í vetur. S. 899 7012 Sólbakkí.

Bílskúr

Bílskúr óskast til leigu undir dót. Uppl á: hreinverk.is og í s. 699 6762 Tómas

Atvinna

Atvinna í boði

BÍLSTJÓRI ÓSKAST

Í sendibílaakstur. Hraustur, þjónustulundaður og íslenskumælandi með hreint sakavottorð. Keyrt innanbæjar og á Selfoss/Hellu. Fullt starf en hlutastarf á morgnana líka möguleiki Uppl. í s: 892-6363 og á skutlari@gmail.com

Atvinna óskast

SMIDIR - VERKAMENN - MÚRARAR

Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í mikla vinnu HANDAFL EHF s. 777 2 333

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



lind@fastradningar.is

mjoll@fastradningar.is

FAST

Ráðningar

www.fastradningar.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.

Tekur venjulegt GSM SIM kort, Hægt að panta mynd eða hlusta svæði. SMS og MMS viðvörin í síma og netfang. Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist. Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara. Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl. Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn. Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is



- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Dempapar
- Rafgeymar
- o.fl.



Gylfahlöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjðu á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Verið hjartanlega velkomín.

Tímabantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Fasteignir



SKÓGARVEGUR 12A - 108 RVK.

OPIÐ HÚS FIM. 31. ÁGÚST KL. 17:00 – 17:30

Glæsileg og rúmgóð 3ja herbergja jarðhæð með stæði í bílageymslu á besta stað með suðurgarði í Fossvoginum. Afar vönduð íbúð í nýju fallegu 4ra hæða fjölbýlishúsi með lyftu í Fossvogi, íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu. Íbúðin sem er þriggja herbergja, merkt 0106 er 101 m² og geymsla 10,7 m², samtals 111,7 m². **V. 62,8 millj.**



SVEINN EYLAND
Löggiltur fasteignasali.
S. 690 0820



ÞÓRARINN THORARENSEN
sölustjóri.
Sími 770 0309

LANDMARK

FASTEIGNASALA

SÍMI 512 4900 - HLÍÐARSMÁRI 2 - LANDMARK.IS



Jöklafold 41, 112 Reykjavík



Mjög falleg 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð í góðu húsi. Íbúðin skiptist í hol, stóra stofu, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Tvennar svalir eru á íbúðinni (í suður og vestur) með góðu útsýni. Í kjallara er sér geymsla. **Opið hús fimmtudaginn 31. ágúst milli 17:15 og 17:45. V. 43,9 m.**

Baugakór 19-23, 203 Kópavogur



Vorum að fá í sölu 132,3 fm 4 herb. endaíbúð á 3.hæð (efstu hæð) í mjög góðu lyftuhúsi sem byggt var af Húsvirki. Stæði í bílageymslu fylgir. Sérinnangangur af svalagangi. Glæsilegt útsýni. Vandaðar eikarinnréttingar og eikarparket á flestum gólfum. Þrjú svefnherbergi og sjónvarpshol ásamt rúmgóðri stofu. **Opið hús fimmtudaginn 31. ágúst milli 17:15 og 17:45. V. 56,9 m.**

588 9090 · www.eignamidlungur.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL
Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu áður en hún verður lögð fram til afgreiðslu í sveitarstjórn:

- Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps í fyrrum Hraungerðishreppi 2003-2015 á spildu úr landi Langholts 1.**
Lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem nær til lóðarinnar Langholt 1 land 2A (Inn. 218349) úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir verslun- og þjónustu. Svæðið sem um ræðir er nokkuð austan Langholtsvegur, norðaustan sumarhúsasvæðis úr landi Hallanda. Gert er ráð fyrir að á landinu verði byggð allt að 10 heilsárhús til útleigu. Drög að deiliskipulagi svæðisins er kynnt með aðalskipulagsbreytingunni.
Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:
- Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 innan þéttbýlisins Árnes.**
Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi innan þéttbýlisins Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem felst í að íbúðarsvæði við enda Bugðugerðis stækkar, þjónustusvæði P4 við Skólbraut (Leikskólalóð) breytist í íbúðarsvæði, svæði fyrir verslun- og þjónustu (lóð Nónsteins merkt V3) stækkar auk þess sem opið svæði til sérstakra nota minnkar. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum áður en þær eru lagðar fram til afgreiðslu í sveitarstjórn:

- Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli sem kallast Sæholt úr landi Dalbæjar í Flóahreppi.**
Kynnt er tillaga að deiliskipulagi fyrir nýtt lögbýli á 25,4 ha svæði úr landi Dalbæjar í Flóahreppi sem gert er ráð fyrir að fái heitið Sæholt. Landið liggur að Gaulverjabæjarvegi nr. 33 norðan við bæjartorfu Vestri- og Eystri-Hellna. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss auk landbúnaðarbygginga.
- Deiliskipulag fyrir tvö lögbýli úr landi Lækjarbakka í Flóahreppi..**
Kynnt er tillaga að deiliskipulagi fyrir tvö ný lögbýli úr landi Lækjarbakka land 1 Inn. 210365. Skipulagssvæðið nær til um 11,5 ha svæðis sem liggur að Villingaholtsvegi nr. 305 en heildarstærð lögbýlana tveggja er um 67 ha. Gert er ráð fyrir að á hvoru lögbýli fyrir sig verði heimilt að byggja íbúðarhús, hesthús, skemmu og reiðhöll.
Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:
- Deiliskipulag frístundabyggðar á spildu úr landi Efri-Reykja við Brúará, í Bláskógabyggð.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 13 ha spildu úr landi Efri-Reykja við Brúará, vestan við deiliskipulag núverandi frístundabyggðar á landi jarðarinnar. Í deiliskipulaginu felst að afmarkaðar eru þrjár frístundahúsaloðir merktar A1, B1 og C sem eru á bilinu 0,5 ha til um 2 ha að stærð. Þegar hafa verið byggð tvö hús innan skipulagssvæðisins.
- Deiliskipulag frístundabyggðar á svæði úr landi Böðmódsstaða, Bláskógabyggð, sem kallast Kolviðarholt.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi 42 frístundahúsaloða á 37 ha svæði úr landi Böðmódsstaða sem kallast Kolviðarholt rétt austan Hólaár. Liggur svæðið að frístundabyggðarsvæði sem kallast Kolviðarholtsmýri og liggur að ósum Hólaár.
- Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Birkibýggð í Hrunamannahreppi.**
Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Birkibýggð sem liggur upp að Bræðratunguvegi norðvestan við þéttbýlið Flúðir. Samkvæmt tillöguni stækkar skipulagssvæðið til suðaustur meðfram Bræðratunguvegi þar sem gert er ráð fyrir 4 nýjum lóðum. Þá bætast við 2 lóðir á svæði sem áður var skilgreint sem skógræktarsvæði. Samtals verða 12 lóðir innan skipulagssvæðisins eftir breytingu.
- Deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis fyrir hótél og baðlón á spildu í landi Efri-Reykja, Bláskógabyggð, ásamt umhverfisskýrslu.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis fyrir hótél og baðlón í landi Efri-Reykja ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulagssvæðið er um 29 ha að stærð og afmarkast af Brúará til vesturs, Laugarvatnsvegi til norðurs og Reykjavegi til austurs. Er þar gert ráð fyrir uppbyggingu baðlóns ásamt tilheyrandi þjónustubyggingum auk allt að 100-200 herbergja hótels sem byggt verður í áföngum. Þá er einnig gert ráð fyrir byggingu húsnæðis fyrir starfsmenn. Hámarksbyggingarmagn hótels og þjónustubygginga er allt að 15.000 fm.
- Deiliskipulag fyrir 14,9 ha spildu úr landi Sumarliðabæjar I í Ásahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi 14,9 ha spildu (Inn. 179240) úr landi Sumarliðabæjar I þar sem afmarkaður er byggingarreitur fyrir eitt allt að 100 fm frístundahús. Aðkoma að spildunni er frá þjóðvegi nr. 286 í gegnum land Hestheima.
- Breyting á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið Árnes til samræmis við breytingu á aðalskipulagi sem auglýst er samhliða. Í breytingunni felst m.a. að verslunar- og þjónustulóðin V3 (Nónsteinn) stækkar, gert er ráð fyrir 3 íbúða raðhúsi og parhúsi við enda Bugðugerðis og 4 íbúða raðhúsi við Skólbraut í stað lóðar fyrir leikskóla. Þá er nokkrar breytingar sem varða afmörkun lóða og vega til samræmis við nákvæmari mælingar.
- Breyting á deiliskipulagi Brautarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, lóðir við Holtabraut.**
Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi þéttbýlisins Brautarholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í breytingunni felst að fjórum einbýlislóðum við Holtabraut (1,3,5 og 7) er breytt í tveir raðhúsaloðir fyrir 4-6 íbúðir á bilinu 40 – 90 fm í hvoru húsi fyrir sig með sameiginlegu bílastæði vestan lóðanna. Þá er aðkoma frá Skeiðavegi að Malarbraut lokað og austurmörk lóðar nr. 3 færð fjær landamörkum við Húsatóftir 2. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðanna var grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir íbúum Brautarholts með bréfi dags. 2. maí sl. Vegna athugasemda sem komu var samþykkt að gera breytingar á tillögunni og kynna að nýju.
- Deiliskipulag fyrir frístundahúsaloðir á spildu úr landi Sandlæks 1 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til 17,5 ha svæðis úr landinu Sandlækur I land 2 þar sem gert er ráð fyrir 6 um 1,5 ha frístundahúsaloðum á holti sem kallast Sandholt og draga lóðirnar heiti sitt af því. Svæðið liggur að Skeiða- og Hrunamannavegi nr. 30 suðvestan við bæjartorfu Gunnbjarnarholts.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni <http://www.sbf.is>.

Skipulagstillögur 1, 3 og 4 eru í kynningu frá 31. ágúst til 5. september 2017 en tillögur 2 og 5-12 frá 31. ágúst til 13. október. Athugasemdir og ábendingar við tillögur 1, 3 og 4 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 5. september 2017 en 13. október fyrir tillögur 2 og 5-12. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi
petur@utu.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



Nýtt til sölu í Kópavogi

EIGNAMIDLUN
588 9090 · www.eignamidun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60
ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



ÁLALIND
OPIÐ HÚS
föstudaginn 1. sept.
MILLI KLUKKAN
17.00 – 18.00



FALDAHVARF
BÓKIÐ SKOÐUN
HJÁ SÖLUMÖNNUM

Glæsilegt lyftuhús

Álalind 10

Byggingarfélagið Bestla

Eignamiðlun kynnir til sölu nýtt glæsilegt lyftuhús með bílgeymslu staðsett í miðju nýs hverfis á mótí Smáralind.

- Húsið er 4ra hæða lyftuhús með 11 íbúðum.
- Um er að ræða 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir.
- Íbúðirnar skilast fullbúnar með öllum gólfefnum.
- Lofthæð á 3. og 4. hæð er tæplega 3 metrar.
- Möguleiki á svalalokun.

Verð frá 58,0 millj. Afhending íbúða október 2017.

NÁNARI UPPLÝSINGAR



Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidun.is
824 9098



Brynjar Þór Sumarliðason
Löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidun.is
896 1168



Afhending í nóvember 2017

Faldahvarf 1-9

Vel skipulögð 4ra herbergja raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsunum verður skilað fullmáludum tilbúnum til innréttinga. Lóð verður fullfrágengin með steyptu plani. Útveggir húsana eru staðsteyptir og eru þeir klæddir með lituðu áli. Húsin eru 174,7 fm þar af innbyggður bílskúr 29 fm, þau eru vel staðsett með útsýni og stutt er í alla helstu þjónustu.

Verð frá 68,5 milljónum


NÁNARI UPPLÝSINGAR



Daði Hafþórsson
Aðst.maður fasteignasala
dadi@eignamidun.is
824 9096



Brynjar Þór Sumarliðason
Löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidun.is
896 1168



SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN, MÚRARARA OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF S. 777 2 333

RÁÐNINGAR


Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagar bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

ALLT INNIFALIÐ MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM

TILBOÐIÐ GILDIR
ÚT SEPTEMBER 2017




NR. 116-5
VERÐ KR. 186.000
~~346.100~~



NR. 2042
VERÐ KR. 149.900
~~276.600~~



NR. 2046
VERÐ KR. 270.220
~~408.900~~



NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 265.420
~~402.900~~



NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 329.420
~~482.900~~



NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 297.420
~~442.900~~



NR. 2021
VERÐ KR. 304.620
~~451.900~~



NR. 115
VERÐ KR. 369.420
~~532.900~~



NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 313.420
~~462.900~~



NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 385.420
~~552.900~~

ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚIN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ
HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á
LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ
OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM
ERU FARNIR AÐ HALLA.



MÖRKIN 4,
REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

nettó

**VERÐ
SPRENGJA!**

-47%

**LAMBALÆRI
FROSID**

794 KR
KG

ÁÐUR: 1.498 KR/KG



**X-TRA FRANSKAR
KART. Í OFN 1KG**

199 KR
PK

ÁÐUR: 399 KR/PK

**X-TRA HVÍTLAUKSBRAUÐ
2 STK**

129 KR
PK

ÁÐUR: 249 KR/PK

**X-TRA FLÖGUR
SOURCREAM 300 GR.**

149 KR
PK

ÁÐUR: 298 KR/PK

**JARÐARBER
250 GR.**

229 KR
ASKJAN

ÁÐUR: 458 KR/ASKJAN



-50%



-48%



-50%



-50%

Tilboðin gilda 31. ágúst - 3. september 2017

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



-46%

SIRLOIN-SNEIÐAR
Í RASPI

1.495 KR
KG

ÁÐUR: 2.769 KR/KG



-30%

GRILL LAMBARIF
KJÖTSEL

699 KR
KG

ÁÐUR: 998 KR/KG

Gott á grillið!

HUMAR
SKELBROT 1 KG

2.962 KR
KG

ÁÐUR: 3.898 KR/KG

-50%



-24%



NÝBAKAÐ CROISSANT
M. SKINKU OG OSTI

125 KR
STK

ÁÐUR: 249 KR/STK



-25%

KALKÚNABRINGUR
ERLENDAR

1.874 KR
KG

ÁÐUR: 2.498 KR/KG

Givmilet og gott



GRASKERSBRAUÐ
NÝBAKAÐ 508 GR.

349 KR
STK

ÁÐUR: 498 KR/STK

-30%



LB KAREMELLUTERTA
STÓR

1.291 KR
STK

ÁÐUR: 1.898 KR/STK

-32%

Steinbakaðar

-40%



NICE'N EASY PIZZA
HAM&MOZZARELLA
HAM&PEPPERONI
HAWAII

239 KR
STK

ÁÐUR: 398 KR/STK



COOP WC-PAPPÍR
48 RÚLLUR.

2.196 KR
3 PAKKNINGAR

3 FYRIR 2
48 RÚLLUR
RÚLLAN Á 46 KR



FRANK'S 340 GR.
REDHOT ORIGINAL

599 KR
STK



FRANK'S 340 GR.
REDHOT WINGS BUFFALO

599 KR
STK

**NÝTT Í
nettó**



GO-TAN SRIRACHA
CHILLI SÓSA 215 ML

359 KR
STK

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Íðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Ísafjörður · Egilsstaðir · Selfoss



Ísland er ein af þrennuþjóðum Evrópu

Sjö þjóðir náðu því að vera með á Evrópumótinu í fótbolta 2016, á Evrópumótinu í körfubolta 2017 og á Evrópumótinu í handbolta 2018. Litla Ísland er í hópi risanna. Evrópumótið í körfubolta hefst í dag þegar strákarnir okkar í körfuboltaliðinu mæta Grikkjum.

ÍPRÓTTIR „Ég er kominn heim“ hljómar örugglega oft í Helsinki næstu daga eins og það gerði á völdum stöðum í Frakklandi fyrir rúmu ári og mun vonandi einnig heyrast í Split í Króatíu í byrjun næsta árs.

Íslendingar máluðu stúkuna bláa á Evrópumótinu í fótbolta í Frakklandi sumaríð 2016 og endurtaka leikinn á EM í körfubolta í haust. Þegar handboltalandsliðið tryggði sig inn á enn eitt Evrópumótið var ljóst að litla Ísland var enn á ný að bíta frá sér í hópi risanna.

Gullöld landsliðanna

Við Íslendingar erum án vafa að upplifa gullöld landsliðanna okkar í boltagreininum þremur. Handboltalandsliðið hefur haldið heiðri Íslands á lofti fyrsta einn og hálfan áratug nýrrar aldar en síðustu ár hafa bæði fótbolta- og körfuboltalandsliðið verið í hópinn.

Árið 2018 verður fimmta árið í röð þar sem Ísland á karlalandsliði á Evrópumóti í einni af stóru boltagreininum.

Ísland er á leiðinni á sitt tíunda Evrópumót í röð í handboltanum í byrjun næsta árs, á sitt annað Evrópumót í röð í körfuboltanum í næsta mánuði og enginn er búinn að gleyma því þegar karlalandsliðið í fótbolta komst alla leið í átta liða úrslitin á Evrópumótinu í Frakklandi í fyrra.

10

Íslensk A-landslið í bolta-íþróttum hafa komist í tíu lokakeppnir EM frá árunum 2012 til 2018.

» Ísland er eina Norðurlandþjóðin sem átti eða á fulltrúa á EM karla í knattspyrnu (2016), körfubolta (2017) og handbolta (2018).

Tíu landslið á EM á sjö árum

Ísland hefur enn fremur átt A-landslið á Evrópumóti í boltagreininum samfellt frá árinu 2012 og þegar handboltalandslið karla lýkur leik á Evrópumótinu í Króatíu í byrjun næsta árs þá hefur Ísland verið með tíu landslið á Evrópumótum á sjö ára tímabili.

Undanfarin tvö ár hefur Ísland átt tvö landslið á EM á ári því bæði handboltalandsliðið og fótbolta-landsliðið voru með á Evrópumótunum 2016 og fyrr í sumar var fótbolta-landslið kvenna með á EM í þriðja sinn í röð en nú er komið að strákunum í körfuboltalandsliðinu.

Þrjár í gegnum allar undirkeppnir

Adeins þrjár af þessum sjö þjóðum fóru í gegnum undankeppnina á öllum þremur viggstöðvum. Íslensku landsliðin unnu alls þrettán leiki í þessum þremur undankeppnum og geta státað af því ásamt Þýskalandi og Ungverjalandi að hafa unnið sér þáttökuréttinn í gegnum undankeppnina en ekki komist á eitthvert Evrópumótanna í gegnum góðan árangur á síðasta móti eða með því að vera gestgjafi í keppinni.


Árangur íslensku landsliðanna í Laugardalnum var sérstaklega athyglisverður því liðin töpuðu engum heimaleik í undankeppnunum þremur og uppskeran var 9 sigur og tvö jafntefli í ellefu leikjum. Körfuboltalandsliðið og handboltalandsliðið unnu alla þrjá heimaleiki sína og fótbolta-landsliðið vann þá þrjá fyrstu áður en liðið gerði jafntefli í þeim tveimur síðustu.

Íslenska þjóðin er aðeins rúmlega 330 þúsund manns og það er magnað að við séum með landslið á Evrópumóti á hverju ári og stundum tvö á sama ári. Litla Ísland er ekki svo lítið þegar kemur að árangri landsliðanna okkar.

ooj@frettabladid.is

Þrennuþjóðir Evrópu

Lönd á EM í fótbolta 2016, EM í körfubolta 2017 og EM í handbolta 2018



NÝTT

SUNNUDAG



LANDHELGISGÆSLAN



mila
lífæð samskipta



MARGFALT SKEMMTILEGRI

1817

365.IS

365

Þýðir ekkert að vera feiminn

KR-ingurinn Kristófer Acox er einn af fjórum nýliðum íslenska liðsins. Hann horfði á Evrópumótið fyrir tveimur árum í skólastofu í Bandaríkjunum. Það er alltaf von á tilþrifum þegar Kristófer er á gólfinu.

KÖRFUBOLTI Stærsti hluti íslenska karlalandsliðsins hér úti á EM í Helsinkí var með í Berlín fyrir tveimur árum þegar Ísland steig sín fyrstu skref á Eurobasket. Hins vegar hafa bæst öflugir leikmenn í hópinn og einn af þeim er hinn 23 ára gamli Kristófer Acox.

„Ég er mjög spennur. Ferðalagið er búið að vera fint og nú er bara komið að stóru stundinni,“ segir Kristófer. Hann fékk ekki leyfi hjá skólanum sínum til að vera með fyrir tveimur árum en nokkrum mánuðum fyrr hafði hann stigið sín fyrstu skref með landsliðinu og staðið sig vel. Það má því næstum því bóka það að hann hefði verið í hópnum á EM í Berlín 2015 ef forráðamenn Furman-skólans hefðu sýnt meiri skilning.

„Þetta er fyrsta stórmótið mitt. Ég sat bara í skólastofunni og fylgdist með Eurobasket í beinni fyrir tveimur árum. Að fá að vera með núna í öllu ferðalaginu, æfingunum og leikjunum er ólýsanlegt,“ segir Kristófer.

Þeir gömlu ruddu veginn

Íslenska liðið er byggt á kjarna sem er búinn að spila lengi saman í landsliðinu en Kristófer og fleiri eru að koma sterkir inn. „Við erum aðeins að yngja þetta upp,“ segir Kristófer í léttum tón en bætti svo við: „Gömlu mennirnir eru búnir að ryðja veginn fyrir okkur og hækka slána. Við ungu strákar komum

bara inn og erum æstir, graðir og spennir fyrir því að spila og gera vel.

Ég ætla að koma inn með orku og reyna að gera það sem ég get best. Ég ætla mér að hjálpa liðinu með öllum þeim hlutum sem ég gert sjálfur. Svo ætlum við að spila saman því að enginn vinnur þetta einn og sér. Ef við spilum fimm og allir tólf saman þá eigum við að geta gert góða hluti á þessu móti,“ segir Kristófer. Liðið er einn stór vinahópur og það er mjög góður andi yfir öllu.

„Þetta er eins og lítil fjölskylda. Við vorum búnir að vera saman tvö sumur í rök, með svipað lið og svipaðan æfingahóp líka. Við erum því farnir að þekkja frekar vel hver inn á annan.

Við erum mjög mikið saman alla daga og æfum tvisvar á dag. Svo erum við líka að ferðast saman og allt þannig,“ segir

Kristófer en hann bætir svo við:

„Ef við verðum ekki komnir með ógeð hver á öðrum eftir þetta mót þá veit ég ekki hvað. Það er bara það góða við þetta að við erum farnir að þekkja hver annan innan vallar sem utan og höfum myndað þessi tengsl. Það hjálpar okkur mikið.“

Reynir við troðslur

Ein tölfræði sem ætti að hækka við komu Kristófers og Tryggva Snæs Hlinasonar í liðið er fjöldi troðsla hjá íslenska liðinu.

„Maður er að taka við af Hlyn og þeim í troðslunum,“ grínast Kristófer en landsliðsfyrirliðinn Hlynur Bæringsson er ekki þekktur fyrir að troða boltanum í körfuna í leikjum. Kristófer stefnir

á að gleðja fjölda íslenskra stuðningsmanna með flottum tilþrifum á Evrópumótinu.

„Ég verð að reyna að henda í einhverjar

troðslur. Það er kannski auðveldara fyrir jafn

Ef við spilum fimm og allir tólf saman þá eigum við að geta gert góða hluti á þessu móti.

Kristófer Acox

stóran mann og Tryggva að henda í troðslur en ég verð að fá eitthvað líka,“ segir Kristófer brosandí.

Sýna sig og sanna

Kristófer Acox er nú kominn heim eftir fjögurra ára nám í Furman-skólanum og varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn með KR í vor. Nú nokkrum mánuðum síðar er hann að fara að spila sinn fyrsta leik á Eurobasket.

„Maður setur sér markmið og vill uppskera. Þegar maður er kominn á svona stórt svið þá vill maður að fólk taki eftir sér. Ég verð bara að koma inn, spila af ákveðni og hafa sjálfstraust,“ segir Kristófer en þetta er líka spurning fyrir hann að sýna sig og sanna því stefnan er sett á það að komast að hjá sterku erlendu félagi í framtíðinni.

„Vera líka til í þetta. Maður er kominn á stórmót. Það þýðir ekkert að fara út á völl og vera feiminn eða eitthvað hræddur. Þetta er bara leikur en á það stóru sviði að maður vill láta taka eftir sér,“ sagði Kristófer að lokum.

ooj@frettabladid.is



Kristófer Acox

Nýjast

Pepsi-deild kvenna

Grindavík - Valur 0-3

KR - Breiðablik 0-2

Haukar - Fylkir 1-2

Efst	Neðst
Þór/KA 38	FH 19
Breiðablik 33	Grindavík 14
Valur 31	KR 12
ÍBV 31	Fylkir 8
Stjarnan 27	Haukar 1

Inkasso-deildin

Þór - Keflavík 0-3

Selfoss - Fylkir 1-2

ÍR - HK 2-3

Grótta - Fram 1-3

Efst	Neðst
Keflavík 40	Leiknir R 29
Fylkir 39	Fram 26
Þróttur R 33	Selfoss 24
HK 33	ÍR 16
Haukar 30	Grótta 9
Þór 30	Leiknir F. 7

Í dag

17.30 FH - KR Sport

18.35 Frakkland - Holland Sport 2

18.35 Portúgal - Færeyjar Sport 3

18.35 Búlgaría - Svíþjóð Sport 4

Pepsi-deild karla:

17.45 FH - KR Kaplakriki

Pepsi-deild kvenna:

20.00 Stjarnan - FH Samsung-v.

Inkasso-deildin:

19.15 Haukar - Leiknir Ásvellir



Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA UM ÞIG

Við framleiðum íslenskt efni fyrir þig. Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með Stöð 2.



MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is

365

VIÐ ERUM ÖLL Í SAMA LIÐI



Fjörð er að hefjast í Finnlandi

Við óskum íslenska karlalandsliðinu í körfubolta góðs gengis á EuroBasket 2017 sem hefst í dag í Helsinki. Okkur hlotnaðist sá heiður að fylgja þessu magnaða liði á áfangastað og ætlum sannarlega ekki að missa af einum einasta leik.

Icelandair er stoltur styrktaraðili körfuboltalandsliðs karla. Áfram Ísland!

TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Soffía Jónsdóttir

Hólavegi 29, Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sauðárkróki, laugardaginn 19. ágúst. Útförin fer fram frá Sauðárkróskirkju laugardaginn 2. september kl. 14.00.

F.h. aðstandenda,
Jósep Reykdal Þóroddsson



Ástkær móðir okkar,

Unnur Ólafsdóttir

Borgarholtsbraut 36, Kópavogi,

er látin.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk. Þökkum auðsýnda samúð og hlýju.

Helga Sigurðardóttir
Anna Ólöf Sigurðardóttir
Unnur Ólöf Sigurðardóttir
Sigurður Sigurðsson



Sigurður Rúnar Sæmundsson

fv. sendibilstjóri, sjómaður og áfengisráðgjafi,

lést af völdum heilablóðfalls 24. ágúst 2017. Minningarathöfn um hann verður tilkynnt síðar.

Saythong Sæmundsson

Sæmundur Þór Sigurðsson Bergþóra Kristjánsdóttir

Vai Sawitree Maniterm

Matthías Rúnar Sigurðsson

Arngrímur Jón Sigurðsson

Máni Sæmundsson

Erla Diljá Sæmundsdóttir

Þór Sæmundsson

Dagur Sæmundsson

Jökull Sæmundsson

Guðmundur Sæmundsson Ingibjörg Jónsdóttir Kolka

Hreiðar Sæmundsson



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Hrefna Björg Guðmundsdóttir

Vatnsholti 18, Keflavík,

er látin.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 7. september kl. 13.

Kjartan B. Bjarnason

Guðmundur Rúnar Kjartansson

Bjarni Jóhann Kjartansson

Atli Birkir Kjartansson

Elisabet Kjartansdóttir

Marilyn C. Blance

Hrönn Konráðsdóttir

og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamamma og amma,

Gísliína Guðrún Friðbjörnsdóttir

Brekkugerði 30, Reykjavík.

Lést á Landakotsspítala 28. ágúst síðastliðinn. Jarðarför verður auglýst síðar.

Anna Margrét Bjarnadóttir

Einar Björn Bjarnason

Guðrún Þóra Bjarnadóttir Gunnlaugur Jón Rósarsson

Ólavía Guðrún Gísladóttir

Hjördís Diljá Gunnlaugsdóttir

Bjarni Rósar Gunnlaugsson

Einar Gísli Gunnlaugsson

Margrét Sóley Gunnlaugsdóttir



„Þetta er bara gítar og söngur. Eins einfalt og hugsast getur,“ segir Magnús um flutninginn á disknum Máðar myndir. MYND/FRÍÐRIKA BEN.

Útkoman varð minningar og meiningar í söngvum

Í yfir 30 ár hefur íslenska þjóðin notið þess að hlusta á Magnús R. Einarsson tala í útvarp, nánar tiltekið á Rás 2. Nú er söngrodd hans komin út á hljómdiskinum Máðar myndir. Það er fyrsti diskur hans og þar flytur hann eigin lög og texta við gítarundirleik.

Diskurinn inniheldur átta lög og texta,“ segir Magnús R. Einarsson, sem lengi var dagskrárgerðarmaður á Rás 2, um sinn fyrsta hljómdisk sem nefnist Máðar myndir. Sjö laganna kveðst hann hafa samið á hálfum mánuði fyrir tveimur árum. „Ég átti fri í janúar þegar enginn annar var í frii og fór bara heim, kveikti á tölvunni og slökkti á símanum og samdi sjö lög og texta á tveimur vikum. Vann frá sex á morgnana til tíu á kvöldin, nánast sleitulaust, og útkoman varð minningar og meiningar í söngvum. Svo fann ég eitt lag í skúffunni sem passaði við.“

Ekki segir Magnús flókið fyrirbæri að gefa út plötu, þó hafi það vafist fyrir honum um hríð. „Það er nefnilega þannig að tónlistarmennirnir skipta minna og minna máli en þeir sem fíka í græjunum og tölvunum meira og meira máli. Ég vildi bara vera einn með gítarinn, taka upp og engu breyta og því hélt ég til streitu. Að syngja vel er hæfileiki sem fáum er gefinn. Við hin gerum okkar besta. Svo kann ég nokkur grip en tilgangurinn með útgáfu disksins er að koma frá mér lögum og

Lítið eitt um tónlistarferil Magnúsar R. Einarssonar

Magnús var í Hljómsveit Ólafs Gauks þegar hann var kornungur, spilaði líka í Pokkabót, Ríótríó, og Spilverki þjóðanna, var lengi í Brimkló og spilaði á plötum með Bubba Morthens, Megasi og Björgvini Halldórssyni, svo nokkuð sé nefnt. Þó hefur hann aldrei verið atvinnumaður í músík eingöngu.

●● **Ég er að læra frönsku og ég er að læra að teikna, ég er að semja og taka upp og svo hjóla ég um alla borgina.**

textum. Þetta er alger heimilisíðnaður nema hvað ég fór í bílskúrinn til hans Jóns Ólafssonar þrjá eða fjóra morgna.“ Magnús hefur verið músikant frá

því hann var strákur og spilað með fjölda hljómsveita og söngvara en þetta er það fyrsta sem kemur út undir hans eigin nafni. „Þetta er eitthvað sem mig hefur lengi langað að gera en ekki látið verða af fyrr en núna. Ég er orðinn elli-lífeyrisþegi og hafði nógan tíma til að brasa í þessu. Þegar maður hættir að vinna tekur við önnur kafið iðjuleysi. Ég er að læra frönsku og ég er að læra að teikna, ég er að semja og taka upp og svo hjóla ég um alla borgina,“ segir hann og á þar við Paris þar sem hann býr nú og unír hag sínum vel.

„Við Ríkka ætlum að vera hér í París í að minnsta kosti ár. Það er gaman að geta leyft sér að skipta um stíl,“ segir hann ánægjulegur. Skyldi hann ekki ætla að koma heim og halda útgáfutónleika? „Jú, líklega kem ég en þó ekki fyrr en um mánaðamótin október, nóvember.“

En hvar er hægt að nálgast diskinn? „Hann er bara seldur í póstsölu enda gefinn út í litlu upplagi. Ef menn hafa áhuga geta þeir haft samband við mig gegnum fésbókina. Þar eru flestir.“
gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona og móðir okkar,

Hulda Sigurvinsdóttir

frá Leiðarenda við Hafravatn,

lést á Landspítalanum aðfaranótt þriðjudagsins 29. ágúst 2017.

Útförin verður auglýst síðar.

Halldór Sigurðsson
Hólmfríður Halldórsdóttir
Sigurður Svan Halldórsson



Ástkær eigenmaður minn,

Jón Helgi Einarsson

lést laugardaginn 26. ágúst í Brákarhlíð, Borgarnesi. Útför hans fer fram frá Borgarneskirkju, föstudaginn 1. september kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans, er bent á Krabbameinsfélagið.

Guðbjörg Andrésdóttir
(Lilla)

QLED TV

SAMSUNG



4K ULTRA HD
CONNECTED

ULTRA HD™
PREMIUM

ULTRA
HD

VDE
TÜV SÜD
CERTIFIED
ID: 43045572

Framtíðarsjónvarp

Komið í Samsung Setrið og kynnist því nýjasta í sjónvarpstækni í heiminum,
frá langstærsta framleiðanda heims.

Q picture

Litur

Sýnir alla liti 100%

Contrast

Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu

HDR 1500/2000

Sýnir nákvæmlega rétta liti

Sjónarhorn

Öll sætin eru bestu sætin

Q style

Ósýnilegar tengingar

Hannaðu umhverfið að vild

Engin skil

Fellur alveg að veggnum

Takmarkalaus 360° hönnun

Hvert smáatriði er þaulhugað

Q smart

Ein fjarstýring

Afruglari, Netflix og Youtube

Allt í einni fjarstýringu

Smart view

Stjórnaðu sjónvarpinu frá símanum

Smart Content

Fjölbreytt úrval efnisveita

Samsung QLED is Quantum dot based TV

QLED TV


SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Í dag verður ákveðin suðvest-anátt á landinu en strekkingur NV-lands og austan Óræfajökuls. Rigning eða súld á köflum vestan til, en bjartara er austar dregur. Hiti 11 til 18 stig.



Föstudagur

Reykjavík 13° ↗ 6	Ísafjörður 10° ↗ 14	Akureyri 15° ↗ 13
Egilsstaðir 17° ↗ 4	Kirkjubæjarkl. 15° ↗ 3	Hveravellir 8° ↑ 10

Laugardagur

Reykjavík 11° ↑ 8	Ísafjörður 10° ↑ 10	Akureyri 14° ↑ 10
Egilsstaðir 11° ↑ 10	Kirkjubæjarkl. 11° ↑ 7	Hveravellir 8° ↑ 11

LÉTT

3	1			9	8				
								4	8
	2		3	5		6			
8			5		3			1	
	7				9		2	3	
		9	6	1					
			2		1		8		
	6						2	3	
			7		5				

MIDLUNGS

		7		1	3			9	
5			7				1		
	1		6					5	
	9	5	2					4	
		6	4				8		
3	7			5	1				
6					8			4	
	5	9			7			8	
				6				9	

PUNG

5	8								
	6	1	3				7	2	
		2	8				3		
	1	6							7
9	7					3	2	4	
						5	9		1
6	2		9				4	5	
						8			
						3	4		9

Krossgáta

LÁRÉTT

- 2. þei
- 6. í röð
- 8. tal
- 9. farfa
- 11. á fæti
- 12. jakki og pils
- 14. bit
- 16. rás
- 17. ræktað land
- 18. skjögur
- 20. átt
- 21. ögn

LÓDRÉTT

- 1. sigti
- 3. kringum
- 4. sáttgjarn
- 5. rá
- 7. forði
- 10. skrá
- 13. kann
- 15. betl
- 16. heiður
- 19. tveir eins

1		2	3	4	5
6	7		8		
9			10		11
12				13	
	14				15
16				17	
18		19			20
21					

LÁRÉTT: 2. suss, 6. áh, 8. mál, 9. lít, 11. tá, 12. dragt, 14. gjes, 16. að, 17. tinn, 18. röð, 20. sa, 21. arða. LÓDRÉTT: 1. sáld, 3. um, 4. sáttfús, 5. síá, 7. þinglín, 10. tal, 13. get, 15. snap, 16. aera, 19. öð.

Skák Gunnar Björnsson

Rijnbergan átti leik gegn van der Tak í Hollandi árið 1982. Hvítur á leik
1. Rg8! c1D+ (1... Hxd2 2. Rf6+ og þráskákar). **2. Dxc1 Rd7**
3. Df1! ½-½. Svartur á ekkert betra en þráskák með 3... De3+ 4. Kh1 De4+ o.s.frv. Í kvöld eru tveir kynningarfundir í SÍ.



www.skak.is: Nýtt fréttabréf SÍ.

4	2	6	5	8	9	7	3	1	
1	3	8	6	4	7	2	5	9	
5	7	9	2	3	1	6	4	8	
6	4	1	7	9	8	3	2	5	
3	5	2	1	6	4	9	8	7	
8	1	9	7	3	2	5	4	1	6
7	8	3	4	1	6	5	9	2	
2	1	5	9	7	3	8	6	4	
9	6	4	8	5	2	1	7	3	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



Hágæða amerísk heilsurúm sem auðvelt er að elska

Sofðu rótt í alla nótt

rekkjan
HEILSURÚM

ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáholdssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér

365
365ASKRIFT.IS



Vertu meira þú

Við hjálpum unga fólkinu að koma auga á þá hæfileika sem það býr yfir og yfirstíga það sem heldur aftur af því. Við hvetjum þátttakendur á námskeiðinu til að taka stærri skref, setja sér skýr markmið, virkja sköpunarkraftinn og nýta áhrif sín. Við hjálpum þeim að styrkja þau sambönd sem skipta mestu máli og aukum færni þeirra í samskiptum til að geta áunnið sér traust og skapað tækifæri til framtíðar.

Næstu námskeið

Aldur	Hefst	Fyrirkomulag	Tími
10–12 ára (5.–7. bekkur)	19. september	Einu sinni í viku í 9 skipti	17:00–20:00
13–15 ára (8.–10. bekkur)	14. september	Einu sinni í viku í 9 skipti	17:00–20:30
16–19 ára (Menntaskóli)	11. september	Einu sinni í viku í 9 skipti	18:00–22:00
20–25 ára (Háskóli/vinnumarkaður)	13. september	Einu sinni í viku í 9 skipti	18:00–22:00

Ókeypis kynningartímar í Ármúla 11

10–15 ára	6. september	19:00 til 20:00
16–25 ára	6. september	20:00 til 21:00

Skráning í kynningartíma á
www.dale.is/ungtfolk

**Dale
Carnegie®**



Ragnar og Yrsa segja verðlaunasamkeppnina fyrir þá höfunda sem ekki hafa gefið út glæpasögu áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Því fleiri bækur, því betra

Rithöfundarnir Yrsa Sigurðardóttir og Ragnar Jónasson hafa stofnað til sérstakra glæpasagnaverðlauna sem nefnast Svartfuglinn, í samvinnu við útgefanda sinn, Pétur Má Ólafsson hjá Veröld. Verðlaunin verða veitt fyrir handrit.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Hugmyndin kom upp í samtali okkar Ragnars. Ég held að hann hafi átt frumkvæðið. Við notum bæði glæpasöguna sem okkar miðil til að skrifa og viljum hvetja fleiri til að gera það," segir Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur um þá ákvörðun hennar og Ragnars Jónassonar, kollega hennar, að efna til árlegrar verðlaunasamkeppni um áður óbirt handrit að íslenskri glæpasögu. Miðað er við að verðlaunasagan komi út hjá Veröld í upphafi Viku bókarinnar ár hvert en handritin þurfa að berast fyrir 1. janúar. Verðlaunin nefnast Svartfuglinn og nema 500.000 krónum. Yrsa og Ragnar ætla að greiða þau úr eigin vasa. Bæði hafa þau notið velgengni sem rithöfundar og segjast með gleði vilja borga eitthvað til baka.

„Með þessu langar okkur, fyrst og fremst, til að stuðla að því að menn haldi áfram að skrifa og gefa út bækur á íslensku og lesa bækur á íslensku," segir Ragnar sem kveðst hafa áhyggjur af því að íslenskan geti glatast smátt og smátt – jafnvel

hraðar en við höldum. „Þetta er svo fámenn þjóð og viðkvæmt tungumál. Samt er svo ótrúlega dýrmætt að eiga það. En áhrif enskunnar í fjölmiðlum og daglegu lífi landans eru orðin mikil, fyrirtæki auglýsa sig fyrst á ensku og svo á íslensku og maður fer á veitingastað og er afgreiddur á ensku," nefnir hann sem dæmi.

Hvorugt þeirra Ragnars og Yrsu hefur áhyggjur af samkeppninni, þótt fleiri glæpasagnahöfundar bætist við. „Við erum virkilega að vonast til að það séu fleiri en tveir, helst fleiri en tíu, sem eru tilbúnir að koma glæpasögum á framfæri. Ég vona að þetta lukkist vel og að einhverjir þarna úti komi til með að hugsa sér gott til glóðarinnar," segir Yrsa. „Það er aldrei nóg af bókum og enginn yrði gláðari en við ef einhvers staðar leynist höfundur sem á eftir að slá í gegn.“

„Því fleiri bækur, því betra," tekur Ragnar undir. „Það er þannig stemning í þessum glæpasagnaheimi að þar er enginn hræddur við samkeppni heldur hjálpar hver öðrum. Margir hjálpuðu mér á leiðinni, hvort sem það var Yrsa eða einhverjir höfundar í útlöndum sem höfðu lesið eftir mig og stöppuðu í mig stálinu," segir Ragnar sem er á leið til Skotlands í næstu viku á bókahátíð þar sem hann ætlar að ræða um glæpasögur og íslenskuna. Svo ætlar hann líka að spila fótbolta sem er fastur liður á þessari hátíð.

En er ekki tíminn of knappur sem nýir höfundar hafa til að skila inn handriti í keppnina. Bara til 1. janúar? „Jú, í styttra lagi en þetta dæmi er

Alltaf að skrifa

Yrsa Sigurðardóttir sendir í haust frá sér sína þrettándu glæpasögu. Bækur hennar koma út á yfir þrjátíu tungumálum í öllum byggðum heimsálfum veraldar. Hún hefur hlotið margvísleg verðlaun fyrir glæpasögur sínar, s.s. Blóðdropann – íslensku glæpasagnaverðlaunin, Dönsku glæpasagnaverðlaunin og Petrona-verðlaunin fyrir bestu norrænu glæpasöguna í Bretlandi. Í haust kemur út níunda glæpasaga Ragnars Jónassonar. Bækur hans eru nú gefnar út á um tuttugu tungumálum. Verk hans hafa verið tilnefnd til fjölda verðlauna og hlaut hann Mörda-verðlaunin fyrir bestu þýddu glæpasöguna í Bretlandi í fyrra. Áður en Ragnar hóf sjálfur að senda frá sér bækur þýddi hann fjórtán glæpasögur Agöthu Christie.

ÉG HEF TRÚ Á ÞVÍ AÐ VIÐ FÁUM EINHVER FRÁBÆR HANDRIT OG ÞEIR SEM EKKI NÁ ÞESSU NÚNA VERÐA BARA MEÐ NÆST.

hugsað til framtíðar líka, því vonandi getur samkeppnin orðið árleg. Ég hef trú á því að við fáum einhver frábær handrit og þeir sem ekki ná þessu núna verða bara með næst," segir Ragnar. Hann hefur trú á að margir lumi á hálfkláruðum handritum og keppnin geti orðið þeim hvati til að ljúka við bók.

Yrsa er sama sinnis. „Þetta er ekki síst hugsað fyrir þá sem hafa gengið með þann draum í maganum að gefa út, slíkt fólk á oft einhver drög sem eflaust er hægt að þetta og laga.“

Spurð hvort þau hafi kannski haldið námskeið í gerð glæpasagna kveðst Yrsa hafa komið inn á námskeið erlendis og verið þar með stutt erindi. „Plottin verða alltaf að koma frá fólkinu sjálfu en ég hef reynt að gefa góð ráð um hvernig það eigi að vinna úr hugmyndunum, hvernig megi bæta persónusköpun, auka spennu, hvað beri að forðast og hvað sé nauðsynlegt. Sá sem er að skrifa þarf að hafa löngun til að segja söguna sína. Það er frumforsenda. Að eldur sé undir.“

Ragnar og Yrsa segjast vera góðir vinir og hafa brallað ýmislegt saman gegnum tíðina. „Við settum á fót fyrstu íslensku glæpasagnahátíðina fyrir svona fjórum árum og hún er haldin á tveggja ára fresti," bendir Ragnar á. Þau viðurkenna að glæpasagnautgáfan á Íslandi hafi eflst verulega á síðustu árum enda hafi það form ekki verið fyrirferðarmikið hér fyrr en upp úr síðustu aldamótum. „Þess vegna er örugglega fullt af frábærum sögum einhvers staðar þarna úti," segir Yrsa. „Fólki hefur líka fjölgað verulega á landinu – og þar með grunuðum í svona sögum.“

Meikar þú lægra verð á snyrtivörum?

Dagana 31. ágúst til 3. september bjóðum við til snyrtivöruheislu þar sem þú færð ilmi og allt sem vantar í snyrtiveskið með 25% afslætti. Líttu inn til okkar og finndu uppáhaldsmerkin þín á frábæru verði.

25%
afsláttur





Sýning hinnar bandarísku Gabrielle Cerberville nefnist „between the flo/es“ og hún verður í Hofi.

Það er orðin löng hefð fyrir gjörningum á Akureyri

Gjörningar verða framdir um allan bæ á Akureyri um helgina. Þar fer fram gjörningahátíð sem teygir sig reyndar til Hjalteyrar. Guðrún Þórsdóttir er verkefnastjóri og veit meira um herlegheitin.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



A! Gjörningahátíð er haldin í þriðja sinn um helgina, hefst í dag fimmtudag og endar á sunnudaginn,“ segir Guðrún Þórsdóttir verkefnastjóri. „Það er orðin löng hefð fyrir gjörningum á Akureyri alveg frá því á dögum Rauda hússins. Að venju mun listafólk sem býr hér og starfar taka þátt og við fáum gesti úr borginni og erlendis frá.“

Allir gjörningarnir eru frumfluttir nema þeirra Örnú Valsdóttur og Suchan Kinoshita sem fluttu sama efni fyrir 30 árum í Samkomuhúsinu. „Guðrúna telst til að þátttakendur hátíðarinnar séu um 50 og þeir koma víða að. Hún nefnir Katrine Faber frá Danmörku, Gabrielle Cerberville frá Ameríku og Magnús Loga Kristins-

son sem kemur frá Gautaborg. Einnig Gjörningaklúbbinn og myndlistarkonuna Rúrí. „Svo eru 18 stúdentar frá Hollandi sem koma, því kennarinn þeirra, Suchan Kinoshita, var svo sniðug að taka þá með sér í vinnu- og skólaferð. Stúdentarnir fremja vídeógjörninga á vídeólistahátíðinni Heim sem hefur fylgt A! frá upphafi, hún er haldin í heimahúsi,“ upplýsir hún. Af þeim listamönnum sem búa og starfa á Akureyri fyrir utan Örnú Vals munu þær Heiðís Hólm og Hekla Björt Helgadóttir taka þátt, líka Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir, ásamt norski samstarfskonu, Liv-K. Nome.

Hátíðin verður um allan bæ að sögn Guðrúnar. Auk Ketilhússins, sem er eins konar bæstíð A!, eru sýningar í Hofi, Samkomuhúsinu, Rósenborg, Deiglunni og Ketilhúsinu. Já, og Lystigarðinum líka. „Af því Akureyri er svo lítil er hægt að ganga á milli sýningarstaðanna, það er kostur þegar um ræðir jafn þetta dagskrá,“ bendir hún á.



Rúrí verður með gjörninginn Tortími II í Ketilhúsinu á laugardag. MYND/SONJA HEINES

Verksmiðjan á Hjalteyri verður líka vettvangur gjörninga, Voiceland nefnist atriði sem kórinn Hymnodia,

ásamt Gísla Grétarssyni og Mareike Dobewall, flytur þar. „Sýningarnar verða tvær á Hjalteyri og þrjátíu fyrir

stærð Verksmiðjunnar þá komast ekki nema 30 manns á hvora,“ útskýrir Guðrún.

Margir leggjast á eitt við að gera hátíðina að veruleika, að sögn Guðrúnar. „Ragnheiður Skúladóttir, ein af upphafsmönnum hátíðarinnar, ásamt Hlyni Hallssyni, safnstjóra Listasafnsins, ætla að mæta og elda fiskisúpu handa þátttakendum, það hefur hún líka gert tvö síðustu ár.“

Svo endar hátíðin á því að Aðalheiður Eysteinsdóttir listakona býður í morgunmat í Ketilhúsinu. Það verður gjörningur út af fyrir sig.

Akureyrarbær ætla að nota tækifærið og heiðra Örn Inga Gíslason gjörningalistamann á laugardag. „Örn Ingi framdi ógleymanlegan gjörning á fyrstu hátíðinni þegar hann gerði foss úr kirkjutröppunum okkar,“ rifjar Guðrún upp. „Svo var að bætast við eitt atriði. Listamaðurinn Antonín Brinda frá Tékklandi mun fremja gjörning á þjóðveginum.“

A! Gjörningahátíð - Dagskrá

Fimmtudagur 31. ágúst

- Listasafnið, Ketilhús Katrine Faber Tales From The Trash
- Hof, Hamrar Heiðís Hólm Léttvæg tilvistarkreppa
- Kaktus Hekla Björt Helgadóttir og

Svefnleikhúsið Salt Vatn Skæri: að vakna eftir langan, trylltan svefn

Föstudagur 1. september

- Lystigarðurinn Ragnheiður Harpa Leifsdóttir Minning um annað haust

■ Hof, Naust Gabrielle Cerberville „between the flo/es“

■ Verksmiðjan á Hjalteyri Hymnodia, Gísla Grétarsson & Mareike Dobewall VOICELAND

■ Vanabyggð 3 eh. Vídeólistahátíðin

Heim

■ Listasafnið, Ketilhús Katrine Faber Let Us Sing Your Place

Laugardagur 2. september

■ Samkomuhúsið Arna Valsdóttir Suchan Kinoshita Telle

■ Deiglan Gjörningaklúbburinn Maríurnar - María kemur í bæinn

■ Rósenborg Magnús Logi Kristinsson „ég er ekki viss um titilinn“

■ Listasafnið, Ketilhús Þóra Sólveig Bergsteins-

dóttir SACRED; Try to remember the smell of old forest and the drink of clean water

■ Verksmiðjan á Hjalteyri Hymnodia Gísla Grétarsson & Mareike Dobewall VOICELAND

■ Listasafnið, Ketilhús Rúrí Tortími II

■ Vanabyggð 3 eh. Vídeólistahátíðin Heim

Sunnudagur 3. september

■ Ketilhúsið Allir og gestir Morgunmaturinn

■ Hátíðin er haldin í samvinnu Lista-

safnsins á Akureyri, Lókal Alþjóðlegur leiklistarhátíðar, Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, Reykjavík Dance Festival og Menningarfélags Akureyrar.

NÚNA UM HELGINA!



EIN MERKASTA PLATA ALLRA TÍMA
SGT PEPPER'S
LONELY HEARTS CLUB BAND
50
ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

HARPA 2. SEPTEMBER | HOF 3. SEPTEMBER

The Bootleg Beatles & SinfóníaNord

KYNNIR EINAR MÁR GUÐMUNDSSON · STJÓRNANDI ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA! HARPA.IS · TIX.IS · MAK.IS

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Ljósanótt hefur á undanförunum átján árum vaxið og dafnað og er í dag fyrir mörgum skemmtilegur endapunktur við hvert sumar. Á meðal margra skemmtilegra viðburða á hátíðinni er opnun sýningarinnar Blossi í Bíósalnum, Duushúsum í Reykjanesbæ. Þar sýna ljóðskáldið Anton Helgi Jónsson og myndlistarkonan Sossa saman ljóð og málverk með nokkuð óvenjulegum hætti. Sossa segir að grunnurinn að sýningunni liggi í óútgefnum erótískum ljóðum eftir Anton Helga. „Við ákváðum það svo í sameiningu að það væri spennandi að vera með sýningu á ljóðum og málverkum saman. Þannig að ég er búin að vera að mála einhverjellefu verk við ellefu ljóð. Að auki þá þrykkjum við ljóðin á grafíkappír þannig að við erum með grafíkverk líka með litilli mynd af hverju ljóði og þau verða líka innrömmuð þarna á sýningunni.“

Sossa segir að þetta ferli sé búið að vera eitt allsherjar ævintýri en bætir við, svona til að fyrirbyggja allan miskilning, að hún sé ekki að myndskreyta ljóðin. „Ég er fyrst og fremst að mála undir áhrifum frá þessum ljóðum en óneitanlega er það samt þannig að ef vel er að gáð þá sjást vissulega ákveðnar tilvísanir og hvert ég er að fara. En mér finnst samt mikilvægt að halda þessu þannig að hver og einn áhorfandi geti búið til sitt eigið ljóð, þannig að maður má ekki segja of mikið þannig að allir fái tækifæri til þess að hafa áhrif á verkid ef svo má segja. Að áhorfandinn hafi nú svona tækifæri til þess að búa til sína eigin erótík út frá þessu hérna í Reykjanesbæ,“ segir Sossa hlæjandi og bætir við: „Það verður örugglega fjölgun í barneignum hérna í bænum á næsta ári.“

Spurð hvort þau Anton Helgi hafi unnið saman áður segir Sossa að það hafi nú ekki verið áður með þessum hætti. „Ég hef hins vegar lesið mikið eftir hann og verið mjög hrifin af verkum hans. Þannig að þetta er í raun ekki í fyrsta skipti sem ég er undir áhrifum af ljóðum hans í minni myndlist. Hann er myndlist og mikill húmoristi og ég vil meina að ég sé það líka þannig að við smellpössum saman enda er svona smá kómiskur undirtónn í því sem við erum að gera. Þetta verkefni er búið að vera sérstaklega skemmtilegt, ekki



Anton Helgi og Sossa við undirbúning sýningarinnar í Bíósalnum, Duushúsum í Reykjanesbæ.

Það verður fjölgun í barneignum hérna í bænum á næsta ári

Blossi er heiti samsýningar ljóðskáldsins Antons Helga Jónssonar og myndlistarkonunnar Sossu þar sem erótíkin ræður ríkjum í samspili ljóða og málverka.

sist vegna þess að þetta eru óútgefin ljóð sem eiga svo eftir að koma út og nú frumsýnum við þetta saman.“

Sossa segir að þó svo hún hafi áður unnið undir áhrifum ljóða þá hafi þetta verkefni verið afar frábrugðið því sem hún er vön. „Ég hef reynt að vera trú Antoni Helga sem listamanni og gæta þess að hann skíni í gegn líka og fyrir vikið hef ég bæði þurft að fara gætilega en líka í raun langt út fyrir þægindaramma minn. Myndefnið er þannig þar sem þarna eru samfarir og blíðuhót, líka karla við karla og kvenna við konur, en þetta er alltaf fallett – aldrei ljótt. En það hefur alveg reynt á að takast á við þessa fegurð í öllum sínum fornum og myndum.“

Ferlið var þannig að Sossa tók við ljóðunum fullbúnum frá Antoni Helga og í framhaldinu tók hennar vinna við. „Ég sendi honum reyndar á frumstigum ákveðna línu og fékk samþykki og aldrei fékk ég nei. Við

ÞAD ER LIKA AÐ MÖRGU LEYTI STUTT Á MILLI MYNDLISTAR OG LJÓÐS – ÞETTA ERU TVEIR ÓLÍKIR MIÐLAR AÐ SAMAMARKI.

erum líka hvort á sinni línu þannig að ég hefði ekkert fileað það ef hann hefði eitthvað verið að mála inn á mínar myndir frekar en að ég væri eitthvað að potast í hans texta. Við værum eflaust ekki svona góðir vinir í dag hefði það verið. En við erum búin að þekkjast í ein fjöru-tíu ár og höfum fylgst hvort með öðru sem listamönnum á þessum tíma og tölum í raun sama tungumálið þannig lagað séð. Það er líka að mörgu leyti stutt á milli myndlistar og ljóðs – þetta eru tveir ólíkir miðlar að sama marki. Ég sem málari vil þó ekki gefa alla línuna heldur kys frekar að fólk fái að ráða í það sem fyrir augu ber og kannist þá vonandi við sig í verkunum.“

Í Mordor sem magnar skugga sveim

TÓNLIST

Kvikmyndatónleikar

★★★★★

Fellowship of the Ring. Tónlist eftir Howard Shore. Flytjendur: Sinfóniuhljómsveit Norðurlands, Hljómeyki, Söngsveitin Filharmónía. Einsöngvarar: Kaitlyn Lusk og Bjartur Clausen. Stjórnandi: Ludwik Wicki.


Eldborg í Hörpu
sunnudaginn 27. ágúst

Ég hef lesið Hringadróttinsögu 15 sinnum og ekki er ólíklegt að ég hafi séð myndirnar álíka oft. En biótónleikarnir í Eldborg í Hörpu á sunnudagskvöldið buðu upp á alveg nýja vídd. Þar var fyrsta myndin í þríleiknum sýnd við lifandi tónlistarflutning. Talið og tónlistin voru ekki í réttum styrkleikahlutföllum, stundum heyrðist það fyrrnefnda ekkert sérstaklega vel. En þetta var ekki eiginleg biósýning; myndin var aukreit, meira til að setja tónlistina í rétt sambengi en eitthvað annað.

Tónlistin, sem er eftir Howard Shore, er stórfengleg og á drjúgan þátt í stemningunni í myndunum. Hún þarf auðvitað að vera hárrétt tímasett, ekki sist í bardagasenum þar sem atburðarásin er hröð. Að

stjórna hljómsveit og kór undir slíkum kringumstæðum er vandamt, en þó ekki eins snúið og ætla mátti. Hljómsveitarstjórinn, Ludwik Wicki, var með stjóra spjaldtölvu fyrir ofan nótnabókina, en þar sá hann myndina ásamt ýmsum merkjum. Stundum blikkaði ljós, það var svokallað click track, stafrænn taktmælir til að Wicki stjórnaði í réttum hraða. Græn lína sem sveif yfir skjáinn gaf til kynna að næsta tónlistartríði væri senn að hefjast. Það var því engin áhætta, hljómsveitarstjórinn þurfti ekki að beita sjötta skilningarvitinu til að allt kæmi heim og saman. Hann átti bara að fylgja bendingunum í spjaldtölvunni, sem hann gerði reyndar óaðfínanlega.

Sinfóniuhljómsveit Norðurlands lék af addáunarverðri fagmennsku. Gaman var að heyra túbuleikinn, sem var miklu meira áberandi en venjulega. Ég hef séð flutning á sinfóníu þar sem túbuleikarinn situr geispandi þar til rétt í lokin að hann fær að blása í hljóðfærið. Hér var túbuleikarinn nánast eins og einleikari. Básúnurnar voru líka öflugar að ógleymdum fallegum tréblæstri í upphafi myndarinnar. Strengirnir voru sömuleiðis unaðslega breiðir og djúsi, eins og t.d. í senunni við hliðið í Moria; hvílik fegurð! Svo má ekki gleyma mögnuðu slagverkinu.



Tveir kórar voru á sviðinu, Filharmónía og Hljómeyki. Kór-söngurinn er mjög fyrirferðarmikill í myndinni og þar má ekkert klikka. Kórararnir voru frábærir, senurnar með álfunum voru dásamlegar, bæði þegar Arwen birtist fyrst, og ekki síður í Lothlorien hjá skógarálfunum. Maður hreinlega fékk gæsa-húð. Einsöngurinn var svo í höndunum á Kaitlyn Lusk og var hann hástemmdur, tilfinningaþrunginn og fagur. Bjartur Clausen, 11 ára drengur, stóð sig líka þrýðilega.

Þetta var skemmtileg stund, enda spruttu áhorfendur á fætur í lokin og æptu; fagnaðarlætin voru gríðarleg. Vonandi verða hinar tvær myndirnar sýndar á sama hátt í náinni framtíð.

Jónas Sen

NIÐURSTADA: Stórkostlegir tónleikar með frábærri tónlist og glæsilegum flutningi.

Blekhyllki.is



Ódýr blekhyllki og tónerar!

Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Tryggðu þér áskrift
*9.990,- á mánuði.

333 kr á dag*

365.is | Sími 1817 **365**

ÍSKALT OFURTILBOÐ

BEN & JERRY'S
& HÄAGEN-DAZS
VERÐ
499
KR.
500 ML.
ALLAR TEGUNDIR



Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI,
ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ



BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery

BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS



weber

gæði... ending... ánægja.

skoðaðu úrvalið á Weber.is

Flísabúðin kynsir hágæða ítalska HELIOSA rafmagnshitara

HELIOSA hitarar henta bæði innan- og utandyra. Hitna strax, vindur hefur ekki áhrif, vatnsheldir og menga ekki. Margar gerðir til á lager.

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

GÆÐI, ENDING OG GOTT VERÐ

CFORCE 550

- ✓ Fjörgengis 1 cylindra
- ✓ 495cc, 28 kW/6800rpm
- ✓ Þyngd: 375 kg.
- ✓ Bein innspýting
- ✓ Rafmagnsstýri
- ✓ Spil
- ✓ Dráttarkrókur
- ✓ Sjálfstæð fjöðrum
- ✓ Hátt og lágt drif
- ✓ 2350x1160x1400 mm
- ✓ 18 lítra bensintankur
- ✓ Vökvbremsur
- ✓ Tveggjamaða
- ✓ 12 tommu felgur
- ✓ Gasdemparar
- ✓ Traktorskráð

Kr. 1.449.000,-

NITRO Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is



Það er einhver dulinn snilld falin í valinu á þeim Patrick Stewart (sem talar fyrir saurtáknið), Jennifer Coolidge og Steven Wright í ensku útgáfunni.

Hugmyndalaus tilvistarkreppa „tjáknna“

KVIKMYNDIR

The Emoji Movie

★★★★★

Leikstjóri: Tony Leondis
Framleiðandi: Michelle Raimo Kouyate
Handrit: Tony Leondis, Eric Siegel, Mike White
Raddhlutverk: Ævar Þór Benediktsson, Salka Sól Eyfeld, Orri Huginn Ágústsson

Teiknimynd um gangverk snjallsíma og veröld broskalla (eða „tjáknna“) hljómar varla eins og ávísun á gæði, en það er svo sem ekki ómögulegt að gera skemmtilegt bíó úr vondri hugmynd, eða efnivið sem er í grunninn samansafn af æpandi vörुकynningum. Áhugi fyrir frásögn þarf þá að vera til staðar. Þetta sást til dæmis á vel heppnuðum Legómyndum og stórfinu ævintýri með lukkutrollum í fyrri. Það er hins vegar aldrei góð hugmynd að gera mynd þar sem ekkert liggur fyrir í metnaðinum annað en að stela frá betri teiknimyndum og kynna öpp í 80 mínútur.

Í Emoji-myndinni eru bókstaflega allir krakkar stöðugt límdir við snjallsímann sinn (eins fjarstæðukennt og það kann að hljóma...) og eiga erfitt með nokkra tjáningu án hans. En það sem þeir vita ekki er að í hvert skipti sem emoji-kall er sendur út, stendur lifandi „tjáknmynd“ vaktina í heimi innan snjallsímans. Sá niðurdrepandi heimur er morandi í broskollum og öðrum tegundum tákna sem þrá fátt heitar en að vera valin af eiganda símans. „Íbúarnir“ mega biðja fyrir því að tækin þurfi ekki á alvarlegri viðgerð að halda í bráð.

Hvert tjáningartákn gegnir augljóslega ákveðinni rullu í samfélaginu.

Aðalkarakterinn Gene er fæddur í hlutverk „Meh“-táknins, en það reynist honum erfið tilvera í ljósi þess að hann hefur miklu fleiri tilfinningar að sýna. Samfélagið ætlast hins vegar til þess að Gene gangi hlutlaus og bæddur í gegnum lífið

og vegna þessara tilfinningasveiflna er hann „bilun“ í kerfinu í augum æðra fasistavaldsins, svo það kemur þá ekki annað til greina en að eyða honum. En auðvitað leggur Gene á flóttu, kynnist nýjum vinum og lærir að taka sig og „galla“ sína í sátt með tímanum og eigna sér þá.

Boðskapur myndarinnar er í eðli sínu mjög jákvæður og hamrar á mikilvægi þess að vera maður sjálfur og þora að gera eitthvað öðruvísi en það sem aðrir búast við af manni. Úrvinnsla þessa boðskapar missir samt marks á allan veg, enda virðist ekki hafa verið mikill áhugi aðstandenda fyrir því að segja sögu né gera eitthvað ferskt eða marglaga við persónurnar eða heiminn sem umkringir þær, þannig að þetta kemur í staðinn bara út eins og væn predikun. Fyrir utan það hefur þessi nákvæmlega sami boðskapur verið fjórfalt betur meðhöndlaður í til dæmis The Lego Movie eða Wreck-It Ralph, tveimur myndum sem hafa augljóslega veitt þessari mikinn innblástur í fleiri deildum, ásamt Pixar-perlunni Inside Out. Það kemur smávægis út eins og einhver framleiðandi hjá Sony hafi bent á þá mynd og hugsað: „Gerum eitthvað svona!“ án þess að skilja til fulls hvað gerði þá mynd svo góða.

Heimurinn í Emoji-myndinni er manískur, illa úthugaður og sjaldan lokkandi, þrátt fyrir litríka grafík og hönnun sem sleppur fyrir horn

og poppar án þess að vera framúrskarandi. Myndin er uppfull af orku og ærslagangi en laus við alla sál, alla hlýju, alla sköpunargleði og almennilega hnyttu. Atburðarásin er bærileg í fyrri hlutanum (og það er einhver dulinn snilld falin í valinu á þeim Patrick Stewart (sem talar fyrir saurtáknið), Jennifer



Coolidge og Steven Wright í ensku útgáfunni) en fljótt magnast upp leiðindin eftir því sem klisjunum fjölga, þinlegu orðagríni og miskunnarlausum „plöggum“ sem jaðra við það að vera eins konar fyrirtækjaáröður. Meiri hluti framvindunnar gengur út á það að fylgjast með Gene eða öðrum stytta sér leiðir í

gegnum forrit eins og Instagram, Twitter, YouTube, Just Dance, Spotify og fáum við meira að segja snögga kennslu á CandyCrush. Svo slæmt verður það.

Myndin er vissulega gerð og mótuð fyrir yngri hópa og ætti að einhverju leyti að svinvirka fyrir þá, á meðan flestir utan þeirra eru líklegri til þess að skemmta sér yfir því að spyrja sig hvaða vörुकynning kemur næst á meðan á glápinu stendur, ef þeir eru ekki reglulega að kíkja á símana sína hvort sem er.

Tómas Valgeirsson

NIÐURSTADA: Áhorfandinn, sama á hvaða aldri hann er, væri betur kominn ef hann smelti Pixar-mynd í tækid í staðinn. Hverri sem er.

KATHY GRIFFIN



LAUGH YOUR HEAD OFF
HEIMSTÚRINN

29. NÓVEMBER
Í ELDBORG HÖRPU

MÍÐASALA HEFST FÖSTUDAGINN 1. SEPTEMBER Á
HARPA.IS OG TIX.IS

"KATHY GRIFFIN
DOESN'T HOLD
BACK"
VOICE

"KATHY GRIFFIN HAS
THE LAST LAUGH"
THE WALL STREET JOURNAL

"BOUNDLESS
ENERGY"
Parade

"THERE'S NOTHING
LIKE EXPERIENCING
KATHY GRIFFIN LIVE"
Los Angeles Times

WWW.KATHYGRIFFIN.COM [TWITTER @KATHYGRIFFIN](https://twitter.com/KATHYGRIFFIN) [INSTAGRAM INSTAGRAM.COM/KATHYGRIFFIN](https://www.instagram.com/KATHYGRIFFIN) [FACEBOOK /KATHYGRIFFIN](https://www.facebook.com/KATHYGRIFFIN)

LAUGARÁS BÍÓ **mid.is**

EMOJI MYNDIN
SÝND KL. 6

LOGAN LUCKY
SÝND KL. 8, 10.30

SHOT CALLER
SÝND KL. 10.30

ATOMIC BLONDE
SÝND KL. 8, 10.30

AULINK EG 3
ÍSL. 2D KL. 6

VALERIAN
SÝND KL. 5.30

SAMBÍÓINN SAMBIO.IS

KAPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Grín-spennumynd ársins!

AMANDLA STENBERG NICK ROBINSON

EVERYTHING, EVERYTHING
★★★★★
ENTERTAINMENT WEEKLY

Byggð á metsölubókinni 'Allt eða Ekkert'

ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KRINGLUNNI	NUMERÚB SÆTI
EVERYTHING, EVERYTHING kl. 8 - 10:30	EVERYTHING, EVERYTHING kl. 5:50 - 8 - 10:20	EVERYTHING, EVERYTHING kl. 5:50 - 8 - 10:10	1
HITMAN'S BODYGUARD kl. 6:30 - 8 - 9 - 10:30	HITMAN'S BODYGUARD kl. 5:30 - 8 - 10:30	HITMAN'S BODYGUARD kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
HITMAN'S BODYGUARD VIP kl. 5:30 - 8 - 10:30	ANNABELLE: CREATION kl. 5:40 - 8 - 10:10	ANNABELLE: CREATION kl. 10:40	10
ANNABELLE: CREATION kl. 8 - 10:20	DUNKIRK kl. 5:40 - 8 - 10:20	DUNKIRK kl. 6 - 8:20	10
DUNKIRK kl. 10	KEFLAVÍK	AKUREYRI	
FUN MOM DINNER kl. 8	EVERYTHING, EVERYTHING kl. 8	EVERYTHING, EVERYTHING kl. 5:50 - 8	1
STORKURINN RIKKI ÍSL TAL kl. 6	HITMAN'S BODYGUARD kl. 8 - 10:30	HITMAN'S BODYGUARD kl. 8 - 10:30	10
AULINN EG 3 ÍSL TAL 2D kl. 6	ANNABELLE: CREATION kl. 10:30	ANNABELLE: CREATION kl. 10:30	10
BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D kl. 5:50		STORKURINN RIKKI ÍSL TAL kl. 6	1
PIRATES 2D kl. 5:20			

KAPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Frá leikstjóra The Dark Knight þrileiksins, Inception og Interstellar

★★★★★ TOTAL FILM

★★★★★ THE HOLLYWOOD REPORTER

★★★★★ VARIETY

93% FRESH

DUNKIRK

ANNABELLE CREATION

Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

31. ÁGÚST 2017

Tónlist

Hvað? Reykjavík Deathfest: Cattle Decapitation
Hvenær? 21.00
Hvar? Gaukurinn, Tryggvagötu Cattle Decapitation frá Bandaríkjunum spilar í tilefni Reykjavík Deathfest. Miðaverð 2.500 krónur.

Hvað? Vio & Fufanu á Húrra
Hvenær? 20.00
Hvar? Húrra, Naustunum
Nú fer ágúst að liða undir lok og haustið að ganga í garð. Til að halda upp á þau tímamót ætla hljómsveitirnar Vio og Fufanu að stíga á svið á síðasta ágústdegi þessa árs, fimmtudaginn 31. ágúst. Tónleikarnir fara fram á Húrra en húsið verður opnað kl. 20.00 og hefjast leikar upp úr kl. 21.00.

Hvað? Blakkát í Bíói Paradís
Hvenær? 22.00
Hvar? Bíói Paradís, Hverfisgötu Hljómsveitin Blakkát kemur fram. Ókeypis inn og tilboð á bjór.

Hvað? Einar Scheving Band (Jazz/Funk)
Hvenær? 21.00
Hvar? Dillon, Laugavegi

Hvað? Ívar Daniels og Mummi-SING ALONG
Hvenær? 22.00
Hvar? Græna herbergið, Lækjargötu Ívar og Mummi halda uppi frábærri stemningu þetta flotta fimmtudagskvöld! Mummi hamrar flygilinn og Ívar syngur með sinni frábæru rödd – gestir taka að sjálfsögðu þátt.

Hvað? Pétur Ben á Rosenberg
Hvenær? 21.30
Hvar? Rosenberg, Klapparstíg Síðsumartónleikar á Rosenberg. Pétur Ben verður með ferna tónleika



PubQuiz Stelpur rokka! fer fram í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

á Rosenberg í haust og í kvöld verða þeir fyrstu. Pétur vefur nýja þræði sem hann er að vinna að saman við eldri lög og ábreiður í eina samfellda upplifun þar sem andrúmsloftið er þykkt og myrkt og kalt, fallett og hlýtt og skakkt.

Hvað? Jazz fimmtudagur
Hvenær? 20.00
Hvar? Oddsson, Hringbraut Rósa Birgitta Ísfeld og Jón Elísson spila djass.

Viðburðir

Hvað? Elías Davíðsson, fyrirlestur
Hvenær? 20.00
Hvar? Friðarhúsið, Njálsgötu Elías Davíðsson, fræðimaður og rithöfundur, talar á fundi Alþýðufylkingarinnar í Friðarhúsi. Hann mun þar kynna rannsóknir sínar og

bækur um hryðjuverk og hvernig valdamikil öfl nota þessa „ögn“ í pólitískum tilgangi. Elías er búsettur í Þýskalandi og hefur um árabil fengist við rannsóknir og skrif um hryðjuverk, einkum með falinni aðkomu ríkja – m.a. herja, leyniþjónusta, jafnvel dómstóla – sem leynt er á bak við þéttan vef lyga og áróðurs.

Hvað? Listaspjallið Sleggjan
Hvenær? 15.00
Hvar? Artgallery Gátt, Kópavogi Listaspjall um sýningu Georg Douglas, „Meira en augað nemur“, fer fram í dag, 31. ágúst, kl. 17-18 í sýningaröllum Artgallery Gáttar í Hamraborg 3a Kópavogi, gengið inn að norðanverðu. Verið hjartanlega velkomin að spjalla um þessa skemmtilegu og liflegu sýningu, Kristbergur Ó. Pétursson mun leiða spjallið og listamaðurinn er að sjálfsögðu á staðnum.



Hljómsveitin Fufanu skemmtir á Húrra ásamt Vio. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hvað? Dark Deeds in Reykjavík – Bókmenntaganga á ensku
Hvenær? 15.00
Hvar? Borgarbókasafnið í Grófinni Starfsfólk Borgarbókasafnsins leiðir gesti um slóðir drauga, glæpa og annarra myrkraverka í íslenskum bókmenntum. Gangan tekur um 90 mínútur og hentar öllum. Lagt er upp frá Borgarbókasafninu í Grófinni, Tryggvagötu 15. Fritt er fyrir 17 ára og yngri.

Hvar? Hafnarhúsið Leiðsögn um sýningu Ragnars Kjartanssonar.

Hvað? Leiðsögn á ensku: Guð, hvað mér líður illa
Hvenær? 14.00

Hvað? Stelpur rokka! PubQuiz á Lofti
Hvenær? 20.00
Hvar? Loft, Bankastræti PubQuiz um alls konar gellur í tónlist! Við lofum ykkur miklum skemmtilegheitum, góðri músík og svo eru verðlaun í boði. Umsjónar fólk er mikið áhugasamt um tónlist, skemmtilegheit og bjór en þau eru: Aðalheiður Finnsdóttir, Hörður Sveinsson, Kamilla Einarsdóttir og Krista Hall.

BÍÓ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

BPM. (120 Beats Per Minute) 17:15
Hjartasteinn 17:30
Out Of Thin Air 20:00
The Other Side Of Hope 20:00
Eg Man. Pig 20:00
The Greasy Strangler 22:00
Heima 22:15

120 BEATS PER MINUTE

OUT OF THE THIN AIR

NÝTT



© Inter IKEA Systems B.V. 2017

Hann er kominn!



Sjáðu vörulistann lifna við!
Í rafræna vörulistanum er fullt
af aukaefni. Kíktu á www.IKEA.is



Forsíðuleikur!



Taktu þátt í forsíðuleik IKEA!
Þú gætir unnið 100.000 kr. gjafakort.
Nánari upplýsingar á www.IKEA.is



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is



Fimmtudagur



Diana Prinsessa



DIANA: IN HER OWN WORDS

Tímamóta heimildarmynd þar sem loksins líta dagsins ljós mjög umdeildar upptökur af Díonu prinsessu af Wales frá árunum 1992 og 1993. Þar ræðir hún meðal annars hjónaband sitt með Karli Bretaprins og versta dag ævi hennar, sjálfan brúðkaupsdaginn.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGURFáðu þér áskrift á **365.is****365**

MASTERCHEF USA

Skemmtileg sería með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



NCIS

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félag hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



ANIMAL KINGDOM

Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás.



TRAINING DAY

Stórskemmtilegur spennuþáttur um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem oftast en ekki eru æði ósammála um hvernig löggæslan skuli fara fram!



KLOVN FOREVER

Nú reynir á vináttu dönsku skemmtilegu vinanna þegar Casper ákveður að flytja frá Danmörku til Los Angeles til að eltast við frekari frægð og frama.



LUCK

Spennandi þættir um glæpamann sem nýlega hefur verið sleppt úr fangelsi og dettur inn í heim veðreiða og fjárhættuglæpa.



STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Kalli kanína og félagar
07.50 Tommi og Jenni
08.10 The Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 Mom
10.40 The Mindy Project
11.10 Veistu hver ég var?
11.55 Landnemarnir
12.35 Nágrannar
13.00 Maggie's Plan
14.35 A Cinderella Story: If the Shoe Fits
16.15 Little Big Shots
17.00 Bold and the Beautiful
17.25 Nágrannar
17.50 Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakinn
19.05 Ísland í sumar

19.25 Diana: In Her Own Words Vandaður heimildarþáttur í til-efni þess að nú eru liðin tuttugu ár frá því að Diana prinsessa lést í bílslysi í undirgöngum í París. Hingað til hefur saga hennar verið sögð frá sjónarhorni annarra en hér eru einstök myndbönd frá henni sjálfri sem gefa enn betri innsýn í líf þessarar einstöku konu sem var oft kölluð prinsessa fólksins. Einnig er rætt við samferðafólk hennar og þá sem hún hafði áhrif á í gegnum tíðina.

20.20 Masterchef USA

21.05 NCIS

21.50 Animal Kingdom Önnur syran af þessum mögnuðu glæpaþáttum sem fjalla um ungan mann sem flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr. Þar lendir hann inni í vægast sagt vafasömum málum þar sem fjölskyldustarfsemin er ekki öll sem hún er séð.

22.40 Training Day

23.25 Real Time With Bill Maher
00.30 Little Boy Blue Bresk þáttaröð í fjórum hlutum sem fjallar um 11 ára gamlan strák sem var skotinn til bana á leið heim af fótboltaæfingu og farið er yfir rannsókn málsins. Þættirnir eru byggðir á sönnun atburðum og voru unnir í samvinnu við hina raunverulegu foreldra.

01.20 Gasmann

02.05 6 Bullets
03.55 Humans Magnaðir þættir sem gerast í heimi þar sem vélmenn eru notuð sem þjónar á heimilum en erfitt getur verið að greina á milli hverjir eru mennskir og hverjir eru það ekki.

04.40 Humans

05.30 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

07.55 Augsburg - B. Mönchengladbach
09.35 NFL Hard Knocks
10.30 Real Madrid - Valencia
12.10 Spænsku mörkin
12.40 Crystal Palace - Swansea
14.20 Messan
15.50 Þór - Keflavík
17.30 FH - KR
19.45 Premier League World
20.15 Pepsi-mörkin
21.45 NFL Hard Knocks
22.40 Búlgaría - Svíþjóð
00.20 HM Markasyrpa
00.45 FH - KR

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Raðið
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

STÖÐ 3

17.20 New Girl
17.45 Mike & Molly
18.05 The Big Bang Theory
18.30 Modern Family
18.55 Curb Your Enthusiasm
19.35 Höfðingjar heim að sækja
19.55 Bara grin
20.25 Undateable
20.50 Claws
21.35 Luck
22.25 Banshee
23.15 Gilmore Girls
00.00 It's Always Sunny in Philadelphia
00.25 Eastbound and Down
00.55 Modern Family
01.20 Curb Your Enthusiasm
01.55 Höfðingjar heim að sækja
02.15 Bara grin
02.45 Undateable
03.10 Claws
03.55 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Tindur
07.11 Zigby
07.25 Stóri og Litli
07.38 Latibær
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar
08.47 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.55 Rasmus Klumpur
10.00 Lína Langsokkur
10.25 Hvellur keppnisbill
10.37 Ævintýraferðin
10.49 Gulla og grænjaxlarnir
11.00 Kormákur
11.12 Zigby
11.26 Stóri og Litli
11.39 Latibær
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar
12.47 Doddi litli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.55 Rasmus Klumpur
14.00 Lína Langsokkur
14.25 Hvellur keppnisbill
14.37 Ævintýraferðin
14.49 Gulla og grænjaxlarnir
15.00 Kormákur
15.12 Zigby
15.26 Stóri og Litli
15.39 Latibær
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar
16.47 Doddi litli og Eyrnastór
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.55 Rasmus Klumpur
18.00 Lína Langsokkur
18.25 Hvellur keppnisbill
18.37 Ævintýraferðin
18.49 Gulla og grænjaxlarnir
19.00 Baddi í borginni



Mörgæsirnar
kl. 08.24,
12.24 og
16.24

GOLFSTÖÐIN

08.00 The Northern Trust
11.00 PGA Highlights
11.55 Champions Tour Highlights
12.50 Golfing World
13.40 Canadian Pacific Women's Open
16.40 Golfing World
17.30 Inside the PGA Tour
17.55 The Northern Trust
20.55 US Women's Open
23.00 Cambia Portland Classic

STÖÐ 2 BÍÓ

11.50 Cesar Chavez
13.30 Bright Lights: Starring Debbie Reynolds and Carrie Fisher
15.05 How to Be Single
16.55 Cesar Chavez
20.10 How to Be Single Gamanmynd með Rebel Wilson, Leslie Mann, Dakota Fanning og Alison Brie. Alice, Robin, Meg og Lucy eiga að baki margvíslega reynslu í samskiptum við karlmenn og eru missáttar við að vera einhleypar. En það að vera á lausu býður hins vegar líka upp á ýmislegt.
22.00 Klövn Forever
23.40 Sausage Party Hressileg teiknimynd fyrir fullorðna frá 2016 frá framleiðendum Pinapple Express, Bad Neighbors og This is the End. Eins og allan annan mat í stórmarkaðinum dreymir pylsuna Frank um að einhver muni kaupa hann og fara með hann heim þar sem hann og eigandinn muni lifa áhyggjulausu lífi.
01.10 Appaloosa
03.05 Klövn Forever

RÚV

13.00 Ísland - Grikkland
15.40 Íþróttafrek
15.55 KrakkaRÚV
15.56 Elías
16.07 Veistu hvað ég elska þig mikið
16.20 Hvergidrengir
16.50 Frakkland - Finnland
18.45 Tákn málsfréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós og Menningin
20.05 Pricebræður elda mat úr héraði
20.35 Í mat hjá mömmu
21.00 Fréttir frá Gallipoli
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 EM í körfubolta 2017. Samantekt
22.40 Haltu mér, slepptu mér
23.30 Svikamylla
00.30 Kastljós og Menningin
00.50 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Everybody Loves Raymond
08.25 Dr. Phil
09.05 Life Unexpected
09.50 Psych
10.35 Síminn + Spotify
12.25 The Bachelorette
13.55 Dr. Phil
14.35 Life in Pieces
15.00 Old House, New Home
15.45 Family Guy
16.10 The Royal Family
16.35 King of Queens
17.00 Man With a Plan
17.25 How I Met Your Mother
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 The Late Late Show
19.50 America's Funniest Home Videos
20.15 Honeymoon in Vegas
21.55 How to Get Away with Murder
22.40 Dice
23.10 The Tonight Show
23.50 The Late Late Show
00.30 24
01.15 Under the Dome
02.00 Law & Order: Special Victims Unit
02.45 Elementary
03.30 House of Lies
04.00 How to Get Away with Murder
04.45 Dice
05.10 Síminn + Spotify


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

Verðsaga IKEA

Engin vara hefur hækkað í verði í IKEA síðan 2012.

Allar vörur hafa lækkað í verði á undanförunum fimm árum, fjölmargar um tugi prósentu. Bara á undanförunu ári, eftir útgáfu síðasta vörulista, var verðið lækkað þrisvar - samtals um rúm 20% að meðaltali. Við höfum tekið stöðu með neytendum og lækkað verð tafarlaust þegar færi gáfust. Styrking krónunnar, stöðugleiki í efnahagsmálum og aukin umsvif hafa gert þetta kleift. Nú fögnum við nýju viðskiptaári og vonum að verðlækkunir fyrirtækisins hafi jákvæð áhrif á áframhaldandi stöðugleika og kaupmátt landsmanna.



40% lækkun



BJURSTA borðið er einfalt og fjölhæft, og hentar því hvaða heimili sem er – svolítið eins og IKEA.

Skoðaðu verðsögu fleiri vinsælla IKEA vara á www.IKEA.is



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is



Tilboð

Grohe | Start Edge
Vnr. 15331369

12.995.-

fullt verð 16.995.-

Eldhústæki.

BYKO

GROHE

Tilboð

Loftabiljur
0111731

1.395 kr/m²

fullt verð 1.995 kr/m²
Hvítar, 20,2 x 260 cm.



Ronda | Handlaug
10708500

6.995 kr.

fullt verð 9.995 kr.

Handlaug á vegg og borð.
33,5 x 29 x 11,5 cm.
Blöndunartæki fylgja ekki.

FJÖLDI TILBOÐA Í NÝJA BLAÐINU

skoðaðu það á www.byko.is

Nýjung

Nýjung í borðplötum

- Nanotech matt yfirborð
- Lítil speglun
- Engin fingraför
- Auðvelt að þrifa
- Auðvelt að fjarlægja fínar rispur
- Mjúk áferð
- Skarpar brúnir



FENIX ^{NTM}
Borðplötur

Glitter | loftljós
Vnr. 52238125/6

5.995.-

Loftljós
Litur: Svart/Kopar
Pera: E27



Nýjung

Vinýlkorkparket

19091000/2/5
6.995 kr/m²
 Vatnshelt vinyl kork parket,
 1225x145 mm, 6 mm.

STEIRER PARKETT®

Steirer er hágæða viðarparket frá Austurríki sem hefur skapað sér frábært orðspor á alþjóðlegum vettvangi. Steirer er selt í yfir 30 löndum um allan heim.

Nánar: www.scheucherparkett.at

Eik Country
 0113722
3.595 kr/m²
 fullt verð 4.196 kr/m²

Viðarparket - Eik, 3ja stafa.
 Stærð: 182x2200 mm, 14 mm.

Tilboð

GROHE

Grohe | Eurosmart
 15323589
16.995 kr.
 fullt verð 22.995 kr.
 Handlaugartæki með lyftitappa.

Münsteinsflísar

Tilboð

Monopole | Brick flísar
 Vnr. 18088900/7
3.995.-
 verð m²
 fullt verð 4.952 kr/m²

Frostþolnar
 Litur: Hvítar eða dökkrauðar
 Stærð: 7,5x28 cm

GROHE

Grohe | Grohtherm 1000
 15334146
22.995 kr.
 fullt verð 27.995 kr/m²
 Sturtutæki
 CoolTouch® brunavörn.

Vinnur þú

100.000 kr.
 inneign hjá Hólf & Gólf?

Svana Lovísa Kristjánsdóttir hjá Svart á hvítu verður gestadómar og verður hægt að fylgjast með leiknum á www.trendnet.is/svartahvitu/ á facebook síðu BYKO og Instagram.

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalningar, hvort sem það er baðherbergi, stofa, eldhús eða annað. Settu myndina á Instagram og merktu: #bykotrend Föstudaginn 22. september verður heppinn vinningshafi dreginn úr pottinum.

HÓLF & GÓLF
 BYKO BREIDDINNI

Öll verð eru bit með fyrirvara um prentvillur og/öðra myndabrengi. Verð gilda til og með 20. september 2017 eða á meðan birgðir endast.

LÍFIÐ

Tískufyrirmyndin
Diana

Það var á þessum degi fyrir tuttugu árum sem Dána prinsessa lést í bílslysi í París. Dána var elskuð og dáð víða um heim enda lagði hún mikla vinnu í þágu góðgerðarmála. En Dána var líka tískufyrirmynd og hafði augljóslega gaman af því að klæða sig upp á.



Í dragt frá Catherine Walker og með hatt frá Philip Somerville í opinberri heimsókn í Dubai árið 1989.



Glæsileg í kjól frá Christina Stambolian árið 1994.



Í teinótttri dragt árið 1996.



Rautt ofan á rautt. Þessi dragt er úr smíðju Jaspers Conran.



„Double denim“-trendið rokkað í skíðaferð í Austurríki.



Bleikklædd Dána með Harry son sinn árið 1986.



Dána var óhrædd við að klæðast skærum litum og skemmtilegum litasamsetningum.

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU GARNI, PRJÓNUM,
PRJÓNABLÖÐUM OG ÚTSAUMSPÖKKUM
FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

31. ágúst - 10. september

SAFNAÐU INNEIGN

Meðlimir í A4 klúbbnum
fá 5% afslátt af öllum
kaupum í formi inneignar.

A4
KLÚBBURINN

Það er einfalt að skrá sig á A4.is
eða í næstu verslun.
Vertu með, það margborgar sig.



Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](https://www.facebook.com/a4fondur) [Pinterest](https://www.pinterest.com/a4fondur) og [Instagram](https://www.instagram.com/a4verslanir)

A4



Rauðir litatónar fara einstaklega vel við græn augu eins og fyrirsætan Cara Delevingne hefur sýnt og sannað.



Fyrirsæturnar á sýningu Ninu Ricci voru farðaðar með kinnalit í rauðum tón. Kinnaliturinn var settur á kinnbeinin, gagnaugað og inn á augnlokið eins og tíðkaðist á niunda áratugnum.



Látlaus fördun fyrir utan rauðan augnskugga á sýningu Dion Lee á tiskuvíkunni í New York.



Selena Gomez er ein þeirra sem hafa skartað rauðleitri augnförðun undanfarið.



Nýja augnskuggapallettan Naked Heat frá Urban Decay er stútfull af rauðtóna augnskuggum.



Varalitur í látlausum lit passar vel við rauða augnförðun.

Kinnaliturinn Frankly Scarlet frá MAC hentar vel í haustfördun.

Rauðleitir litatónar með haustinu

Haustið nálgast og þá tekur fördunartískan u-beygju. Kopar- og rauðir litatónar verða vinsælir í fördunarheiminum í haust og vetur ef marka má nokkur þekkt tiskuhús, þetta á einna helst við um augnfördunina.



Nýstárleg fördun á tiskupallinum hjá Christian Siriano.

Heilsan okkar

Lára Sigurðardóttir læknir og doktor í lýðheilsu- vísindum svarar heilsu- spurningum lesenda



Er í lagi að gefa börnum melatónín?

Takk fyrir þessa spurningu. Það getur verið réttlætlanlegt að gefa börnum melatónín undir vissum kringumstæðum. Til dæmis hafa sum börn með einhverfu, taugasjúkdóm eða þroskaskerðingu öðlast betri svefn með melatóníni.

Melatónín hefur auk þess reynst vel til að stilla líkamsklukkuna í takt við umhverfið. Það á helst við aðstæður eins og ef við eigum erfitt með að sofna, þegar við fljúgum milli tímbelta eða vinnum á næturvöktum. Einnig er algengt og eðlilegt að líkamsklukkan detti úr takti á unglingsárunum. Melatónín er þá venjulega gefið um klukkustund fyrir áætlaðan sofnunartíma og dugir venjulega að gefa það í nokkur kvöld.

MELATÓNÍN HEFUR AUK ÞESS REYNST VEL TIL AÐ STILLA LÍKAMSKLUKKUNA Í TAKT VIÐ UMHVERFIÐ. ÞAÐ Á HELST VIÐ AÐSTÆÐUR EINS OG EF VIÐ EIGUM ERFITT MEÐ AÐ SOFNA, ÞEGAR VIÐ FLJÚGUM MILLI TÍMABELTA EDA VINNUM Á NÆTURVÖKTUM.



Læknar og vísindamenn hafa haft áhyggjur af að melatónín geti truflað hormónabúskap barna því melatónín tengist æxlunartíma sumra dýra. Það hafa ekki fundist neinar vísbendingar um slík áhrif hjá mönnum. Melatónín hefur þvert á móti reynst talsvert öruggt.

Á Íslandi er melatónín lyfseðilsskytt og því skal ekki gefa barni melatónín nema í samráði við lækni.

Til að stilla líkamsklukkuna í takt við umhverfið á dimmum dögum hjálpar að vakna við vekjarljós, hafa bláa birtu í vinnuherbergi eða skólafötu og fá sér göngutúr utandyra í hádegini. Einnig hjálpar að slökkva á öllum raftækjum tveimur klukkustundum fyrir svefn til að ýta undir eigin framleiðslu á melatóníni. Þá erum við að búa okkur undir að sofa vel á næturnar og vera meira vakandi á daginn.

NIÐURSTAÐA Þar sem melatónín er lyfseðilsskytt skal ekki gefa barni melatónín nema í samráði við lækni.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á heilsanokkar@frettabladid.is.



25%

Higher Nature
Bætiefni fyrir fólk sem gerir kröfur.
Öll línan á 25% afslætti.



25%

Optibac
Hágæða góðgerlar með einstaka virkni fyrir þig og alla fjölskylduna.
Öll línan á 25% afslætti.

GEGGJUÐ TILBOÐ Í HEILSUHÚSINU

TILBOÐIN GILDA TIL 10. SEPTEMBER



25%

Solaray - mikið úrval!
Finndu þinn sólargeisla frá Solaray í Heilsuhúsinu.
Öll línan á 25% afslætti.



25%

Hámárkaðu þinn árangur með Terranova
Verðlaunabætiefni fyrir þá sem setja hreinleika, gæði og virkni í fyrsta sæti. Hentar fyrir vegan.
Öll línan á 25% afslætti.

25%



Animal Parade
Fjölbreytt bætiefnalína fyrir krakkana. Kynntu þér úrvalið.
Öll línan á 25% afslætti.



25%

Guli miðinn
Bætiefni fyrir alla fjölskylduna á frábæru verði - Guli miðinn fyrir okkur.
Öll línan á 25% afslætti.

SKOÐAÐU
RAFÆNA ÚTGÁFU
HEILSUFRÉTTA Á
WWW.HEILSUHUSID.IS



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI



Heilsuhúsið
1979

Tískuáhuginn alltaf verið til staðar

Bergur Guðnason

fatahönnuður skráði sig í Listaháskólann með áhugann einan að vopni en hann hafði þá ekki snert saumavél. Hann var svo einn af þremur útskriftarnemum sem valdir voru til að sýna í Designer's Nest keppninni í Danmörku.

Stefán Þór Hjartarson

stefanthor@frettabladid.is



Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tísku og fötum. Þegar ég var lítill í Englandi, þar sem ég fæddist og ólst upp, þá var ég alltaf að spá í af hverju þessi flik væri svona en ekki hins-egin og var kominn með skoðanir á hvernig þær gætu verið betri – ég vissi hvernig ég vildi klæðast og hvernig fötin ættu að líta út. Þannig að ég var strax í æsku kominn með löngun til að fara í þetta, svona innst inni,“ segir Bergur Guðnason fatahönnuður. Hann var einn af þremur í sínum útskriftarárgangi úr fatahönnun í Listaháskóla Íslands sem voru valdir til að sýna í Designer's Nest, hönnunarkerppni sem haldin er í Danmörku, og gerði hann það nú í byrjun ágúst.

„Ertu nokkuð hommi?“

Bergur er sonur Guðna Bergssonar, fyrrverandi atvinnumanns í fótbolta, svo að það liggur auðvitað beinast við að spyrja hvort að það hafi ekki verið mikil pressa



Bergur segist stundum fá spurninguna hvort hann sé ekki hommi fyrst hann hafi farið í fatahönnun.

HVATNINGARVERÐLAUN JAFNRÉTTISMÁLA 2017 ÓSKUM EFTIR TILNEFNINGUM

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, landsnefnd UN Women á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð óska eftir tilnefningum til **Hvatningarverðlauna jafnréttismála 2017** sem verða afhent þann 26. september næstkomandi. Verðlaunin afhendir Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunar.

Markmið með **Hvatningarverðlaunum jafnréttismála** er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem hafa stuðlað að jafnrétti á markvissan hátt innan sinna fyrirtækja og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama.

LEITAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM FYRIRTÆKJA ÞAR SEM ÁHERSLA ER LÖGÐ Á EFTIRFARANDI ÞÆTTI Í STARFSEMI ÞEIRRA:

- Tekið er mið af jafnréttismálum í allri stefnumótun fyrirtækisins
- Jafnrétti kynjanna er í hávegum haft í innri og ytri samskiptum fyrirtækisins
- Jöfn hlutföll kynjanna í stjórn, stjórnendastöður og aðrar almennar stöður
- Auknum möguleikum beggja kynja til starfsframa
- Jöfnum launum kynjanna
- Aukinni vitund um þann ávinning sem jafnrétti hefur fyrir fyrirtækið og samfélagið

SÉRSTAKLEGA ER LEITAÐ AÐ FYRIRTÆKJUM SEM UPPFYLLA EFTIRFARANDI SKILYRÐI:

- Stefna fyrirtækis í jafnréttismálum hefur skýran tilgang og markmið
- Jafnrétti hefur fest rætur og sýnt er fram á varanleika
- Vakin er athygli á rekstrarlegum ávinningi af jafnrétti
- Jafnréttissýnin er hvetjandi fyrir önnur fyrirtæki
- Sýnt er frumkvæði og nýsköpun sem stuðlar að auknu jafnrétti kynjanna

Frestur til að senda inn tilnefningar er til **19. september**. Tilnefningar skulu sendast með því að fylla út eyðublað á unwomen.is

á honum á yngri árum að fara í atvinnumennsku í knattspyrnu.

„Ég er búinn að vera í fótbolta alla mína tíð náttúrulega. Þegar ég flutti til Íslands 8 ára gamall þá fer ég strax í fótboltann með Víking og er þar upp alla yngri flokkana. Ég er alltaf meðal þeirra bestu en svo er ég alltaf að glíma við meisl og þarf að hætta í fótbolta þarna rétt áður en ég geng upp í meistaraflokk. Það var auðvitað mjög leiðinlegt.

Ég hef alltaf fundið fyrir pressu óbeint og er stundum spurður „hvernig gengur í boltanum?“ eða „ertu ekki í lögfræði?“ Ég hef nokkrum sinnum verið spurður, eftir að ég segist vera í fatahönnun, „ertu nokkuð hommi?“ Mér finnst það alltaf jafn fyndið. Og svara því að ég eigi kærustu. Ég hef einu sinni tekið upp á því að segja já bara til þess að sjá viðbrögðin. Sá varð vandræðalegur og labbaði í burtu.

Það hefur aldrei verið nein pressa frá pabba, hann hefur alltaf sagt mér að gera það sem ég vil og stutt mig í fatahönnuninni og er mjög stoltur af mér. En ég veit alveg hvað synir til dæmis Eids Smára eru að fara í gegnum.“

Fékk inn hjá JÖR

„Ég fór í hagfræði í MS, en vildi alltaf undir niðri fara í þetta nám. Það munaði samt litlu að ég skráði mig bara í viðskiptafræði eins og félagarnir. En ég fékk einhverja trú á mér þannig að ég fór og sótti um í Listaháskólanum og það gekk allt upp,“ segir Bergur en áður en hann skráði sig í Listaháskólann hafði hann enga praktíska þekkingu á fatahönnun né teikningu.

„Ég var það heppinn að ég fékk að vera hjá JÖR í þrjú mánuði sem lærlingur – yfirleitt þarf maður að vera byrjaður í náminu til að komast að í svoleiðis en ég kannadist við Gumma [Jörundsson] og pabbi líka. Við heyrðum aðeins í honum og hann leyfði mér að vera hjá sér. Ég



ÉG HELD AÐ ÉG HAFI VERIÐ SÁ EINI SEM HAFÐI ALDREI SNERT SAUMAVÉL ÞEGAR VIÐ BYRJUÐUM.

var nemi hjá Dainius sem var „studio manager“ þar en hann er mjög klár. Ég vissi ekki neitt þegar ég kom þangað inn, var alveg „blanco“ – kunni bara að teikna Óla Prik.

Það voru allir í bekknum mínum með einhvern grunn: búnir að vera í klæðskeranum eða fatahönnun í FB. Ég held að ég hafi verið sá eini sem hafði aldrei snert saumavél þegar við byrjuðum. Ég þurfti að byrja að teikna þarna – ég hafði ekkert

teiknað síðan ég var bara 4 eða 5 ára og hafði aldrei áhuga á teikningu – þarna var ég að byrja aftur að teikna 21 árs og þurfti því alveg að beita mig hörðu til að læra það allt. Þetta var alveg frekar erfitt á tímabili – ég féll í saumaáfangu og svona. En þetta gekk svo allt upp og ég endaði með að fá mjög góðar einkunnir.“

Undirskrift afa sem lógó

Á útskriftarsýningu sinni úr Listaháskólanum notaðist Bergur við síðustu undirskrift afa síns og alnafna, en hann var lögfræðingur, og notaði sem lógó í gegnum línuna. Sýningin gekk mjög vel og fór svo að Bergur var einn af þremur nemendum sem voru valdir til að sýna á Designer's Nest úti í Kaupmannahöfn í miðri tiskuvíku.



Bæjarstjórinn mundar fiðluna

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, er einn þriggja tónlistarmanna sem troða upp í Keflavíkurkirkju annað kvöld. Um er að ræða upphaf Ljósanætur 2017 og hafa svokallaðir Hjólbrutónleikar vakið gífullega lukku. Auk Kjartans koma fram þeir Elmar Þór Hauksson söngvari og Arnór Vilbergsson organisti.

Þetta er í þriðja skiptið sem þremmenningarnir taka sig saman. „Þetta hefur fest sig í sessi, enda húsfullir í þau skipti sem við höfum spilað.


Við erum búnir að setja lagalistann inn á Facebook og menn geta farið að undirbúa sig fyrir kvöldið,“ segir Kjartan Már en fyrirkomulag tónleikanna er dálítið óvenjulegt þar sem hópurinn hefur tekið saman 184 lög sem fara á lista og svo sjá gestir sjálfir um að velja með því að t.d. gala yfir hópinn.

„Í fyrra tókum við með okkur þaðvög og fengum tónleikagesti til að stiga á og sú tala sem upp kom ræð þá næsta lagi. Þetta var vinsælt, þó aðallega hjá körlunum. Annars voru

það fæðingarár og annað slíkt sem fengu að fljúga og vöktu lukku.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 annað kvöld og er aðgangseyrir 1.500 krónur. – gha

Kjartan mun halda uppi stuðinu á tónleikum í Keflavíkurkirkju.



25-40%
AFSLÁTTUR

1.-15.
SEPTEMBER

Char-Broil



TILBOÐ
Á GRILLUM

Char-Broil aukahlutir á 40% afslætti.

CHAR-BROIL
220B

Grillflötur 416x435 mm
Tveir brennarar

35.940 KR.

VERÐ ÁÐUR 59.900 KR.

40%

„Þetta er keppni en auðvitað snýst þetta líka um að vekja athygli og sýna utan landsteinanna. Þetta er allt annað krád. Þetta var sem sagt í tiskuvíkunni í Kaupmannahöfn svo að það var mjög skemmtilegt og góð reynsla. Ég fékk líka að opna sýninguna – sem er mikill heiður, ég var sá fyrsti af 30. Síðan þurfti að kynna línuna fyrir dómnefnd og það gekk allt mjög vel. Ég kom reyndar ekki heim með nein verðlaun...“ segir Bergur smá svekktur, „Ég er með þetta helvítis keppnissskap úr boltanum og svona, hugsa allt í medalíum og bikurum. En ég held að það hjálpi bara – að vera með svona „winning mentality“.“

Ætlar sér út

Bergur er harðákveðinn í að koma sér út og í stöðu hjá góðu tiskuhúsi erlendis. Sem hluta af náminu í Listaháskólanum fékk hann aðeins að kynna bransanum í Evrópu en hann og fleiri nemendur hjálpuðu til á tiskuvíkunni í París – þar sá hann hvernig málum er háttað bak við tjöldin á stórum sýningum og líkaði vel.

„Núna er ég að vinna úr mínum samböndum í London, París og aðeins í Bandaríkjunum. Það er mjög erfitt að komast inn erlendis, en það er það sem ég vil gera. Ég vil endilega fara út og læra meira, komast inn í einhver tiskuhús þar. Ég er í raun bara í tölvupóstsambandi alla daga við fólk sem ég þekki úti enda mjög erfitt að komast inn í þennan bransa án þess að hafa sambönd. Það eru þúsundir annarra að kynna möppurnar sínar fyrir öllum þessum fyrirtækjum. En það eru nokkrir hlutir sem eru í gangi hjá mér. Markmiðið er að fara út eftir jól og byrja að djöflast eitthvað og koma mér á framfæri – jafnvel bara byrja á botninum, ná í kaffi eða eitthvað. Ég er tilbúinn til þess því að þetta er það sem ég vil gera.“



25%

CHAR-BROIL
PERFORMANCE

Fjórir brennarar
790x470 mm

104.925 KR.

VERÐ ÁÐUR 139.900 KR.



30%

CHAR-BROIL
FERÐAGASGRILL

Grillflötur
440x280 mm

24.430 KR.

VERÐ ÁÐUR 34.900 KR.



25%

CHAR-BROIL
340B

Þrjú brennarar

54.675 KR.

VERÐ ÁÐUR 72.900 KR.

Nokkrir glaðlegustu Íslendingarnir

Fólk er eins misglaðlegt og það er margt, það er nú bara þannig. En þessir ellefu einstaklingar eiga það sameiginlegt að vera áberandi glaðlegir og brosmildir.



Sólmundur Hólm, grínisti og útvarpsmaður. Alltaf hress og kátur enda vinnur hann við að koma fólki til að hlæja.



Friðrika Hjördís Geirsdóttir fjölmiðlakona. Hún er með eitt skærasta brosið.



Marta María Jónasdóttir blaðamaður. Það er alltaf eins og Marta hafi verið að vinna í lottói, hún er síkát.



Jón Jónsson tónlistarmaður. Þessi drengur virðist alltaf vera í góðu skapi.



Helga Braga Jónsdóttir leikkona. Alltaf kát og smitar gleðinni frá sér hvert sem hún fer.



Ari Eldjárn grínisti. Hefur einhver séð Ara í fýlu? Nei, einmitt það.



Dorrit Moussaieff, fyrrverandi forsetafrú Íslands. Dorrit slær öll met í hressleika.



Gísli Marteinn Baldursson sjónvarpsmaður. Það er ekki hægt að saka Gísla um að taka lífið of alvarlega.



Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, sjónvarps- og leikkona. Ragnhildur hefur ekkert verið að spara brosið í gegnum árin.

Gítarnámskeið

Skráning er hafin

Einkatímar
40 mín. tímar 1x í viku | 12 vikur

Fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna á öllum aldri.

Skráning í síma 581 1281
gitaraskoli@gitaraskoli.is

www.gitaraskoli.is

GIS
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

Orðbragðið brýtur í bága við reglur Facebook

Gamanmyndahátið Flateyrar fer fram um helgina, dagana 31. ágúst til 3. september en brösuglega hefur gengið að auglýsa hátiðina. „Ég ætlaði að kaupa auglýsingu á Facebook fyrir hátiðina en svo fæ ég skilaboð um að Facebook vilji ekki samþykka hana,“ segir Eyþór Jónsson, einn skipuleggjenda Gamanmyndahátíðar Flateyrar. „Auglýsingin brýtur í bága við reglurnar þeirra. Í fyrstu gat ég með engu móti áttað mig á því hvernig væri verið að brjóta reglur svo ég sendi þeim póst. Ég fékk þá svör um að orðbragðið í auglýsingunni væri ekki hægt að birta

á Facebook,“ segir Eyþór og tekur orðið „shit“ sem dæmi en ein kvikmyndin sem sýnd er á hátiðinni heitir Slavek the Shit. Eyþór gerði tilraun til að tjónka við starfsfólk Facebook. „Þrátt fyrir nokkra tölvupósta fram og til baka féllst Facebook ekki á að leyfa auglýsinguna og þar við situr.

Þess má geta að á hátiðinni er lögð áhersla á íslenskar gamanmyndir, alls verða sýndar þar 23 íslenskar myndir í ár. Hátiðin fer að mestu fram í gömlum bræðslutanki sem stendur á Flateyri. „Það er væntanlega eina kringlötta kvikmyndahús heims,“ segir Eyþór. – gha



Stilla úr kvikmyndinni Slavek the Shit eftir Grím Hákonarson.

Völuteigi 19 - Mosfellsbæ - Sími 660 0039

RISA LAGERSPRENGJA

Opið virka daga 12-18:30
Laugard. 12-16
Sunnud. 13-16



HEFST FÖSTUDAGINN 1. SEPTEMBER

20-70%



MIKIÐ ÚRVAL AF DÝNUM
Þór heilsudýna m/PU leðurbotni
og fótum 120x200 cm

Verð áður kr. 134.900.-
Verð nú aðeins kr. 108.375.-

65% af eldri sendingu af Life sængum
140x200 cm Verð áður kr. 19.900.-
Verð nú aðeins kr. 6.965.-

af skiptidýnum,
sýnishornum,
útlitsgölluðum dýnum,
stillanlegum, rúmum,
hvíldarsófum og
hvíldarstólum,
rúmteppum,
lökum o.fl.



**Ótrúlegt
verð**

Gömlu og góðu
Jersey bomullarlökin
80 cm beige kr. 3000.-
Queen stærð,
153 cm hvít kr. 4000.-

Frábær tilboð í
verslun meðan
á lagersölu standur

20% af sængurverasettum - 80 teg.
20% af hlífðardýnum og lökum
10% af Hefel



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

12 mán.
vaxtalausar
greiðslur*

Svefn & heilsa



Fimm stjörnu verslun

Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0039

*3.5% lántökugjald



Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA UM FJÖL- SKYLDUNA

Við framleiðum íslenskt efni fyrir þig.
Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega
skemmtilegra með **Stöð 2**.



MARGFALT SKEMMTILEGRA

365.is

365



Katarína Tordis og Óskar Bragi stigu út fyrir þægindarmann og tóku þátt í vinsælum þýskum raunveruleikabætti.

Spreðuðu **500** evrum í þýskum raunveruleikabætti

Parið **Óskar Bragi Guðmundsson** og **Katarína Tordis** tóku nýverið þátt í vinsælum þýskum sjónvarpsþætti sem heitir Shopping Queen og snýst um að kaupa fatnað eftir ákveðnu þema. Óskar var í hlutverki aðstoðarmanns í þættinum sem olli honum smá stressi að eigin sögn.

Fimm konur taka þátt í hverri þáttaröð og hver og ein fær að taka með sér aðstoðarmanneskju. Í hverri þáttaröð er svo eitt þema sem þátttakendur eiga að vinna með og versla eftir. Svo safnar hvert og eitt lið stigum," segir verkfræðingurinn Óskar Bragi Guðmundsson spurður

um hvað raunveruleikabátturinn Shopping Queen snýst. Óskar var í hlutverki aðstoðarmanns fyrir kærustu sína, Katarínu Tordisi bloggara og doktorsnema, í þættinum og hann segir þau hafa fengið erfitt þema til að vinna með. Hann má þó ekki ljóstra upp hvert þemað er strax.

„Þetta var mjög krefjandi þema sem okkur var úthlutað. Hver og einn keppandi fær 500 evrum og fjórar klukkustundir til að versla. Okkur eru sett ákveðin skilyrði og tíminn er naumur. Í lok dags er svo tiskusýning þar sem hver og einn þátttakandi sýnir afraksturinn og þá gefa hinir þátttakendurnir stig og gagnrýni," útskýrir Óskar.

Í lokabætti seríunnar kemur þýski hönnuðurinn Guido Maria Kretschmer og gefur einkunn. Aðspurður hvernig honum og Katarínu hafi gengið segir Óskar: „Ég má ekki segja of mikið en ég get sagt að þetta var mjög gaman og okkur gekk nokkuð vel.“

Milljónir áhorfenda

Óskar og Katarína höfðu ekki reynslu af því að koma fram í sjónvarpi. „Þetta var áhugavert því við höfum aldrei gert neitt þessu líkt áður. En þetta var líka erfitt fyrir mig því ég er kannski ekkert rosalega góður í þýsku. En ég náði að bjarga mér nokkuð vel. Og það var auðveldara að vera fyrir framan sjónvarpsmynda vélar en ég hélt, maður var samt stressaður áður en

**MANNI LEIÐ
BARA EINS OG
SELEBI. ÞAÐ VAR
SVOLÍTÍÐ SPES SKO.**

tökur hófust. En um leið og mynda vélarinnar byrjuðu að rúlla þá var allt í lagi.“

„Ég veit það nú ekki alveg," segir Óskar og hlær þegar hann er spurður hvort hann búist við frægð og frama í Þýskalandi þegar þættirnir verða sýndir. „En þetta er nokkuð stór þáttur úti og það eru einhverjar milljónir sem fylgjast með honum.“

Óskar tók vel eftir hversu vinsæll þátturinn er á meðan á tókum stóð. „Við ferðudumst á svokölluðum „shoppingmobil“ á meðan á tókum stóð og margt fólk stoppaði og tók myndir af okkur og bilnum. Svo vorum við með öryggisvörð með okkur á meðan við vorum að versla og hann átti að koma í veg fyrir að fólk væri að taka myndir. Það á nefnilega að ríkja mikil leynd yfir þema þáttaradarnnar," útskýrir Óskar.

„Manni leið bara eins og selebi“. Það var svolítíð spes sko," segir hann og hlær.

Þess má geta að þáttaröðin fer í sýningu þann 18. september og er sýndur á sjónvarpsstöðinni Vox. „Svo er líka hægt að horfa á þættina á vefsíðu stöðvarinnar. Þátturinn sem sýnir okkur versla er sýndur 22. september.“ gudnyhronn@365.is

ÚTSÖLULOK

SUNNUDAGINN
3. SEPTEMBER

20-50% AFSLÁTTUR

af vönduðum útivistarfatnaði – einnig 25%
afsláttur af nýjum vörum í eftirtöldum verslunum ...



LAUGAVEGUR 91 REYKJAVÍK



FÁKAFEN 9 REYKJAVÍK



MIÐHRAUN 4 GARDABÆ



HAFNARSTRÆTI 106 AKUREYRI

... og verslun okkar í Vestmannaeyjum



20%
kr. 10.392.-

Mitt BJARKE & BIRGIT
Dúnúpa með/án hettu
Rétt verð kr. 12.990



ASOLO SHIVER
Gönguferðir og
dagleg not.
Rétt verð kr. 19.990

40%
kr. 11.994.-

Að auki eru valdar típur á 40% afslætti



www.icewear.is



BAKÞANKAR

Benedikts Bóasar Hinrikssonar



Afsakið, Eyþór

Eftir að hafa fylgt stelpunum mínum í skólann ákvað ég að nýta að Norðlingaholt væri hrikalega hátt uppi en Skafthlíð langt niðri þannig að það væri ekkert mál að hjóla í vinnuna. Mögulega væri þetta nefnilega fallegasta hjólaleið landsins.

Við Árbæjarlaug stoppaði ég smá. Í sama mund kom gamli nágranni minn, hann Addi, á fullu fram hjá mér. Addi er mikill hjólagarpur og á flott hjól og spandexið hans er ekki keypt á Ali Express. Ég vissi að hann þekkti leiðina og ákvað því að kalla á eftir honum. „Addi. Hinkraðu í eina.“ Addi var ekkert á því að hægja á sér heldur gaf bara í. Áfram kallaði ég á hann og hann sneri oft hausnum við til að kíkja á mig en hjólaði samt áfram.

Það er nánast vonlaust að elta fólk á alvöru hjóli. Ég er á alveg finasta fák en það er ekkert ofurhjul. Þannig að ég setti hausinn undir mig og gaf líka í.

Þegar við náguðumst stífluna við enda Elliðaárdalsins beygði Addi svo upp en ekki niður. Það fannst mér skrytinn ákvörðun en þarna fór vanur maður. Þá hægði hann á sér og ég sá mér leik á borði og gaf í. „ARNGRÍMUR, HVAÐA LEIÐ ERT ÞÚ EIGINLEGA AÐ FARA?“ óskraði ég alveg gjörsamlega búinn á því. Addi virti mig varla viðlits og sagðist vera að fara í vinnuna. „Nú?“ segi ég undrandi.

„Ha!“ svarar Addi og hljómaði ævintýralega hissa. Ég saup á vatninu, náði að átta mig á aðstæðum og leit upp. Sá þá að þetta var alls ekkert Addi. Þetta var einhver maður sem heitir Eyþór og var, að mér sýndist, skithræddur við mig enda hafði ég elt hann uppi og óskrað: „Addi, ADDI, HÆGÐU Á ÞÉR MAÐUR,“ á eftir honum.

Elsku Eyþór minn sem ég þekki ekki. Ég biðst afsökunar.



Hummus með Dukkah kryddi

★ GERIR KRAFTAVERK ★

— FYRIR DAGLEGT BRAUÐ —

Nú fæst Hummus einnig með þessari mögnuðu austurlensku blöndu af kryddi og muldum hnetum.

Einstaklega gott með nýju brauði, kexi og grænmeti, til dæmis uppáhalds salatinu þínu.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

KRONAN

Vááá... glæný jarðarber beint frá Kaliforníu

Ódýrt

499 kr. pk.

Jarðarber, Driscolls, 454 g, USA

